

Mat á störfum Velferðarvaktarinnar

Mars 2015





Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Velferðarráðuneytið
Markmið rannsóknar	Að meta störf Velferðarvaktarinnar
Dagsetning skýrsluskila	15. mars 2015
Ábyrgðaraðili	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	<p>Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands:</p> <p>Ásdís A. Arnalds Vala Jónsdóttir Anna Soffía Víkingsdóttir Hugrún Björnsdóttir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir</p> <p>Ráðgefandi hópur sérfræðinga:</p> <p>Lára Björnsdóttir Ingibjörg Broddadóttir Guðný Björk Eydal</p>
Höfundar skýrslu	Ásdís A. Arnalds Vala Jónsdóttir Heiður Hrund Jónsdóttir Anna Soffía Víkingsdóttir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

EFNISYFIRLIT

Ávarp ráðherra	7
Velferðarvaktin, árangursríkt nýsköpunarverkefni	7
Samantekt	8
Inngangur	11
<i>Norræn velferðarvakt og viðbrögð við vá</i>	11
<i>Kreppur og velferð – lærdómur fyrir framtíðina</i>	11
<i>Norrænir velferðarvísar</i>	12
Markmið matsrannsóknar	12
Aðferðir	14
Spurningakannanir	14
a) <i>Könnun meðal fulltrúa í vinnuhópum Velferðarvaktarinnar</i>	15
Tafla 1. Framkvæmd könnunarinnar meðal fulltrúa í vinnuhópum Velferðarvaktarinnar	15
Tafla 2. Bakgrunnur svarenda í könnun meðal fulltrúa í vinnuhópum	15
Tafla 3. Skipting þátttakenda eftir vinnuhópum	16
b) <i>Könnun meðal samstarfsaðila Velferðarvaktarinnar</i>	16
Mynd 1. Samstarfsaðilar Velferðarvaktarinnar	16
Tafla 4. Framkvæmd könnunarinnar meðal samstarfsaðila Velferðarvaktarinnar	17
Tafla 5. Bakgrunnur svarenda í könnun meðal samstarfsaðila Velferðarvaktarinnar	18
c) <i>Könnun meðal almennings (netpanell Félagsvísindastofnunar)</i>	18
Tafla 6. Framkvæmd könnunarinnar	18
Tafla 7. Bakgrunnur þátttakenda í könnun meðal almennings ásamt samanburði á dreifingu svara eftir kyni, aldri, búsetu og menntun svarenda og í þýði	19
<i>Úrvinnsla megindlegra gagna</i>	19
Einstaklingsviðtöl, rýnihópaviðtöl og innihaldsgreining	21
<i>Eigindleg viðtöl við ráðherra og fólk úr stýrihópi Velferðarvaktarinnar</i>	21
<i>Rýnihópar meðal fólks úr vinnuhópum Velferðarvaktarinnar</i>	22
<i>Innihaldsgreining</i>	22
Niðurstöður	24
Stofnun Velferðarvaktarinnar	24
Uppbygging og skipulag Velferðarvaktarinnar	26
<i>Ráðherrar Velferðarvaktinnar</i>	26
<i>Stýrihópur Velferðarvaktarinnar</i>	28
<i>Vinnuhópar Velferðarvaktarinnar</i>	29
Hlutverk og tilgangur Velferðarvaktarinnar	31
<i>Hlutverk vaktarinnar sem greiningaraðili og álitsgjafi</i>	31
Tafla 8. Hversu vel eða illa fannst þér hafa tekist að ná því markmiði Velferðarvaktarinnar að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins fyrir fjölskyldur og heimilin í landinu?	31
Tafla 9. Hversu vel eða illa fannst þér hafa tekist að ná því markmiði Velferðarvaktarinnar að leggja fram tillögur til úrbóta?	33
<i>Hlutverk vaktarinnar í upplýsingamiðlun</i>	34
Tafla 10. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? Störf Velferðarvaktarinnar voru vel kynnt í íslensku samfélagi	35
<i>Hlutverk vaktarinnar sem óháðs hóps</i>	35

<i>Markmið vinnuhópa</i>	37
Tafla 11. Var hlutverk vinnuhópsins vel skilgreint?	38
Tafla 12. Hver voru markmið vinnuhópsins?	39
Tafla 13. Þegar á heildina er litið, hversu vel eða illa fannst þér ganga að ná þeim markmiðum sem vinnuhópurinn setti sér?	40
Tafla 14. Hvers vegna gekk illa að ná þeim markmiðum sem vinnuhópurinn setti sér?	40
Verkefni Velferðarvaktarinnar	41
<i>Ályktanir, tilmæli og áskoranir</i>	42
Tafla 15. Ályktanir, tilmæli og áskoranir Velferðarvaktarinnar	42
<i>Áfangaskýrslur</i>	43
<i>Úttektir</i>	45
<i>Framkvæmdarverkefni</i>	47
<i>Styrkveitingar</i>	49
<i>Kynningar og upplýsingagjöf</i>	50
Tafla 16. Málþing á vegum Velferðarvaktarinnar	51
Mynd 2. Hefur þú heyrt um Velferðarvaktina? – Samanburður á svörum samstarfsaðila og almennings	52
Mynd 3. Hversu vel eða illa þekkir þú störf Velferðarvaktarinnar? – Samanburður á svörum samstarfsaðila og almennings.....	53
Vinnulag og stjórnun í stýrihópi	54
<i>Fundir stýrihóps</i>	54
<i>Lýðræðisleg vinnubrögð</i>	55
<i>Stjórnun</i>	56
Vinnulag og stjórnun í vinnuhópum	57
<i>Vinnuframlag</i>	57
Mynd 4. Að hve miklu eða litlu leyti fólst hlutverk þitt í vinnuhópnum í...?	57
Tafla 17. Hefðir þú viljað að fundað hefði verið oftari eða sjaldnar í vinnuhópnum?	58
<i>Verkaskipting og skipulag</i>	59
Tafla 18. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með það hvernig þið skiptuð með ykkur verkum innan vinnuhópsins?	59
Tafla 19. Var skýrt til hvers var ætlast af þér í vinnuhópnum?	60
Tafla 20. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með það hvernig starf vinnuhópsins var skipulagt?	61
Tafla 21. Þegar þú hugsar um skipulag og verklag vinnuhópsins, var eitthvað sem þú hefðir viljað hafa öðruvísi?	62
Tafla 22. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með störf vinnuhópsins?	63
<i>Forgangsröðun verkefna</i>	63
Tafla 23. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með forgangsröðun verkefna innan vinnuhópsins?	64
<i>Lýðræðisleg vinnubrögð</i>	64
<i>Stjórnun</i>	65
Tafla 24. Var hlutverk formanns vinnuhópsins skýrt?	65
Mynd 5. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með samskipti við formann vinnuhópsins? – Tíðni	66
Tafla 25. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með samskipti við formann vinnuhópsins?	66
Samskipti og upplýsingamiðlun innan Velferðarvaktarinnar	67
<i>Samskipti í stýrihópi</i>	67
<i>Samskipti í vinnuhópum</i>	68
Mynd 6. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með samskipti við aðra í vinnuhópnum? - Tíðni	68
Tafla 26. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með samskipti við aðra í vinnuhópnum?	69
Tafla 27. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með upplýsingamiðlun innan vinnuhópsins?	70

<i>Samskipti vinnuhópa og stýrihóps</i>	70
Tafla 28. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með upplýsingamiðlun milli stýrihóps og vinnuhópsins?	71
Tafla 29. Hversu vel eða illa þekktir þú til starfa stýrihóps Velferðarvaktarinnar?	72
<i>Tillögur frá vinnuhópum Velferðarvaktarinnar</i>	73
Tafla 30. Tillögur vinnuhóps um börn og barnafjölskyldur	74
Tafla 31. Tillögur vinnuhóps um þá sem standa höllum fæti og stóðu höllum fæti fyrir kreppu	76
Tafla 32. Tillögur vinnuhóps um kreppuna og heilsufar/lyðheilsuhóps	77
Tafla 33. Tillögur vinnuhóps um ungmenni og ungt fólk	78
Tafla 34. Tillögur vinnuhóps um fólk án atvinnu	79
Tafla 35. Tillögur vinnuhóps um fjárhagsvanda heimilanna	81
Tafla 36. Tillögur sameinaðs hóps um fólk án atvinnu og ungt fólk	82
Mynd 7. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) varst þú við það hvaða tillögur úr vinnhópnum voru valdar áfram af stýrihópi Velferðarvaktarinnar? - Tíðni	83
Tafla 37. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) varst þú við það hvaða tillögur úr vinnhópnum voru valdar áfram af stýrihóp Velferðarvaktarinnar?	84
<i>Tillögur stýrihóps til stjórnvalda og afdrif þeirra</i>	85
<i>Tillögur stýrihóps sem byggðu á störfum vinnuhópa</i>	85
Mynd 8. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013 sem sneru að málefnum vinnuhóps um börn og barnafjölskyldur og afdrif þeirra	87
Mynd 9. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013 sem sneru að málefnum vinnuhóps um þá sem standa höllum fæti/stóðu höllum fæti fyrir kreppu	89
Mynd 10. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013 sem sneru að málefnum vinnuhóps um kreppu og heilsufar	90
Mynd 11. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013 sem sneru að málefnum vinnuhóps um ungmenni og ungt fólk	91
Mynd 12. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013 sem sneru að málefnum vinnuhóps um fólk án atvinnu og afdrif þeirra	93
Mynd 13. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013 sem sneru að málefnum vinnuhóps um fjárhagsvanda heimilanna	95
Mynd 14. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013 sem sneru að málefnum sameinaðra vinnuhópa um fólk án atvinnu og ungt fólk	96
<i>Tillögur frá stýrihópi Velferðarvaktarinnar</i>	96
Mynd 15. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013	99
<i>Viðhorf fólks til aðgerða stjórnvalda</i>	101
Mynd 16. Viðhorf samstarfsaðila og almennings til þess hvort stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á ýmsar aðgerðir í velferðarmálum. Meðaltalskvarði frá 1-5 þar sem 1 táknar mjög litla eða enga áherslu og 5 táknar mjög mikla áherslu	101
<i>Annar árangur af störfum Velferðarvaktarinnar</i>	102
Tafla 38. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? - Ég upplýsti samstarfsfólk mitt um störf vinnuhópsins	103
Tafla 39. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? - Ég tók eftir afrakstri vinnuhópanna í starfsumhverfi mínu	104
Tafla 40. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? - Skýrslur vinnuhópsins voru nýttar í mínu faglega umhverfi	105
Tafla 41. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? - Afrakstur vinnuhópanna skilaði sér í störfum mínum á öðrum vettvangi	106
<i>Mikilvægi Velferðarvaktarinnar</i>	107
<i>Mikilvægi Velferðarvaktarinnar fyrir stjórnvöld á Íslandi</i>	107
<i>Mikilvægi Velferðarvaktarinnar fyrir fulltrúa hennar</i>	108
Tafla 42. Hversu sammála eða ósammála ert þú því að þátttaka þín í vinnuhópnum hafi styrkt faglegt tengslanet þitt?	108
Tafla 43. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? – Framlag mitt skipti máli í vinnuhópnum	109
Tafla 44. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? – Ég er stolt(ur) af því að hafa tekið þátt í störfum vinnuhópsins	110

<i>Mikilvægi Velferðarvaktarinnar fyrir almenning á Íslandi</i>	110
Mynd 17. Finnst þér Velferðarvaktin hafa skipt miklu eða litlu máli fyrir íslenskt samfélag fyrstu árin eftir efnahagshrun? – Samanburður á svörum samstarfsaðila og almennings	111
Tafla 45. Í hverju fólst mikilvægi Velferðarvaktarinnar fyrir íslenskt samfélag að þínu mati? – Svör samstarfsaðila	112
Tafla 46. Í hverju fólst mikilvægi Velferðarvaktarinnar fyrir íslenskt samfélag að þínu mati? – Svör almennings	113
Tafla 47. Hvers vegna finnst þér Velferðarvaktin hafa skipt litlu máli fyrir íslenskt samfélag? – Svör samstarfsaðila	114
Tafla 48. Hvers vegna finnst þér Velferðarvaktin hafa skipt litlu máli fyrir íslenskt samfélag? – Svör almennings	115
Lokaorð	116
<i>Stofnun Velferðarvaktarinnar</i>	116
<i>Hlutverk og markmið Velferðarvaktarinnar</i>	116
<i>Tillögur Velferðarvaktarinnar</i>	117
<i>Samskipti og samstarf</i>	118
<i>Vinnulag og afrakstur</i>	118
<i>Sýnileiki vaktarinnar</i>	119
<i>Mikilvægi Velferðarvaktarinnar</i>	120
<i>Horft til framtíðar</i>	120
Heimildir	122
Viðauki 1: Bakgrunnsgreining á svörum í könnun meðal samstarfsaðila	130
Tafla i. Hefur þú heyrt um Velferðarvaktina?	130
Tafla ii. Hversu vel eða illa þekkir þú störf Velferðarvaktarinnar?	130
Tafla iii. Finnst þér Velferðarvaktin hafa skipt miklu eða litlu máli fyrir íslenskt samfélag fyrstu árin eftir efnahagshrun?	131
Tafla iv. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að vinna bug á fátækt?	131
Tafla v. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að styðja við efnalitlar barnafjölskyldur?	132
Tafla vi. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að styðja við efnalítið fólk í húsnæðisvanda?	132
Tafla vii. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að draga úr lækniskostnaði sjúklunga sem glíma við alvarlega langvinna sjúkdóma?	133
Tafla viii. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að tryggja að öll börn fái hádegismat í grunnskólum landsins?	133
Tafla ix. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að tryggja geðheilbrigðisþjónustu við börn?	134
Tafla x. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að móta heildstæða stefnu í húsnæðismálum?	134
Tafla xi. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að greina fjárhagsstöðu heimila með heildstæðum hætti?	135
Tafla xii. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að tryggja öllum nemendum á framhaldsskólaaldri skólavist?	135
Tafla xiii. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að bjóða upp á sumarstörf fyrir ungt fólk?	136
Tafla xiv. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að efla starfsendurhæfingu fyrir fólk í atvinnuleit?	136
Tafla xv. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að fá foreldra til samstarfs við hagræðingu í skólastarfi?	137
Viðauki 2: Bakgrunnsgreining á svörum í könnun meðal almennings	138
Tafla i. Hefur þú heyrt um Velferðarvaktina?	138
Tafla ii. Hversu vel eða illa þekkir þú störf Velferðarvaktarinnar?	139
Tafla iii. Finnst þér Velferðarvaktin hafa skipt miklu eða litlu máli fyrir íslenskt samfélag fyrstu árin eftir efnahagshrun?	140

Tafla iv.	Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að vinna bug á fátækt?	141
Tafla v.	Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að styðja við efnalítlar barnafjölskyldur?	142
Tafla vi.	Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að styðja við efnalítið fólk í húsnæðisvanda?	143
Tafla vii.	Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að draga úr læknskostnaði sjúklunga sem glíma við alvarlega langvinna sjúkdóma?	144
Tafla viii.	Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að tryggja að öll börn fái hádegismat í grunnskólum landsins?	145
Tafla ix.	Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að tryggja geðheilbrigðisþjónustu við börn?	146
Tafla x.	Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að móta heildstæða stefnu í húsnæðismálum?	147
Tafla xi.	Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að greina fjárhagsstöðu heimila með heildstæðum hætti?	148
Tafla xii.	Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að tryggja öllum nemendum á framhaldsskólaaldri skólavist?.....	149
Tafla xiii.	Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að bjóða upp á sumarstörf fyrir ungt fólk?	150
Tafla xiv.	Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að efla starfsendurhæfingu fyrir fólk í atvinnuleit?	151
Tafla xv.	Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að fá foreldra til samstarfs við hagræðingu í skólastarfi?	152

ÁVARP RÁÐHERRA

Velferðarvaktin, árangursríkt nýsköpunarverkefni

Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 stóðu Íslendingar frammi fyrir nýrri stöðu. Í kjölfarið, í febrúar 2009, var ákveðið að koma Velferðarvaktinni á fót. Henni var ætlað að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins á fjölskyldur og heimili í landinu, meta aðgerðir sem gripið hefur verið til og leggja fram tillögur til úrbóta og fylgja þeim eftir gagnvart stjórnvöldum. Í Velferðarvaktinni hafa átt sæti fulltrúar fjölmargra hagsmunasamtaka, aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélaga, ríkisstofnana og ráðuneyta, allt aðilar sem á einhvern hátt tengjast velferðarþjónustu og vinnu að velferðarmálum. Velferðarvaktin hefur sannað gildi sitt. Hún hefur gegnt mikilvægu hlutverki og stuðlað að úrbótum í þágu ýmissa hópa í samfélaginu sem þurftu á stuðningi að halda. Hún hefur einnig verið mikilvægur umræðuvettvangur um málefni þeirra sem höllum fæti standa. Enn er þó mikilvægt að fylgjast með þróun mála og fá tillögur um úrbætur.

Brýnt er að efla velferð á Norðurlöndunum til framtíðar. Því var ákveðið að eitt af formennskuverkefnum Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2014 yrði Norræna velferðarvaktin 2014-2016. Verkefnið er þriggja ára rannsóknarverkefni sem miðar að því að styrkja og stuðla að sjálfbærni norrænu velferðarkerfanna, með því að efla rannsóknir og auka samvinnu og miðlun reynslu og þekkingar á milli Norðurlandanna. Markmið verkefnisins eru að finna leiðir til að mæla og fylgjast með velferð borgaranna, rannsaka áhrif fjármálaþrenginga og tengdra afleiðinga á norrænu velferðarkerfin og stuðla að upplýstri stefnumótun í velferðarmálum. Á kynningarfundum þar sem fulltrúar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands kynntu drög að matskýrslu um Velferðarvaktina árin 2009-2014, sem er hluti norræna verkefnisins, kom vel fram hve vaktin hefur unnið gott verk. Velferðarvaktin á hrós skilið fyrir þá vinnu.

Velferðarvaktin á sér enga beina fyrirmynd erlendis og er því öflugt og árangursríkt nýsköpunarverkefni sem við Íslendingar getum verið stoltir af. Það er bjargföst trú mín að dómur sögunnar verði sá að bæði íslenska Velferðarvaktin og hin norræna hafi þegar upp er staðið eftir velferð á Norðurlöndunum og gert löndin betur í stakk búin til að takast á við óvænt áföll.

Eygló Harðardóttir

SAMANTEKT

Efnahagshrunið haustið 2008 skapaði nýjar aðstæður í íslensku þjóðfélagi. Fjöldi fólks missti atvinnu og mikill samdráttur varð í íslensku efnahagslífi. Viðbrögð stjórnvalda við efnahagshruninu fólust meðal annars í því að stofna Velferðarvakt, sem starfaði frá ársbyrjun 2009 til desember 2013. Í þessari matsskýrslu er gerð grein fyrir skipulagi, starfi og afdrifum tillagna sem lagðar voru fram á starfsárum þessarar fyrstu Velferðarvaktar.

Störf Velferðarvaktarinnar voru metin með viðtölum, spurningakönnunum og innihaldsgreiningu. Gagnaöflun fór fram haustið 2014. Einstaklingsviðtöl voru tekin við formann og starfsmann vaktarinnar og þrjá aðra fulltrúa úr stýrihópi. Tekin voru einstaklingsviðtöl við þá ráðherra sem gegndu embætti á starfstíma Velferðarvaktarinnar. Umræður fóru fram í tveimur rýnihópum meðal fulltrúa vinnuhópa sem tóku þátt í störfum vaktarinnar. Þá voru störf vaktarinnar metin með þremur spurningakönnunum sem náðu til fulltrúa í vinnuhópum Velferðarvaktarinnar, til starfsfólks stofnana sem áttu fulltrúa í vaktinni og með könnun meðal almennings. Loks voru skýrslur, fundargerðir og annað efni sem tengdist Velferðarvaktinni innihaldsgreint í því skyni að fá upplýsingar um skipulag vaktarinnar og þær tillögur sem frá henni komu.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, kom vaktinni á fót og veitti henni umboð. Ráðherra ákvað að þáverandi skrifstofustjóri velferðarþjónustu, Lára Björnsdóttir, skyldi gegna formennsku í vaktinni og fól auk þess Ingibjörgu Broddadóttur að starfa með vaktinni, en hún var sérfræðingur á skrifstofu atvinnu- og jafnréttismála á þeim tíma. Framkvæmdastjóri Samiðnar, Þorbjörn Guðmundsson var einnig fenginn til starfa í vaktinni. Þessi hópur ákvað í sameiningu hverjir skyldu sitja í stýrihópi vaktarinnar.

Í stýrihópi vaktarinnar sátu fulltrúar frá ráðuneytunum, hagsmunasamtökum, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og frá ýmsum félagasamtökum. Í viðtölum við ráðherra og fólk úr stýrihópi vaktarinnar kom fram almenn ánægja með það hvernig tókst að mynda breiðan hóp af fólki sem bjó yfir ólíkri þekkingu og reynslu. Vinnuhópar voru stofnaðir í kringum þau verkefni sem stýrihópurinn taldi brýnt að skoða. Hverjum vinnuhópi var stýrt af formanni sem jafnframt sat í stýrihópi Velferðarvaktarinnar og þeir sáu um að kalla til fólk sem talið var búa yfir sérþekkingu á afmörkuðum sviðum hópanna. Verkefni hvers vinnuhóps var að leggja mat á afleiðingar efnahagshrunsins á þann hóp sem var til umræðu og setja fram tillögur til úrbóta sem gætu nýst stýrihópnum við skrif á áfangaskýrslum til stjórnvalda.

Þegar Velferðarvaktin var stofnuð var henni falið það hlutverk að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins á einstaklinga og fjölskyldur og gera tillögur til úrbóta. Í ráðherratið Guðbjarts Hannessonar var umboð vaktarinnar endurnýjað með nýju skipunarbréfi þar sem tekið var fram að stýrihópurinn hefði upplýsingaskyldu gagnvart stjórnvöldum jafnt sem almenningi og að henni bæri að vera óháð. Í könnun meðal fulltrúa í vinnuhópum Velferðarvaktarinnar var að finna spurningar um hvernig Velferðarvaktinni hafi gengið að sinna hlutverki sínu. Mikill meirihluti taldi vel hafa gengið að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins, en færri töldu vel hafa gengið að leggja fram tillögur

til úrbóta. Hlutverk Velferðarvaktarinnar var einnig til umræðu í viðtölum við ráðherra og fólk úr stýrihópi vaktarinnar, en þar var meðal annars rætt um hvaða skilning fólk legði í það að vaktinni bæri að vera óháð. Viðmælendur voru sammála um að vaktin hefði verið óháð að því leyti að hópurinn ákvað sjálfur hvaða málefni voru til umræðu og hvernig fjallað var um þau, en nokkrir töldu að starfshópur skipaður af stjórnvöldum gæti vart talist óháður.

Verkefni Velferðarvaktarinnar voru af ýmsum toga. Fundað var um stöðuna í íslensku samfélagi bæði í stýrihópi og vinnuhópum og einnig sendi stýrihópur Velferðarvaktarinnar frá sér ályktanir, tilmæli og áskoranir, skrifaði fimm áfangaskýrslur þar sem lagðar voru fram tillögur til stjórnvalda, lét gera úttektir og skipulagði fundi og málþing. Af þessum verkefnum beindust fjölmörg að börnum og barnafjölskyldum og ungu fólki. Viðmælendur úr stýrihópi voru sammála um að hvatningar til sveitarstjórna um að tryggja skólamáltíðir hafi verið með mikilvægustu tilmælum sem hópurinn sendi frá sér, til dæmis varð það algengt að boðið væri upp á hafragraut í upphafi skóladags. Þá þóttu áskoranir um að tryggja tannheilsu barna hafa skilað árangri.

Það var skilgreint hlutverk Velferðarvaktarinnar að vera greiningar- og álitsgjafi. Í tveimur tilvikum sá vaktin þó til þess að verkefnum yrði hrint í framkvæmd. Annað þeirra verkefna var að koma á fót félagsvísu sem að mati viðmælenda úr stýrihópi var eitt af mikilvægustu verkefnum vaktarinnar. Með félagsvísu er verið að birta safn tölulegra upplýsinga á einum stað, sem gera bæði almenningi og stjórnvöldum kleift að fylgjast með þróun og breytingum í samfélaginu og skoða stöðu ýmissa hópa í samanburði við önnur lönd. Stofnun Suðurnesjavaktarinnar var annað slíkt verkefni Velferðarvaktarinnar. Afrakstur Suðurnesjavaktarinnar var meðal annars að koma á samstarfi lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar í heimilisofbeldismálum.

Fundir stýrihóps Velferðarvaktarinnar voru nýttir til að ræða störf vinnuhópanna, til að upplýsa um þá starfsemi sem fram fór á vinnustöðum fulltrúa hópsins og til að fá kynningar og fræðslu frá fólki sem stóð utan við vaktina. Hlutverk formanns vaktarinnar var að kalla hópinn saman og halda utan um störf hans, en formaðurinn fól hópnum þó ekki sérstök verkefni þar sem fulltrúar í stýrihópi komust gjarnan sjálfir að niðurstöðu um hvaða málefni væri brýnt að skoða hverju sinni. Í viðtölum við fólk úr stýrihópi var rætt um hvernig fundir hópsins nýttust. Viðmælendum þótti mikilvægt hve vaktin fundaði ört, sér í lagi við upphaf efnahagskreppu þegar mörg mikilvæg málefni lágu fyrir. Það þótti þó koma fyrir að dagskrá fundanna væri of þétt og að fundir væru of langir. Bent var á að of langir fundir gætu komið niður á öðrum störfum fulltrúanna og komið í veg fyrir að efni sem fundargestir miðluðu nýttist sem skyldi. Mikil ánægja ríkti þó með störf formanns vaktarinnar sem þótti búa yfir mikilli þekkingu og reynslu.

Mat á störfum vaktarinnar fólst einnig í mati á vinnulagi og stjórnun í vinnuhópunum. Samkvæmt frásögnum viðmælenda var vinnulag svipað og það sem var viðhaft í stýrihópi. Formaður hélt utan um hópinn og sá til þess að kalla hann saman, en að öðru leyti var um að ræða teymisvinnu þar sem hópurinn ákvað í sameiningu hvaða efni væri vert að skoða. Í umræðum í rýnihópum kom fram að í einhverjum tilvikum hafi verkaskipting innan vinnuhópa verið óljós. Í könnun meðal þátttakenda vinnuhópa kom í ljós að 57% svarenda voru ánægð með það hvernig verkum var skipt innan hópsins en 13% voru óánægð.

Í viðtölum við fulltrúa úr stýrihópi kom fram að þó oft hafi verið tekist á um málefni, hafi hópnum gengið vel að vinna saman. Hvað samstarf innan vinnuhópa varðar þá kvaðst meirihluti (78%) þátttakenda í könnun meðal fulltrúa vinnuhópa vera ánægður með samskipti við aðra í hópnum. Þó var það mat viðmælenda úr vinnuhópum vaktarinnar að þörf hafi verið á meira samstarfi milli stýrihóps og vinnuhópa. Bæði þótti mikilvægt að efla tengsl milli vinnuhópa og stýrihóps til að þátttakendur í vinnuhópum vissu betur til hvers væri ætlast af hópunum og einnig var kallað eftir upplýsingum um hver væri afrakstur þeirrar vinnu sem fram fór í vinnuhópnum.

Innihaldsgreining á stöðuskýrslum vinnuhópa og áfangaskýrslum stýrihóps til stjórnvalda leiddi í ljós að stýrihópurinn nýtti störf vinnuhópanna til að leggja fram tillögur til úrbóta. Vinnuhóparnir settu fram flestar tillögur árið 2009, á upphafsári Velferðarvaktarinnar, og það ár beindi stýrihópurinn jafnframt flestum tillögum til stjórnvalda. Stýrihópurinn lagði áherslu á málefni fólks án atvinnu, að efla vinnumarkaðsúrræði, skuldamál heimilanna og menntamál svo eitthvað sé nefnt. Efni á heimasíðu Alþingis árin 2009-2013 var yfirfarið til að fá upplýsingar um afdrif tillagna frá stýrihópi til stjórnvalda. Ýmsar áætlanir og lög sem tóku gildi á fyrstu árum eftir efnahagshrun áttu margt skylt við tillögur Velferðarvaktarinnar. Í því sambandi má nefna ýmsar vinnumarkaðsaðgerðir fyrir ungt fólk sem ekki var tryggt innan atvinnuleysistryggingakerfisins og úrræði fyrir fólk í greiðsluvanda vegna húsnæðislána.

Viðmælendur töldu Velferðarvaktina hafa skipt máli fyrir velferð fólks á Íslandi við upphaf kreppu. Fólk sem stóð utan við vaktina var á sama máli, því kannanir meðal almennings og starfsfólks stofnana sem áttu fulltrúa í Velferðarvaktinni leiddu í ljós að helmingur þeirra sem höfðu heyrt um Velferðarvaktina töldu hana hafa skipt miklu máli fyrir íslenskt samfélag fyrstu árin eftir efnahagshrun. Mikilvægi Velferðarvaktarinnar fólst meðal annars í því að hún gaf út skýrslur með tillögum til úrbóta sem nýttust stjórnvöldum við að forgangsraða verkefnum. Einn viðmælandi benti á að ef til vill hafi vinna vaktarinnar orðið til þess að síður var skorið niður í velferðarmálum en á öðrum sviðum. Jafnframt var bent á að jafnvel þó að ekki hafi allar tillögur Velferðarvaktarinnar náð fram að ganga hafi hún haft óbein áhrif á velferð á Íslandi með því að vekja máls á málum sem krefðust úrlausnar. Aukin umræða leiddi síðan til þess að aðrir en stjórnvöld tóku mál upp á sína arma.

Fyrir tilstuðlan Velferðarvaktarinnar unnu ólíkar stofnanir og samtök saman að velferðarmálum og töldu fulltrúar vaktarinnar sig hafa lært mikið af því að taka þátt í þessu þverfaglega samstarfi. Viðmælendur voru sammála um að samvinna á breiðum grundvelli hafi skipt sköpum í vinnu við að bæta hag fólks í landinu. Mikill meirihluti fulltrúa vinnuhópa kvaðst vera stoltur af því að hafa tekið þátt í störfum vinnuhópa Velferðarvaktarinnar.

INNGANGUR

Velferðarráðuneytið fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að meta og kortleggja störf Velferðarvaktarinnar sem var sett á fót í kjölfar efnahagshruns árið 2009. Vaktin starfaði til loka ársins 2013, en ný vakt var skipuð í júní 2014. Markmið matsrannsóknarinnar var að leggja mat á skipulag, starf og afrakstur þeirrar vinnu sem fór fram í fyrri Velferðarvaktinni sem starfaði árin 2009-2013. Matsrannsóknin er liður í rannsóknarverkefninu *Norræna velferðarvaktin*, sem var hrint af stökkunum í tilefni af formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni.

Verkefnið miðar að því að styrkja og stuðla að sjálfbærni norrænu velferðarkerfanna, með því að efla rannsóknir og auka samvinnu og miðlun reynslu og þekkingar á milli Norðurlandanna. Mikilvægt er að velferðarkerfin séu í stakk búin til að takast á við breytingar og áskoranir. Íslendingar leggja áherslu á að nýta og miðla af eigin reynslu og reynslu hinna Norðurlandanna af fjármálakreppum. Þessi þekking verður notuð til að meta áhrif á velferð almennings og norrænu velferðarkerfin, auk áhrifa á ákveðna samfélagshópa. Þannig er hægt að meta hvar vel hefur tekist til og hvar frekari úrbóta er þörf. Einnig verður skoðað hvernig norrænu velferðarkerfin eru í stakk búin til að takast á við vá, hvort sem er af náttúru eða manna völdum og afleiðingar hennar. Rannsóknir sýna að þörf er á aukinni þekkingu á langtíma viðbrögðum á þessu sviði. Verkefnið verður unnið á tímabilinu 2014-2016 og skiptist í þrjú meginþætti (Utanríkisráðuneytið, e.d.). Matsrannsóknin sem fjallað er um í þessari skýrslu er liður í verkefninu *Norræn velferðarvakt og viðbrögð við vá*.

Norræn velferðarvakt og viðbrögð við vá

Í þessum verkþætti var gerð matsrannsókn á starfsemi Velferðarvaktarinnar sem fjallað verður um í þessari skýrslu. Viðbragðskerfi Norðurlanda verða kortlögð með áherslu á hlutverk velferðarkerfa og þá einkum félagsþjónustu. Þekking á mögulegum áskorunum sem norrænu velferðarkerfin gætu þurft að mæta í framtíðinni verður tekin saman með það fyrir augum að fyrirbyggja neikvæðar afleiðingar þeirra á velferð. Spurningunni um hvort ástæða sé til að setja á fót norræna velferðarvakt verður svarað. Niðurstöður rannsóknarinnar verða samþættar rannsóknaniðurstöðum annarra verkþátta og verður byggt á þeim niðurstöðum við mótun tillagna um norræna velferðarvakt (Utanríkisráðuneytið, e.d.). Verkefnið er unnið af norrænum fræðimönnum og sérfræðingum undir stjórn Guðnýjar Bjarkar Eydal, prófessors í félagsráðgjöf við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

Kreppur og velferð – lærdómur fyrir framtíðina

Skoðað verður hvaða aðgerðir sem gripið var til í kjölfar efnahagsþrenginga á Norðurlöndum skiluðu árangri, hvar hafi verið hægt að gera betur og hvaða afleiðingar hrunsins stafi af aðgerðarleysi stjórnvalda. Í þessu skyni verður þróaður opinn samhæfður gagnabanki um tölfræði og stefnuúrræði sem beitt hefur verið í einstökum löndum. Verður hann notaður til að gera samanburð milli landa og tímabila á þessum vettvangi. Gagnabankinn skapar mikinn efnivið fyrir greiningar á tengslum milli aðgerða stjórnvalda og árangurs við að komast út úr kreppu með sem minnstum afleiðingum fyrir velferð borgaranna (Utanríkisráðuneytið, e.d.). Verkefnið er unnið af

norrænum fræðimönnum undir stjórn Stefáns Ólafssonar professors í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.

Norrænir velferðarvísar

Þróaðir verða norrænir velferðarvísar. Lögð er áhersla á að finna eða þróa vísa sem eru lýsandi fyrir stöðu velferðar borgara á Norðurlöndum. Mikilvægt er að vísarnir gefi vísbendingar um mögulega neikvæða þróun fyrir almenning eða hópa, þannig að stjórnvöld geti gripið til mótvægisáðgerða sem fyrst. Norrænir velferðarvísar verða mikilvæg viðbót til að styrkja grundvöll stefnumótunar í velferðarmálum til framtíðar (Utanríkisráðuneytið, e.d.). Verkefnið er unnið af norrænum sérfræðingum og fræðimönnum undir stjórn Sigríðar Jónsdóttur í velferðarráðuneyti.

Markmið matsrannsókna

Velferðarvaktin var sett á laggirnar af hálfu stjórnvalda í febrúar árið 2009 og starfaði þar til í desember 2013. Í júní 2014 var skipuð ný vakt í stað þeirrar sem lauk störfum árið 2013, en í þessari skýrslu er fjallað um þá vakt sem stofnuð var árið 2009. Velferðarvaktinni var ætlað að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins fyrir heimilin í landinu og leggja fram tillögur og álit til stjórnvalda. Stofnaður var stýrihópur en í honum áttu sæti fulltrúar ráðuneyta, ríkisstofnana, sveitarfélaga, hagsmunasamtaka og fleiri aðila. Á mynd 1 á bls. 15 má sjá nöfn allra stofnana og samtaka sem áttu fulltrúa í stýrihópnum við lok starfstíma vaktarinnar. Á vegum stýrihópsins störfuðu margir vinnuhópar og tóku fulltrúar í stýrihópnum að sér formennsku í þeim. Velferðarvaktin lagði fram fimm áfangaskýrslur til félags- og tryggingamálaráðherra (síðar velferðarráðherra) og fjölmargar aðrar skýrslur sem eru aðgengilegar á heimasíðu vaktarinnar (<http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin>). Þar að auki vann Velferðarvaktin að ýmsum sérverkefnum, lét til dæmis vinna sjálfstæðar kannanir, koma á fót félagsvísu og stofnaði samráðshóp um velferð á Suðurnesjum (Velferðarráðuneytið, 2013a).

Markmið matsrannsóknarinnar sem hér er til umfjöllunar var að leggja mat á skipulag, starf og afdrif þeirra tillagna sem Velferðarvaktin lagði fram á starfsárum hennar. Gerð var ítarleg grein fyrir stofnun, skipulagi og hlutverki vaktarinnar ásamt því að fara yfir helstu viðfangsefni vaktarinnar og vinnuhópa hennar. Vinnulag, stjórnun og samstarf bæði í stýrihópi og vinnuhópum var kannað með spurningakönnun og viðtölum. Tillögur vinnuhópa og stýrihóps Velferðarvaktarinnar voru skoðaðar og lagt mat á afdrif þeirra. Farið var yfir það hvaða tillögur vinnuhópa fengu brautargengi hjá stýrihópi vaktarinnar. Einnig var leitast við að kanna afdrif tillagna í íslensku samfélagi með því að skoða viðbrögð stjórnvalda við þeim tillögum sem vaktin lagði fram á þessu árabili.

Matsrannsóknin var unnin af sérfræðingum Félagsvísindastofnunar. Til ráðgjafar var hópur sérfræðinga; Guðný Björk Eydal, prófessor við Háskóla Íslands sem stýrir verkefninu Norræn velferðarvakt og viðbrögð við vá, Lára Björnsdóttir, fyrrverandi sérfræðingur í velferðarráðuneyti og formaður Velferðarvaktarinnar árin 2009-2013 og Ingibjörg Broddadóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneyti og starfsmaður fyrri Velferðarvaktarinnar. Ráðgefandi hópur fundaði með verkefnastjórum matsrannsóknar í undirbúningsferli, gaf ábendingar varðandi hönnun og útfærslu



rannsóknar og matstækja (spurningalistar, viðtalsvísir, viðtalsrammi) og kom með athugasemdir varðandi skýrslu fyrir útgáfu.

Sérfræðingar Félagsvísindastofnunar kynntu drög að skýrslu á morgunverðarfundi í Háskóla Íslands, miðvikudaginn 10. desember 2014. Vakin er athygli á því að skýrslan verður þýdd á Norðurlandamál og ensku vorið 2015. Hægt verður að nálgast skýrsluna á heimasíðu velferðarráðuneytis og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

AÐFERÐIR

Matsverkefni eins og hér er lýst er ætlað að meta gæði eða gildi þess starfs sem sjónum er beint að og er að því leyttinu til frábrugðið rannsókn þar sem meginmarkmið upplýsingaöflunar er að skapa nýja þekkingu (sjá til dæmis Hatry, 2007; Patton, 1990 og Scriven, 1991 um gæðamat og árangursmælingar). Matinu er ætlað að veita upplýsingar um hvað hefur gengið vel í starfi Velferðarvaktarinnar, hverju þurfi að breyta og hvað væri æskilegt að bæta, eigi að halda starfi vaktarinnar eða annarrar sambærilegrar starfsemi áfram. Tveimur ólíkum nálgunum var beitt við matið. Í fyrsta lagi var um að ræða markmiðabundið mat (*objective/outcome approach*) og hins vegar stjórnendamát (*management approach*). Áhersla var lögð á að skoða hvernig settum markmiðum hafi verið náð og að draga fram þá þætti sem geta komið velferðarráðuneytinu að gagni við ákvarðanatöku um áframhald starfsins og/eða breytingar á því. Í skýrslunni er því lýst hver markmið Velferðarvaktarinnar voru og hvert framlag til verkefnisins var eða aðföng (*input*). Því næst er vinnuferlinu lýst (*process eða activity*) og loks afrakstrinum (*output*). Þar lýkur skilgreindu hlutverki þessa mats og er ekki gerð tilraun hér til að meta árangur starfsins (*outcome*) enda fellur það undir verkefnið *Kreppur og velferð – Lærdómur fyrir framtíðina* sem lýst var hér að framan (sjá bls. 10).

Sömu tvö sjónarhornin liggja til grundvallar upplýsingaöflun hvort sem um er að ræða mat eða rannsókn í félagsvísindum. Meginlegar aðferðir beinast yfirleitt að stórum hópi fólks og eru þær notaðar þegar markmiðið er að bera saman athafnir, viðhorf og einkenni með tölulegum hætti. Eigindlegar rannsóknir byggja aftur á móti á þeirri hugmynd að raunveruleiki fólks sé misjafn og fólk skynji hlutina á ólíkan máta. Markmið eigindlegra rannsókna er að skilja aðstæður fólks og líf út frá sjónarhóli þeirra sem taka þátt í rannsókninni. Þegar þessari aðferð er beitt aflar rannsakandi gagna án milliliða og án þess að nota spurningar sem fela í sér fyrirframgefna svarmöguleika. Þessi aðferð gefur möguleika á því að farið sé djúpt ofan í saumana á því sem verið er að rannsaka (Creswell, 2008). Við mat á störfum Velferðarvaktarinnar var bæði meginlegum og eigindlegum aðferðum beitt til að leggja mat á skipulag, störf og afdrif þeirrar tillagna sem voru lagðar fram meðan vaktin starfaði.

Spurningakannanir

Spurningalistar voru samdir af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í samvinnu við ráðgefandi hóp matsrannsóknar. Gögnum var safnað með þremur netkönnunum:

- a) Könnun sem send var þátttakendum í vinnuhópum Velferðarvaktarinnar
- b) Könnun sem send var samstarfsaðilum Velferðarvaktarinnar
- c) Könnun meðal almennings sem send var á úrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar

a) Könnun meðal fulltrúa í vinnuhópum Velferðarvaktarinnar

Greint er frá starfi og þróun vaktarinnar í skýrslu sem var gefin út af velferðarráðuneyti (Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, í prentun), en upplýsingar um það hverjir voru skráðir vinnuhópa Velferðarvaktarinnar árin 2009-2013 voru fengnar þaðan. Þar kom fram hvenær fólk hóf þátttöku í hópnum/hópunum og hvenær það lauk störfum. Könnunin var því send til allra þeirra sem höfðu settið í vinnuhópi á einhverjum tímapunkti á meðan vaktin starfaði. Listi yfir netföng þátttakenda í vinnuhópum í heild lá ekki fyrir. Töluverð vinna fólst í því að leita uppi netföng þátttakenda á vefnum og eftir öðrum leiðum.

Þann 9. september 2014 var netkönnun send á þá 124 þátttakendur sem höfðu tekið þátt í störfum vinnuhópa Velferðarvaktarinnar á árunum 2009-2013. Fjórar ítrekanir voru sendar í tölvupósti til að tryggja góða svörun. Gagnaöflun lauk þann 24. september 2014. Alls svöruðu 79 og er svarhlutfall um það bil 64% (sjá töflu 1).

Tafla 1. Framkvæmd könnunarinnar meðal fulltrúa í vinnuhópum Velferðarvaktarinnar

Upplýsingasöfnun	9. - 24. september 2014
Gagnaöflunaraðferð	Netkönnun
Fjöldi í þýði	124
Fjöldi svarenda	79
Svarhlutfall	64%

Bakgrunnur þátttakenda í könnun meðal fulltrúa í vinnuhópum

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir bakgrunn þátttakenda í vinnuhópum Velferðarvaktarinnar. Hlutfallslega fleiri konur en karlar svöruðu spurningalistanum sem kemur heim og saman við þá kynjaskiptingu sem var í vinnuhópum vaktarinnar, en u.þ.b. 41% þátttakenda voru karlar og 59% konur. Meðalaldur svarenda var 53,4 ár og fjórðungur svarenda átti einnig sæti í stýrihópi vaktarinnar.

Tafla 2. Bakgrunnur svarenda í könnun meðal fulltrúa í vinnuhópum

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Hlutfall svarenda
Kyn			
Karl	36	46%	46%
Kona	43	54%	54%
Aldur			
24-49 ára	20	25%	25%
50-59 ára	39	49%	49%
60-68 ára	20	25%	25%
Starfssvið			
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	12	15%	15%
Menntun og fræðsla	16	20%	20%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	14	18%	18%
Önnur opinber þjónusta	20	25%	25%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	17	22%	22%
Seta í stýrihópi velferðarvaktarinnar			
Sat í stýrihópi	18	24%	24%
Sat ekki í stýrihópi	58	76%	76%

0% 25% 50% 75% 100%


Skiptingu þátttakenda eftir vinnuhópum má sjá í töflu 3. Sumir þátttakendur tóku þátt í störfum fleiri en eins vinnuhóps, en svarendur voru beðnir að svara út frá þeim vinnuhópi sem þeir höfðu tekið mestan þátt í. Vegna þess hve fáir voru í hverjum hópi var ekki unnt að bakgrunnsgreina niðurstöður eftir vinnuhópum.

Tafla 3. Skipting þátttakenda eftir vinnuhópum

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Hlutfall svarenda
Suðurnesjavaktin – samstarfshópur um velferð á Suðurnesjum	15	20%	20%
Hópur um félagsvísu	12	16%	16%
Fjárhagsvandi heimilanna	11	15%	15%
Börn og barnafjölskyldur	8	11%	11%
Ungmenni og ungt fólk	7	9%	9%
Þeir sem standa höllum fæti/stöðu höllum fæti fyrir kreppu	5	7%	7%
Fólk án atvinnu	5	7%	7%
Lýðheilsuhópur	4	5%	5%
Sameinaður hópur: Fólk án atvinnu og unga fólk	3	4%	4%
Kreppan og heilsufar	2	3%	3%
Grunnþjónustuhópur	2	3%	3%
Fjöldi svara	74	100%	
Veit ekki	5		
Alls	79		

b) Könnun meðal samstarfsaðila Velferðarvaktarinnar

Fjöl margar stofnanir og samtök hafa átt fulltrúa í stýrihópi og vinnuhópum Velferðarvaktarinnar og þannig tengst þeirri vinnu sem þar fór fram. Félagsvísindastofnun HÍ tók saman lista yfir starfsfólk sem starfar hjá þeim stofnunum sem áttu fulltrúa í vaktinni, en yfirlit yfir þessar stofnanir og samtök má sjá á mynd 1.



Mynd 1. Samstarfsaðilar Velferðarvaktarinnar

(Heimild: Byggt á skýrslu stýrihóps vaktarinnar; sjá Velferðarráðuneytið, 2013a)

Úrtakið samanstóð meðal annars af forstöðumönnum, framkvæmdastjórum, hjúkrunarfræðingum, lögfræðingum, sérfræðingum, sviðsstjórum og verkefnastjórum hjá þessum stofnunum og samtökum. Ekki var haft samband við fólk sem vann störf sem ekki tengdust starfsemi stofnunarinnar/samtakanna með beinum hætti. Þar má nefna fólk sem starfaði við afgreiðslu, ræstingar, tölvupjónustu eða hafði starfsheitið bílstjóri, matráður eða ritari. Starfsfólk sem hafði ekki skráð netfang eða var í skráðu leyfi var ekki í úrtakinu.

Haft var samband við starfsfólk sem starfar við velferðarmál hjá Reykjavíkurborg. Ákveðið var að afmarka hópinn við starfsfólk á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Hjá skóla og frístundasviði voru fengin nöfn og netföng starfsfólks hjá skrifstofu sviðsins. Upplýsingar um stjórnendur skóla var að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Skólastjórnendur, aðstoðarskólastjórar eða deildarstjórar (í einstaka tilfellum verkefnastjórar) grunnskóla fengu spurningakönnunina senda, ásamt leikskóla- og aðstoðarleikskólastjórum. Ef netfang fannst ekki fyrir þá aðila varð deildarstjóri fyrir valinu. Spurningalistinn fór einnig til skólameistara (rektora) og aðstoðarskólameistara (konrektora) allra framhaldsskóla. Í einhverjum tilfellum var aðstoðarskólameistari ekki skráður en þá var könnunin send til áfangastjóra eða yfirkennara. Að lokum var gengið úr skugga um að þeir sem voru í úrtaki vinnuhópa fengju ekki könnun samstarfsaðila einnig senda.

Þann 17. október 2014 var netkönnun send á samstarfsaðila Velferðarvaktarinnar. Fjórar ítrekanir voru sendar í tölvupósti til að tryggja viðeigandi svörun og lauk gagnasöfnun þann 13. nóvember 2014. Alls svöruðu 768 og var svarhlutfall 71% (sjá töflu 4).


Tafla 4. Framkvæmd könnunarinnar meðal samstarfsaðila Velferðarvaktarinnar

Upplýsingasöfnun	17. október - 13. nóvember 2014
Gagnaöflunaraðferð	Netkönnun
Fjöldi í úrtaki	1082
Fjöldi svarenda	768
Svarhlutfall	71%

Bakgrunnur þátttakenda í könnun meðal samstarfsaðila

Mun fleiri konur (74%) en karlar (24%) svöruðu listanum, sem kemur heim og saman við kynjaskiptingu meðal starfsfólks samstarfsaðila Velferðarvaktarinnar, en u.þ.b. fjórðungur þeirra eru karlar og þrír fjórðu konur. Meðalaldur svarenda var 50,2 ár (sjá töflu 5).

Tafla 5. Bakgrunnur svarenda í könnun meðal samstarfsaðila Velferðarvaktarinnar



c) Könnun meðal almennings (netpanell Félagsvísindastofnunar)

Netpanell Félagsvísindastofnunar HÍ samanstendur af um 7000 þátttakendum 18 ára og eldri á landinu öllu sem hafa samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Þátttakendur í netpanel eru valdir með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Söfnun í netpanel á sér stað jafnt og þétt og fylgst er vel með samsetningu hans. Meðal annars er þess gætt að dreifing kyns, aldurs, búsetu og menntunar sé sem líkust því sem hún er meðal allra landsmanna, 18 ára og eldri. Með því að tryggja gæði netpanelsins með framangreindum hætti er möguleiki á að alhæfa um niðurstöður rannsókna sem byggja á svörum úr honum.

Tekið var 1499 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Úrtakið var lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu til að það endurspegladi sem best samsetningu meðal Íslendinga. Úrtak samstarfsaðila Velferðarvaktarinnar og netpanels var skoðað samhliða til að tryggja að sami aðili tilheyrði ekki báðum úrtökum og fengi tvær kannanir. Tveir voru í kjölfarið fjarlægðir úr úrtaki netpanels sem samanstóð því af 1497 aðilum.

Gagnaöflun hófst 4. nóvember 2014 og lauk 21. nóvember 2014. Ítrekun var send í tölvupósti fjórum sinnum til að tryggja viðunandi svarhlutfall. Alls svöruðu 948 könnuninni og var svarhlutfall því 63% (sjá töflu 6).

Tafla 6. Framkvæmd könnunarinnar

Upplýsingasöfnun	4. - 21. nóvember 2014
Gagnaöflunaraðferð	Netkönnun
Fjöldi í úrtaki	1497
Fjöldi svarenda	948
Svarhlutfall	63%

Í töflu 7 má sjá dreifingu meðal svarenda og í þýði eftir kyni, aldri, búsetu og menntun. Meðalaldur svarenda var 46,4 ár. Eins og sjá má er munur á aldursdreifingu svarenda könnunarinnar og Íslendinga almennt, en svörun var lakari í yngsta aldurshópnum en búist var við. Sömuleiðis var munur á menntun svarenda og menntun landsmanna 18 ára og eldri. Í svarendahópnum voru hlutfallslega fleiri með háskólapróf en meðal landsmanna allra samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Gögnin voru því vigtuð eftir kyni, aldri, búsetu og menntun til að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd af þýði.

Tafla 7. Bakgrunnur þátttakenda í könnun meðal almennings ásamt samanburði á dreifingu svara eftir kyni, aldri, búsetu og menntun svarenda og í þýði

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
Kyn				
Karl	483	50,9%	122.482	49,9%
Kona	465	49,1%	123.149	50,1%
Aldur***				
18-25 ára	91	9,6%	38.926	15,8%
26-35 ára	158	16,7%	45.568	18,6%
36-45 ára	174	18,4%	41.999	17,1%
46-55 ára	184	19,4%	43.062	17,5%
56-65 ára	165	17,4%	36.146	14,7%
66-75 ára	101	10,7%	22.131	9,0%
76 ára og eldri	75	7,9%	17.799	7,2%
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	625	65,9%	158.041	64,3%
Landsbyggð	323	34,1%	87.590	35,7%
Menntun***				
Grunnskólamenntun	119	13,3%	89.528	37,9%
Framhaldsskólamenntun	331	37,0%	85.947	36,4%
Háskólamenntun	445	49,7%	60.863	25,8%

Marktækur munur er á fjölda svarenda og fjölda í þýði; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Úrvinnsla meginlegra gagna

Niðurstöður úr þeim þremur spurningakönnunum sem voru lagðar fyrir eru settar fram í töflum og myndum sem sýna hlutfallslega skiptingu svara við spurningum. Í töflum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til hvernar spurningar og af þeim sökum getur verið mismunandi fjöldi svara í hverri töflu. Á sumum stöðum sýna súlurnar í töflunum samlagningu svara við tveimur eða fleiri svarmöguleikum. Í þeim tilvikum getur það gerst að hlutfallið við súlurnar sé ekki nákvæmlega það sama og það hlutfall sem fæst þegar hlutföllin í töflunni eru lögð saman. Ástæða þessa er að í töflunum er námundað að næsta aukastaf.

Vinnuhópar

Í könnun meðal vinnuhópa eru spurningarnar greindar eftir kyni, aldri, starfssviði og því hvort viðkomandi sat í stýrihópi eða ekki. Könnunin meðal þátttakenda í vinnuhópum var þýðisrannsókn sem beindist að öllum þeim sem tóku þátt í vinnuhópum Velferðarvaktarinnar á árunum 2009-2013. Við úrvinnslu könnunar vinnuhópa voru því ekki reiknuð marktæktarpróf til að meta mun á dreifingu svara milli mismunandi hópa. Hafa þarf í huga að túlka þarf hlutföll varfærnislega í bakgrunnstöflum þar sem fáir svarendur standa oft bak við hverja hlutfallstölu.

Samstarfsaðilar

Í könnun meðal samstarfsaðila Velferðarvaktarinnar, eða þeirra stofnana og samtaka sem áttu fulltrúa í stýrihópi Velferðarvaktarinnar á starfsárum hennar, eru spurningarnar greindar eftir kyni, aldri og starfssviði. Við úrvinnslu könnunarinnar voru ekki reiknuð marktæktarpróf til að meta mun á dreifingu svara mismunandi hópa þar sem þátttakendur í könnuninni voru valdir eftir hentugleika. Af þeim sökum er ekki unnt að alhæfa út frá niðurstöðum yfir á annan hóp en þann sem tók þátt í könnuninni.

Almenningur (netpanell Félagsvísindastofnunar)

Hlutfallstölur eru reiknaðar út frá vigtuðum niðurstöðum. Tölur sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir kyni, búsetu, hjúskaparstöðu, hvort börn búi á heimili svarenda eða ekki, menntun, stöðu á vinnumarkaði, starfsstétt, tekjum, heimilistekjum og þeim stjórnmalaflokki sem svarendur myndu kjósa ef gengið yrði til kosninga á morgun.

Marktæktarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á svörum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktækt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar meðal Íslendinga í nóvember 2014. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Reynist marktæktarpróf ógilt vegna fámennis í hópum er skammstöfunin óg notuð.

Einstaklingsviðtöl, rýnihópaviðtöl og innihaldsgreining

Tekin voru átta einstaklingsviðtöl. Þrjú við ráðherra velferðarmála sem tengdust Velferðarvaktinni, sameiginlegt viðtal við formann og starfsmann stýrihóps Velferðarvaktarinnar og viðtöl við þrjá aðra fulltrúa sem sátu í stýrihópi vaktarinnar frá stofnun hennar og til ársins 2013 þegar vaktin lauk störfum. Þá fóru fram umræður í tveimur rýnihópum fólks sem tók þátt í vinnuhópum vaktarinnar. Loks voru skýrslur og annað útgefið efni frá Velferðarvaktinni innihaldsgreindar.

Eigindleg viðtöl við ráðherra og fólk úr stýrihópi Velferðarvaktarinnar

Opin viðtöl eru ein leið til gagnasöfnunar þegar eigindlegum rannsóknaraðferðum er beitt. Viðtölin veita upplýsingar um hvað viðmælendur telja mikilvægt, hvaða merkingu þeir leggja í það sem verið er að rannsaka og hvernig fólk skilur og skilgreinir tiltekna hluti. Í opnum viðtölum er umræðuefnið yfirleitt fyrirfram ákveðið en innihald samræðna ekki. Rannsakandi hvetur viðmælanda til að tala um það sem skiptir máli fyrir rannsóknina, en gefur honum jafnframt færi á að tala frjállega út frá eigin sjónarhorni. Af þeim sökum eru viðtölin ólík frá einum þátttakenda til annars þó rannsóknarefnið sé hið sama (Kvale, 1996).

Þann 20. júní 2014 var rætt við Láru Björnsdóttur, formann Velferðarvaktarinnar og Ingibjörgu Broddadóttur, starfsmann vaktarinnar, en rætt var við þær samtímis. Tekin voru þrjú önnur viðtöl við fulltrúa í stýrihópi dagana 26. júní til 3. júlí 2014. Þá voru tekin opin viðtöl við þrjá ráðherra á sviði velferðarmála sem komu að starfi vaktarinnar. Viðtal við Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fór fram 4. júlí 2014, en hún var félags- og tryggingamálaráðherra frá febrúar til maí 2009 og var upphafsmaður vaktarinnar sem skipaði jafnframt stýrihóp Velferðarvaktarinnar. Rætt var við Árna Pál Árnason þann 9. júlí 2014, en hann tók við ráðherraembætti af Ástu Ragnheiði vorið 2009. Viðtal við Guðbjart Hannesson fór fram 30. júní 2014, en Guðbjartur tók við embætti af Árna Páli árið 2010 og sat þar til í maí 2013 þegar Eygló Harðardóttir tók við sem félags- og húsnæðismála-ráðherra.

Útbúinn var viðtalsvísir til að hafa til hliðsjónar í einstaklingsviðtölum. Þannig gætti rannsakandi að því að umræðuefnið tengdist viðfangsefni rannsóknarinnar þó lögð væri áhersla á að gefa viðmælendum færi á að tala um það sem þeim sjálfum fannst skipta máli og í þeirri röð sem þeir óskuðu. Viðtölin hófust gjarnan á opinni spurningu um aðkomu viðmælanda að Velferðarvaktinni. Henni var fylgt eftir með spurningum og umræðu er sneri að uppbyggingu vaktarinnar, tilgangi hennar og mikilvægi, skipulagi, verklagi, samstarfi og afrakstri vaktarinnar. Í lok viðtala voru viðmælendur spurðir hvort þeir hefðu einhverju við að bæta og þeim þannig gefinn kostur á að koma á framfæri efni sem skipti þá sjálfa máli en tengdist ekki endilega spurningum rannsakanda með beinum hætti.

Viðtölin voru tekin upp með leyfi viðmælanda og afrituð orðrétt. Greining gagna fór fram með því að lesa hvert viðtal vandlega yfir og draga fram þemu eða meginatriði með því að gefa textabútum nafn, en slík vinnuaðferð kallast *kóðun*. Í framhaldi voru kóðanir allra viðtalanna flokkaðar í meginþemu og undirþemu. Við skrif upp úr viðtölum voru ráðherrar, formaður og

starfsmaður vaktarinnar nafngreindir í skýrslu og þeim gert það kunnugt í upphafi viðtals. Tilvitnanir í þá aðila í skýrslu voru bornar undir þá til samþykkis. Þrjú fulltrúar stýrihóps sem einnig voru tekin viðtöl við voru ekki nafngreindir í skýrslu.

Rýnihópar meðal fólks úr vinnuhópum Velferðarvaktarinnar

Með rýnihópum, eða hópviðtölum, er hægt að afla mikilla upplýsinga á skömmum tíma. Með því að ræða saman í litlum hópi má fá fram skilning á viðhorfum og reynslu tiltekins hóps fólks af viðfangsefni rannsóknarinnar. Þetta er því leið rannsakenda til að hlusta á fólk ræða saman og læra af því sem það hefur fram að færa (Sóley S. Bender, 2003).

Umræður fóru fram í tveimur rýnihópum sem í valdist fólk sem tilheyrði vinnuhópum Velferðarvaktarinnar árin 2009-2013. Tólf manns voru boðaðir í hvorn hóp og mættu níu í annan þeirra og fimm í hinn. Umræðurnar fóru fram í Háskóla Íslands dagana 25. og 26. ágúst 2014. Umræður stóðu yfir í eina og hálf klukkustund í hvorum hópi.

Fyrir umræðurnar var útbúinn viðtalsrammi með atriðum sem ætlunin var að ræða. Umræður hófust á inngangi þar sem umræðustjóri skýrði tilgang og væntanlegan ávinning rannsóknarinnar og bað þátttakendur að kynna sig. Í upphafi fengu þátttakendur nokkrar mínútur til að velja fyrir sér styrkleikum og veikleikum Velferðarvaktarinnar og skrá þá á blað. Þessu var síðan fylgt eftir með spurningum og umræðum um markmið og tilgang vaktarinnar, verklag og skipulag á fundum vinnuhópanna, samstarf í hópunum og afrakstur þátttöku þeirra í Velferðarvaktinni. Í lokin voru viðmælendur hvattir til að koma á framfæri viðbótarupplýsingum um styrkleika og veikleika Velferðarvaktarinnar sem ekki höfðu þegar verið ræddir í hópnum.

Umræður hópanna voru teknar upp og afritaðar orðrétt. Afrituð hópviðtöl voru síðan lesin vandlega yfir og kóðuð. Í framhaldi voru allar kóðanir flokkaðar í meginþemu og undirþemu. Viðmælendum var heitið trúnaði og verða viðtölin hvergi birt í heild sinni. Við skrif upp úr viðtölunum eru þátttakendur ekki nafngreindir, né er vitnað beint í þá ef talið er að hægt sé að rekja upplýsingar til viðkomandi. Niðurstöður verða þess vegna birtar sem sjónarmið hóps í stað þess að lýsa skoðunum ákveðinna þátttakenda.

Innihaldsgreining

Eigindleg innihaldsgreining (*content analysis*) byggist á því að greina fyrirliggjandi texta. Textinn sem um ræðir getur verið af mörgum toga, til dæmis bækur og annað útgefið efni, fundargerðir og afrituð viðtöl. Aðferðin er notuð til að fá innsýn í ákveðið fyrirbæri og gefur hún möguleika á að rannsakandi öðlist nýja sýn á það sem verið er að greina. Greining textans fer fram með því að lesa hann vandlega yfir með spurningu rannsakandans í huga og kóða hann til að flokka og staðsetja lykilhugtök og mynstur í texta (Hsieh og Shannon, 2005).

Í mati á störfum Velferðarvaktarinnar voru textar greindir og flokkaðir í mismunandi þemu í því skyni að fá upplýsingar um skipulag vaktarinnar, hvaða tillögur komu frá stýrihópi og hvaða tillögur voru valdar af hópnum úr skýrslum vinnuhópa og sendar áfram til stjórnvalda. Það efni sem var innihaldsgreint var úttekt á störfum Velferðarvaktarinnar frá árinu 2013 (Hilma Hólmfríður



Sigurðardóttir, í prentun), fundargerðir stýrihóps, skýrslur stýrihóps og vinnuhópa og annað útgengið efni á vegum vaktarinnar eða í tengslum við vaktina á heimasíðu velferðarráðuneytisins (<http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/skyrslur/>). Tillögur voru afhentar stjórnvöldum, en erfitt er að leggja mat á það til hvaða aðgerða var gripið fyrir tilstuðlan vaktarinnar í framhaldinu. Til að fá hugmynd um afdrif þeirra tillagna sem voru afhentar stjórnvöldum á þessu árabili, var efni á heimasíðu Alþingis, t.d. aðgerðaáætlanir, starfsáætlanir og þingskjöl árin 2009-2013 yfirfarið. Einnig var leitað eftir viðbrögðum við tillögum vaktarinnar á heimasíðum samstarfsaðila vaktarinnar og þá sérstaklega heimasíðum sveitarfélaga.

NIÐURSTÖÐUR

Stofnun Velferðarvaktarinnar

Efnahagshrunið haustið 2008 skapaði mikla ringulreið í íslensku samfélagi. Falli bankanna í október fylgdi hrina gjaldþrota og uppsagna, mikill samdráttur og aukið atvinnuleysi. Í september 2008 var 1% landsmanna á atvinnuleysisskrá en þremur mánuðum síðar var þetta hlutfall orðið 5% (Vinnumálastofnun, 2008). Mikil mótmæli höfðu verið fyrir utan Alþingishúsið og fóru mótmælendur meðal annars fram á að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar segði af sér. Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs tók við eftir að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hætti störfum vegna ágreinings þann 26. janúar 2009 (Verkefnaskrá ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna, 2009).

Hugtakið velferðarvakt kom fyrst fram á verkefnaskrá nýrrar ríkisstjórnar, sem ein af viðbrögðum stjórnvalda við ástandinu sem hafði skapast. Fjölmiðlar veittu hugtakinu athygli þann 3. febrúar 2009 þegar blaðamaður Morgunblaðsins spurði Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, sem var þá nýskipaður félags- og tryggingamálaráðherra, út í þetta nýja hugtak sem var að finna á verkefnaskránni. Ásta Ragnheiður taldi að ekki væri um nýtt hugtak að ræða, þar sem hún hafði sjálf notað það mikið gegnum tíðina, en hún sagði að aðstæðurnar sem hefðu skapast eftir efnahagshrunið gæfu hugtakinu meira vægi (Stjórnin verður á Velferðarvaktinni, febrúar 2009). Stofnun Velferðarvaktarinnar var samþykkt á ríkisstjórnarfundi 10. febrúar 2009.

Í viðtölum við ráðherra og fólk úr stýrihópi var rætt um stofnun Velferðarvaktarinnar. Velferðarvaktin varð til við sérstakar aðstæður og bæði ráðherrar og viðmælendur úr stýrihópi vaktarinnar voru sammála um að hún hefði varla orðið til ef ekki hefðu orðið jafn snöggar breytingar á íslensku samfélagi og raun bar vitni. Eitt af fyrstu verkefnum Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur í ráðherraembætti var að koma Velferðarvaktinni á fót. Í viðtalinu lýsti hún því ástandi sem ríkti á Íslandi fyrstu mánuðina eftir efnahagshrun. Fjöldi fólks hafði misst vinnuna og börn liðu fyrir breytt ástand í fjölskyldum sínum. Að sögn Ástu Ragnheiðar höfðu margir þingmenn þungar áhyggjur af því að ákveðnum hópum samfélagsins væri hætta búin við þær aðstæður sem höfðu skapast. Félagsmálanefnd þingsins og þingmenn m.a. tóku því að viðá að sér upplýsingum um efnahagskreppuna í Finnlandi og afleiðingar hennar. Þar hækkaði hlutfall öryrkja í kjölfar kreppunnar og varð mjög hátt hjá fólki á ákveðnu aldursbili. Stjórnvöldum á Íslandi þótti mikilvægt að koma í veg fyrir fjölgun í hópi öryrkja. Ennfremur var lögð áhersla á að vernda börn fyrir áhrifum kreppunnar. Þess vegna var ákveðið að setja stofnun velferðarvaktar í samstarfssamning nýrrar minnihlutastjórnar Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Þar sem Ásta Ragnheiður var félags- og tryggingamálaráðherra þessarar ríkisstjórnar kom það í hennar hlut að koma vaktinni á fót.

Þetta minnir svolítið á [...] þjóð sem lendir í stríði, svona áfall fyrir svo marga. Bæði fólkið sem missir vinnuna og aðstandendur allra þeirra sem lenda illa í því og börnin sem líða ekki síst fyrir það og svo framvegis. Þetta er sjokk sem þarf að vinna úr. Við höfum ekki lent í svona áður, aldrei. Þetta var óvenjulegt ástand sem skapaðist og það varð að bregðast við. Sérstaklega til að koma í veg fyrir að við lentum í sama vanda og Finnar [Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, fyrrverandi félags- og tryggingamálaráðherra].

Ásta Ragnheiður fól Láru Björnsdóttur að leiða Velferðarvaktina og Ingibjörgu að starfa með vaktinni en þær störfuðu báðar í félags- og tryggingamálaráðuneytinu á þeim tíma sem vaktin var stofnuð. Lára var skipaður formaður vaktarinnar en hún var þáverandi skrifstofustjóri velferðarþjónustu í ráðuneytinu. Ingibjörg var sérfræðingur á skrifstofu atvinnu- og jafnréttismála. Aðspurð hvers vegna Ásta Ragnheiður leitaði til Láru og Ingibjargar með það að leiða vaktina sagði hún:

Þær voru hæfastar, með mesta reynslu og þekktu velferðarkerfið svo vel og höfðu verið að vinna í þessum málaflokkum svo lengi og ég þekkti þær líka svo vel og vissi að þær voru bestar til að sinna þessu. Þær höfðu mikið unnið með félagsmálanefnd Alþingis, komu mikið fyrir nefndina [...]. Ég held að margir séu í þakkarskuld fyrir þeirra mikla starf sem þær lögðu einmitt á sig á svona erfiðum tíma [Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, fyrrverandi félags- og tryggingamálaráðherra].

Þorbjörn Guðmundsson framkvæmdastjóri Samiðnaðar var einnig fenginn til starfa í vaktinni. Eitt fyrsta verkefni nýs formanns og starfsmanna Velferðarvaktarinnar var að ákveða hverjir skyldu vera í stýrihópi vaktarinnar, en sá hópur átti að hafa umsjón með verkefninu, samhæfa upplýsingaöflun og koma tillögum vaktarinnar á framfæri. Að sögn Láru og Ingibjargar var ákvörðun um hverjir skyldu tilheyra stýrihópnum tekin í samráði við ráðherra og Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur, starfandi ráðuneytisstjóra. Lára líkti vinnunni við að ákveða hverjir ættu heima í stýrihópi Velferðarvaktarinnar við það að spinna köngulóarvef. Í innsta hring var starfsfólk ráðuneyta og svo fólks sem starfaði á ólíkum sviðum þjóðfélagsins. Það voru meðal annars fulltrúar Þjóðkirkjunnar, Rauða krossins, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, fulltrúar stéttarfélaganna og Samtaka atvinnulífsins. Þann 17. febrúar 2009, þegar búið var að ákveða hverjir skyldu tilheyra hópnum, sendi félags- og tryggingamálaráðuneytið út bréf þar sem ráðherra óskaði formlega eftir þátttöku fólks í Velferðarvaktinni. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og aðeins tveimur dögum síðar kom tilkynning á heimasíðu félags- og tryggingamálaráðuneytisins um að búið væri að skipa stýrihóp Velferðarvaktarinnar (Velferðarráðuneytið, 2009a).

Allir svöruðu. Þarna var í raun og veru strax lögð þessi lína að allir brugðust við á því líkt jákvæðan hátt. Alveg frá fyrsta degi. Það var það sem var svo ótrúlegt. Það var kannski af því að jarðvegurinn var þarna, það voru allir „desperate“ og óttaslegnir eiginlega [Lára Björnsdóttir, fyrrverandi formaður Velferðarvaktarinnar].

Stofnun Velferðarvaktarinnar var í samstarfssamningi minnihlutastjórnar sem hóf störf 1. febrúar 2009 og var ætlað að starfa í 80 daga fram að Alþingiskosningum. Það var því óljóst hvort vaktin myndi starfa lengur en 80 daga, enda var ekki vitað hvaða flokkar næðu meirihluta á Alþingi eftir kosningar. Samfylkingin og Vinstrihreyfingin - grænt framboð mynduðu nýja ríkistjórn eftir

kosningar sem fram fóru 25. apríl 2009 og Árni Páll Árnason tók við embætti félags- og tryggingamálaráðherra. Það kom því í hans hlut að ákveða hvort Velferðarvaktin skyldi starfa áfram, en að hans sögn var hann strax á þeirri skoðun. Skoðun hans byggði á því að mikilvægt væri að geta fylgst grannt með stöðu mála í samfélaginu þannig að hægt væri að bregðast skjótt við ef í ljós kæmi að kreppan bitnaði hart á ákveðnum hópum fólks. Starfsfólk vaktarinnar hafði einnig lagt til við ráðherra að vaktin héldi áfram störfum. Tilvist Velferðarvaktarinnar gaf tækifæri til þess að nálgast slíkar upplýsingar á einum stað þar sem allir deildu eigin í reynslu í stað þess að þurfa að leita til mismunandi sérfróðra aðila til að fylgjast með gangi mála.

Uppbygging og skipulag Velferðarvaktarinnar

Ráðherrar Velferðarvaktinnar

Fjórir ráðherrar veittu vaktinni umboð sitt á því fimm ára tímabili sem hún starfaði. Þetta voru Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Árni Páll Árnason, Guðbjartur Hannesson og Eygló Harðardóttir. Ásta Ragnheiður var félags- og tryggingamálaráðherra frá 1. febrúar til 10. maí 2009. Hún gegndi ráðherraembætti í minnihlutastjórn Jóhönnu Sigurðardóttur, eftir stjórnarslit Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Ásta Ragnheiður veitti velferðarvaktinni umboð með skipunarbréfi til stýrihóps um velferðarvakt frá 17. febrúar 2009. Í skipunarbréfinu stóð að Velferðarvaktinni væri ætlað að „fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu með markvissum hætti og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna“ (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009a). Í þá 80 daga sem Ásta Ragnheiður gegndi ráðherraembætti kom hún ekki á fund hjá stýrihópi Velferðarvaktarinnar en fylgdist þó með störfum hópsins í gegnum formanninn, Láru og starfsmann vaktarinnar, Ingibjörgu (Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, í prentun).

Árni Páll Árnason tók við embætti félags- og tryggingamálaráðherra af Ástu Ragnheiði. Hann var félags- og tryggingamálaráðherra frá 10. maí 2009 til 2. september 2010 í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur sem var meirihlutastjórn Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs. Árni Páll endurnýjaði ekki umboð Velferðarvaktarinnar formlega meðan hann var ráðherra, þó hann hafi fengið beiðni um það. Aðspurðar um hvaða þýðingu það hafði fyrir stýrihóp Velferðarvaktarinnar að fá endurnýjað umboð sögðu Lára og Ingibjörg að ástæða þess að óskað var eftir endurnýjun umboðs var að tími hafi verið kominn á að endurskilgreina formlegt hlutverk Velferðarvaktarinnar. Á hinn bóginn hafi það ekki breytt starfsháttum vaktarinnar að umboð hennar var ekki endurnýjað þar sem vaktin hafi ætíð starfað sjálfstætt.

Í fundargerðum kemur fram að Árni Páll Árnason mætti á alls fjóra fundi stýrihóps þann tíma sem hann sat sem ráðherra. Á fyrsta fundi hans með stýrihópnum þann 12. júní 2009, veitti hann upplýsingar um mögulegar sparnaðaraðgerðir á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis (Velferðarráðuneytið, 12. júní 2009). Árni Páll sagðist í kjölfarið vilja taka við ráðum frá stýrihópnum enda væri Velferðarvaktin mikilvæg á þessum umrótartíma. Vorið 2010 lagði hann fram skýrslu frá

stýrihópi á Alþingi, með samantekt á viðfangsefnum vaktarinnar á fyrsta starfsári hennar, yfirlit yfir það sem framundan var ásamt þeim tillögum sem höfðu verið lagðar fram. Á öðrum fundi Árna Páls með stýrihópnum þann 9. mars 2010, minntist Lára, formaður vaktarinnar, á að það væri kominn tími til að hugleiða betur til hvers væri ætlast af Velferðarvaktinni. Árni Páll tók þá til máls og lagði áherslu á að Velferðarvaktin ætti að fylgjast með þróun mála og stuðla að afmörkuðum rannsóknum. Hann sagði að vaktinni væri ekki gefið neitt framkvæmdarhlutverk en að henni bæri að fylgjast með og koma upplýsingum til stjórnvalda um aðstæður í samfélaginu. Árni Páll undirstrikaði sjálfstæði vaktarinnar og að fulltrúar hennar gætu rætt málin á fundum óheft og að ekki þyrfti að bera ályktanir undir ráðherra (Velferðarráðuneytið, 9. mars 2010). Þannig kom hann því til skila í orði hvert væri hlutverk Velferðarvaktarinnar þótt hann fæli henni ekki endurnýjað skriflegt umboð.

Umboð vaktarinnar var endurnýjað formlega í október 2010, mánuði eftir að Guðbjartur Hannesson var skipaður í ráðherraembætti. Guðbjartur var ráðherra frá 2. september 2010 til 23. maí 2013, fyrst sem sem heilbrigðis- og félagsmálaráðherra en velferðarráðherra frá 1. janúar 2011 þegar heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið voru sameinuð í eitt velferðarráðuneyti. Guðbjartur veitti Velferðarvaktinni nýtt umboð í formi erindisbréfs sem var sent til stýrihóps Velferðarvaktarinnar (Velferðarráðuneytið, e.d.-a). Nokkra áherslubreytingu mátti greina á erindisbréfinu frá því sem var að finna í fyrsta skipunarbréfi til fulltrúa í stýrihópi velferðarvaktar. Stýrihópurinn var sagður „ráðgefandi fyrir félags- og tryggingamálaráðherra sem og stjórnvöld“ og átti hlutverk hans þar að auki að vera að miðla upplýsingum með markvissum hætti til stjórnvalda og almennings. Þá var þess getið að vaktin væri óháð stjórnvöldum (Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, í prentun). Á þessu tveimur og hálfu ári sem Guðbjartur fór með umboð Velferðarvaktarinnar mætti hann á einn fund stýrihóps, en fundaði reglulega með formanni og starfsmanni vaktarinnar. Á fundi Guðbjarts með stýrihópnum þann 13. september 2011, lagði hann áherslu á að Velferðarvaktin væri sjálfstæð og ætti að vera bæði gagnrýnin og leiðbeinandi. Hún ætti að leggja fram tillögur til úrbóta og veita stjórnvöldum ákveðið aðhald (Velferðarráðuneytið, 13. september 2011). Á þessum fundi kom hann á framfæri þeirri sýn að Velferðarvaktin væri frjáls og óháð stjórnvöldum en fram að þessu hafði hann aðeins rætt þessa skilgreiningu við formann og starfsmann vaktarinnar (Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, í prentun).

Eygló Harðardóttir tók við embætti félags- og húsnæðismálaráðherra þann 23. maí 2013 eftir að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur mynduðu ríkisstjórn. Eygló mætti á fund stýrihóps þann 25. júní 2013 þar sem hún lýsti yfir ánægju sinni með störf Velferðarvaktarinnar. Á þessum fundi tók Eygló fram að hennar skoðun væri að vaktin ætti að halda áfram störfum (Velferðarráðuneytið, 25. júní 2013). Velferðarvaktin lauk störfum í desember 2013 og skipaði Eygló nýja Velferðarvakt í júní sama ár (Velferðarráðuneytið, 2014).

Af ofantöldu má ráða að ráðherra skipaði Velferðarvaktina og veitti henni umboð en hafði annars litla aðkomu að störfum vaktarinnar. Samskipti Velferðarvaktarinnar og ráðherra fóru því fyrst og fremst fram í gegnum formann vaktarinnar, Láru. Að sögn Láru komst sú hefð á að halda

formlegan fund með ráðherra þegar vaktin skilaði af sér tillögum. Þar fyrir utan átti Lára óformleg orðaskipti við ráðherra þar sem hún starfaði í ráðuneytinu.

Þá höfðum við tækifæri til þess að ræða málin [...] og hann gat auðvitað spurt: „Hvað segið þið í Velferðarvaktinni um þetta, svona óformlega?“ Þannig að við vorum náttúrulega bara í samtali og stundum var verið að spyrja mann sem fulltrúa í vaktinni en ekki sem starfsmann ráðuneytisins [Lára Björnsdóttir, fyrrerandi formaður Velferðarvaktarinnar].

Stýrihópur Velferðarvaktarinnar

Við stofnun Velferðarvaktinnar sátu 15 í stýrihópi. Lára sat í stýrihópi fyrir hönd félags- og tryggingamálaráðuneytisins en aðrar stofnanir sem áttu fulltrúa í vaktinni voru Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Bandalag háskólamanna (BHM), Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Samtök atvinnulífsins (SA), Biskupsstofa, dómsmálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið, viðskiptaráðuneytið, fjármálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, Kennarasamband Íslands (KÍ), Rauði kross Íslands, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Með hópnum störfuðu Ingibjörg Broddadóttir starfsmaður í félags- og tryggingamálaráðuneytinu og Þorbjörn Guðmundsson frá Samiðn (Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, í prentun; Velferðarráðuneytið, 2009a).

Í fyrstu var hugmyndin sú að hafa hópinn ekki of stóran en síðar bættist við stýrihóp vaktarinnar. Að sögn viðmælenda úr stýrihópi kom þessi viðbót bæði til af því að meðlimir stýrihópsins fundu að einhvern vantaði í hópinn og einnig voru dæmi um að frjáls félagasamtök óskuðu eftir því að eiga fulltrúa í vaktinni. Þannig bættist 16. fulltrúinn við vaktina á öðrum fundi hennar þann 27. febrúar 2009. Það var fulltrúi tilnefndur af Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) og Þroskahjálpi (Velferðarráðuneytið, 27. febrúar 2009). Í október 2009 bættist fulltrúi frá Vinnumálastofnun við hópinn, en hann var skipaður af félags- og tryggingamálaráðherra (Velferðarráðuneytið, 13. október 2009). Síðar í mánuðinum gerðist landlæknir fulltrúi í hópnum, en hann var tilnefndur af heilbrigðisráðherra fyrir hönd landlæknisembættisins (Velferðarráðuneytið, 27. október 2009). Þegar Jafnréttisvaktin var lögð niður í lok árs 2009¹ var formaður Jafnréttisráðs fenginn til liðs við Velferðarvaktina (Velferðarráðuneytið, 8. desember 2009). Í október 2010 skipaði félags- og tryggingamálaráðherra umboðsmann skuldara í stýrihópinn, en umboðsmaður skuldara var nýtt embætti sem heyrði undir ráðuneytið (Velferðarráðuneytið 12. október 2010). Fulltrúi landssambands eldri borgara bættist við hópinn í ágúst 2012 og loks tilnefndi Mannréttinda-skrifstofa Íslands fulltrúa í hópinn í febrúar 2013 (Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, í prentun). Þannig stækkaði hópurinn smám saman og fór úr 15 manna hópi í stýrihóp skipaðan 22 aðilum. Ásta Ragnheiður sagðist stundum hafa heyrt því fleygt að í Velferðarvaktinni sætu of margir fulltrúar, en hún gat ekki fallist á þá gagnrýni.

¹ Jafnréttisvaktin var sett á fót af Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra í byrjun árs 2009 til að meta afleiðingar efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (Velferðarráðuneytið, e.d.-b).

Ég held að það hafi verið rétt metið að fá marga að borðinu og fá svona hérna, ekki bara hið opinbera kerfi heldur líka frjáls félagasamtök og aðra sem koma að velferðarmálum [Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, fyrirverandi félags- og tryggingamálaráðherra].

Almennt voru viðmælendur ánægðir með hvernig tókst að mynda breiðan hóp af fólki sem bjó yfir ólíkri þekkingu og reynslu. Þannig sagði Árni Páll Árnason, sem tók við embætti ráðherra af Ástu Ragnheiði, að hann hafi verið ánægður með það hvernig valið var í vaktina og hvernig henni var stillt upp.

Yfir þetta fimm ára tímabil urðu nokkrar mannbreytingar á tilnefndum fulltrúum stofnana, bæði vegna mannbreytinga innan þeirra og einnig urðu varamenn í sumum tilvikum virkir fulltrúar á fundi stýrihóps (Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, í prentun). Ekki var greitt sérstaklega fyrir setu í Velferðarvaktinni en fundað var á vinnutíma og varð þátttaka í vaktinni því að vissu leyti hluti af þeim starfsskyldum sem fólk gegndi fyrir, þar sem hver og einn var fulltrúi stofnunar eða samtaka í vaktinni.

Vinnuhópar Velferðarvaktarinnar

Í viðtali við Láru og Ingibjörgu, formann og starfsmann Velferðarvaktarinnar, sögðu þær frá því hvernig fyrirkomulag vinnuhópanna kom til. Á fyrsta fundi vaktarinnar þann 20. febrúar 2009, var öllum fulltrúum stýrihóps gefinn kostur á að segja frá því hvaða málefni þeim þætti mikilvægast að Velferðarvaktin beindi sjónum að. Fjölmargar ábendingar voru settar fram og varð fljótt ljóst að hópurinn gæti ekki fjallað um öll þau mál sem voru ofarlega á baugi á þessum tíma. Því var tekin sameiginleg ákvörðun um að mynda hópa utan um þau verkefni sem urðu fyrir valinu. Á öðrum fundi Velferðarvaktarinnar var hugmyndin um vinnuhópana mótuð enn frekar og þá var sett fram tillaga um sex vinnuhópa og einn ráðgjafahóp. Á þeim fundi var einnig rætt hverjir skyldu verða formenn hópanna (Velferðarvaktin, 27. febrúar 2009). Hverjum vinnuhópi var stýrt af formanni sem jafnframt sat í stýrihópi Velferðarvaktarinnar. Formennirnir kölluðu þá til úr samfélaginu sem taldir voru sérfræðingar í afmörkuðum verkefnum hópanna. Í viðtölum við fólk úr stýrihópi kom fram að áhugasvið og sérþekking hvers og eins hafi ráðið því hvaða vinnuhópum fólk stýrði. Að sögn Láru, formanns Velferðarvaktarinnar, fengu fulltrúar sem tóku að sér formennsku í hverjum hópi frjálst val um hverja þeir kölluðu til. Eina skilyrðið sem hópunum var sett var að þeim bæri að safna upplýsingum um þann hóp sem vinnuhópurinn fjallaði um og skila af sér skýrslu með tillögum til úrbóta. Aðspurðir um hvernig var valið í vinnuhópa sögðu viðmælendur úr stýrihópi að það hafi eiginlega gerst af sjálfu sér. Þannig þótti til dæmis sjálfsgaet að leita til Íþróttá- og tólmstundaráðs Reykjavíkurborgar, framhaldsskóla, ungmennahreyfinga, námsmannahreyfinga, Vinnumála-stofnunar og menntamálaráðuneytis þegar kalla átti saman hóp til að fjalla um málefni ungs fólks. Viðmælendur úr vinnuhópunum töldu að vel hefði tekist til að mynda hópa fólks sem kom úr ólíkum áttum. Bent var á að þótt stundum hafi verið erfitt að starfa með fólki sem hafði ólíkar faglegar áherslur hafi verið mikilvægt að kalla fólk til starfa af ólíkum sviðum þjóðfélagsins til að fá fram mismunandi sjónarhorn á sama málefni.

Ég held samt að það hafi verið mikilvægt að blanda svona í hópana vegna þess að fyrir vikið þá fékkst miklu gagnlegri og frjórri umræða [fulltrúi í vinnuhópi].

Í fundargerð stýrihóps Velferðarvaktarinnar frá 27. febrúar 2009 stendur skrifað að ákveðið hafi verið að stofna sex vinnuhópa. Einn hópanna átti að fjalla um börn, 18 ára og yngri, öðrum var ætlað að fjalla um ungmenni og ungt fólk á aldrinum 15 til 25 ára, sá þriðji fjallaði um málefni þeirra sem stóðu höllum fæti vegna efnahagshrunsins og þá sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu, fjórði hópurinn tók fyrir fjármál heimilanna, sá fimmti beindi sjónum að fólki án atvinnu og sjötti hópurinn fjallaði um heilsufar og heilsugæslu (Velferðarráðuneytið, 27. febrúar 2009). Síðar voru stofnaðir fleiri vinnuhópar. Fyrir árslok 2009 var búið að stofna vinnuhóp um grunnþjónustu að beiðni ríkisstjórnar. Hópur um félagsvísa og Suðurnesjavaktin var stofnuð árið 2010. Vinnuhópar um félagsvísa og Suðurnesin skáru sig þó frá hefðbundnum vinnuhópum þar sem um framkvæmdarverkefni var að ræða. Á fundi stýrihóps þann 12. október 2010 var tekin ákvörðun um að hópurinn sem fjalla átti um málefni ungs fólks skyldi sameinast vinnuhópi um fólk án atvinnu (Velferðarráðuneytið, 12. október 2010). Auk vinnuhópanna var myndaður samstarfshópur sem hafði það að markmiði að styrkja samstarf milli þriðja geirans og þess opinbera og samræma þjónustu milli stofnana. Hópurinn skrifaði skýrslu sem var birt á heimasíðu velferðarráðuneytis vorið 2010 (Velferðarráðuneytið, 2010a).

Hlutverk og tilgangur Velferðarvaktarinnar

Hlutverk vaktarinnar sem greiningaraðili og álitsgjafi

Í viðtölum við ráðherra, fulltrúa úr stýrihópi Velferðarvaktarinnar og fólk í vinnuhópum var talinu beint að hlutverki og tilgangi Velferðarvaktarinnar. Viðmælendur voru sammála um að megin hlutverk vaktarinnar hafi verið að fylgjast með stöðu velferðarmála og greina hver væru félagsleg áhrif efnahagshrunsins á fólk í landinu. Sér í lagi að vaktinni væri ætlað að koma auga á hvaða hópar stæðu verst að vígi í þjóðfélaginu. Í könnun meðal þátttakenda vinnuhópa var spurt hversu vel eða illa hefði tekist að ná þessu markmiði vaktarinnar. Tafla 8 sýnir að meirihluti sagði það hafa gengið vel að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins á fjölskyldur og heimilin í landinu. Hlutfallslega fleiri konum en körlum fannst það ganga vel og eins voru svarendur yfir 50 ára aldri jákvæðari í afstöðu sinni en yngri svarendur. Allir þeir sem störfuðu við opinbera þjónustu í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum og allir þeir sem tilheyrðu stýrihópi Velferðarvaktarinnar sögðu vel hafa gengið að ná þessu markmiði.

Tafla 8. Hversu vel eða illa fannst þér hafa tekist að ná því markmiði Velferðarvaktarinnar að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins fyrir fjölskyldur og heimilin í landinu?

	Hvorki vel					Fjöldi	Mjög eða frekar vel
	Mjög vel	Frekar vel	né illa	Frekar illa	Mjög illa		
Heild	24%	60%	11%	5%	0%	75	84%
Kyn							
Karl	19%	61%	14%	6%	0%	36	81%
Kona	28%	59%	8%	5%	0%	39	87%
Aldur							
24-49 ára	16%	47%	21%	16%	0%	19	63%
50-59 ára	28%	61%	8%	3%	0%	36	89%
60-68 ára	25%	70%	5%	0%	0%	20	95%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	27%	45%	18%	9%	0%	11	73%
Menntun og fræðsla	7%	73%	20%	0%	0%	15	80%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum	43%	57%	0%	0%	0%	14	100%
Önnur opinber þjónusta	26%	58%	11%	5%	0%	19	84%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	19%	63%	6%	13%	0%	16	81%
Seta í stýrihópi velferðarvaktarinnar							
Sat í stýrihópi	44%	56%	0%	0%	0%	18	100%
Sat ekki í stýrihópi	16%	64%	13%	7%	0%	55	80%

0% 25% 50% 75% 100%

Hlutverk Velferðarvaktarinnar var að upplýsa ráðherra og viðeigandi stjórnvöld um hver væri niðurstaða þessarar upplýsingaöflunar um stöðu velferðar á Íslandi. Fram kom í viðtölum við ráðherra að þessi vinna hefði skipt miklu máli fyrir stjórnvöld. Til dæmis hafi kortlagningin komið sér vel í umræðu um hvar bæri að beita niðurskurðarhnífnum og í hvers konar verkefni ætti helst að beina fjármunum.

Það var mikilvægt að reyna að kortleggja, hvar við gætum best nýtt eitthvað svigrúm sem við gætum búið til. Er eitthvað sem maður á ekki að skera niður, eða ef það er eitthvað sem við getum mögulega bætt við, hvar væri fénu best varið? Hvar myndi það skila mestum árangri? [Árni Páll Arnason, fyrrverandi félags- og tryggingamálaráðherra]

Að sögn Guðbjarts Hannessonar skipti miklu máli að þessar upplýsingar voru afrakstur vinnu fólks sem gegndi ólíkum stöðum í samfélaginu og bjó yfir mismunandi þekkingu og reynslu. Þannig komu fram sjónarmið sem ef til vill hefðu ekki komið fram ef kallað hefði verið eftir upplýsingum um stöðu velferðarmála á Íslandi frá einum sérfróðum aðila.

Það voru ólíkir hópar sem áttu fulltrúa í Velferðarvaktinni, líka litlir hópar sem jafnvel voru skilgreindir sem einhverjir þrýstihópar. Mér fannst það skipta máli því þá færðu ólík sjónarmið fram [Guðbjartur Hannesson, fyrrverandi velferðarráðherra].

Guðbjartur benti einnig á að ólíkir hópar í samfélaginu hefðu þegar kostað tíma og fjármagni í að greina ýmsar hliðar velferðarkerfisins og áhrif hrunsins á mismunandi hópa og með því að kalla þessa hópa saman fengi ráðuneytið aðgang að upplýsingum sem annars hefðu ekki fengist.

Kosturinn fyrir ráðuneytið var að þarna varstu með gríðarlegan mannauð og gríðarleg verðmæti frá öllum þessum aðilum. Þú varst með fulltrúa frá öllum þessum aðilum sem leggja til starfskraft sem var að skoða og miðla [...]. Þessa vinnu myndirðu aldrei geta keypt [Guðbjartur Hannesson, fyrrverandi velferðarráðherra].

Auk þess að safna upplýsingum um stöðu velferðarmála og miðla þeim til ráðherra voru viðmælendur sammála um að vaktinni hafi verið ætlað það hlutverk að koma fram með tillögur eða ábendingar um hvernig hægt væri að bæta hag fólks á Íslandi og þá sér í lagi þeirra hópa sem stóðu höllum fæti. Þannig var bein tenging milli þeirrar kortlagningar sem fram fór á stöðu velferðarmála í þjóðfélaginu og þeirra tillagna sem var beint til stjórnvalda. Bent var á að Velferðarvaktin hefði þann kost að myndaður var hópur sem gat komist að sameiginlegri niðurstöðu um hvaða tilmælum skyldi beina til stjórnvalda í stað þess að ólíkir hópar væru að þrýsta á stjórnvöld hver í sínu lagi.

Í spurningakönnun meðal þátttakenda í vinnuhópum var spurt hvernig tekist hefði að leggja fram tillögur til úrbóta. Tafla 9 sýnir að 63% svarenda sagði það hafa gengið vel að ná markmiði vaktarinnar um að leggja fram tillögur til úrbóta.

Tafla 9. Hversu vel eða illa fannst þér hafa tekist að ná því markmiði Velferðarvaktarinnar að leggja fram tillögur til úrbóta?

	Hvorki vel					Fjöldi	Mjög eða frekar vel
	Mjög vel	Frekar vel	né illa	Frekar illa	Mjög illa		
Heild	15%	48%	24%	7%	6%	71	63%
Kyn							
Karl	9%	44%	32%	9%	6%	34	53%
Kona	22%	51%	16%	5%	5%	37	73%
Aldur							
24-49 ára	5%	32%	37%	11%	16%	19	37%
50-59 ára	15%	58%	18%	6%	3%	33	73%
60-68 ára	26%	47%	21%	5%	0%	19	74%
Starfssvið							
Félagspjónusta sv eitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	27%	36%	9%	9%	18%	11	64%
Menntun og fræðsla	0%	58%	25%	17%	0%	12	58%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sv eitarstjórnnum	38%	46%	15%	0%	0%	13	85%
Önnur opinber þjónusta	5%	63%	26%	5%	0%	19	68%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	13%	31%	38%	6%	13%	16	44%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar							
Sat í stýrihópi	28%	50%	17%	6%	0%	18	78%
Sat ekki í stýrihópi	10%	49%	25%	8%	8%	51	59%

Hlutfallslega fleiri konur en karlar sögðu það hafa gengið vel. Svarendur yfir 50 ára aldri voru að jafnaði jákvæðari en þeir sem voru á aldrinum 24-49 ára. Þegar svörin eru skoðuð eftir starfssviði greindi um fimmtungur þeirra sem störfuðu hjá félagasamtökum og rúmur fjórðungur svarenda sem störfuðu hjá félagspjónustu sveitarfélaga eða við heilbrigðisþjónustu frá því að illa hefði gengið að leggja fram tillögur til úrbóta. Til samanburðar var enginn þeirra sem starfaði í opinberri þjónustu í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum þeirrar skoðunar.

Af ofantöldu má ráða að Velferðarvaktin var bæði greiningaraðili og álitsgjafi sem er í samræmi við það hlutverk sem ráðherra fól vaktinni þegar hún var stofnuð. Tilgangurinn með því að koma Velferðarvaktinni á fót var að „afla upplýsinga um félagslegar og fjárhagslegar afleiðingar bankahrunsins fyrir einstaklinga og fjölskyldur, afla upplýsinga um reynslu annarra þjóða af efnahagsþrengingum, kortleggja hvaða leiðir ríki, sveitarfélög og félagasamtök hafa til að bregðast við vandanum og efna til samráðs með fulltrúum opinberra stofnana, félagasamtaka og öðrum sem lagt geta af mörkum vegna þekkingar sinnar og reynslu. Á grundvelli þessa skal Velferðarvaktin gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna og samhæfa þær“ (Velferðarráðuneytið, 2009b).

Velferðarvaktin gat á hinn bóginn ekki séð til þess að verkefnum væri hrint í framkvæmd. Í viðtölum við fólk úr stýrihópi var látið í það skína að það hafi stundum verið erfitt að vera í þeirri stöðu að koma með tillögur til úrbóta án þess að geta séð til þess að málum væri fylgt eftir.

Við getum verið með álit og við getum komið með ábendingar en við erum ekkert með það tryggt að það fari áfram. [...] Maður hefði alveg viljað fá bara að fara inn og tala við ráðherra bara augliti til auglitis, bara heyrðu vinur, svona er staðan, hvað ætlið þið að gera sem pólitíkusar? [fulltrúi í stýrihópi].

Hlutverk vaktarinnar í upplýsingamiðlun

Í nýju skipunarbréfi Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra frá 8. október 2010 kom fram að stýrihópurinn hefði „upplýsingaskyldu gagnvart stjórnvöldum jafnt sem almenningi og [skuli] miðla upplýsingum til þeirra með markvissum hætti“ (Velferðarráðuneytið, e.d.-a). Í viðtölum við fólk úr stýrihópi vaktarinnar kom fram að fulltrúar hópsins hafi litið á það sem hlutverk sitt að miðla upplýsingum til almennings og til þeirra stofnana eða félaga sem þátttakendur í vaktinni voru fulltrúar fyrir. Þannig gátu bæði stjórnvöld, þær stofnanir sem áttu fulltrúa í vaktinni og almenningur hagnast á tilvist vaktarinnar. Þótt viðmælendur teldu að oft hefði vaktin mátt vera sýnilegri almenningi kom fram dæmi um það hvernig hún hafði það hlutverk að draga úr neikvæðri umræðu í þjóðfélaginu með því að koma upplýsingum um stöðu mála til fjölmiðla.

Ég man að það var [umræða um] fjölgun einstaklinga sem taka líf sitt og þetta var blásið upp í fréttum. Svo þegar maður fór ofan í tölurnar þá var það bara ekki rétt. Það var Velferðarvaktin sem kallaði saman upplýsingar og kom því til fjölmiðla aftur. Það var mjög fínt á þessum tíma að gera það því landinn var í tilvistarkreppu og hlutirnir voru svolítið kaos [fulltrúi í stýrihópi].

Viðmælendur ræddu mikilvægi þess að miðla upplýsingum um starfsemi Velferðarvaktarinnar til samstarfsfólks, en sú skylda hvíldi á fulltrúum stýrihóps vaktarinnar að upplýsa samstarfsfólk sitt og umbjóðendur um viðfangsefni og áherslur vaktarinnar (Velferðarráðuneytið, 2013a, desember). Dæmi var um að fulltrúar í stýrihópnum miðluðu upplýsingum í sitt bakland á fundum með samstarfsfólki, en þó taldi einn viðmælenda óvíst að það hafi átt við um alla.

Ég held að í einhverjum tilvikum hafi fólk bara verið svolítið eitt kannski í vaktinni, verið þar af áhuga en ég veit ekki alveg hversu mikið það skilaði sér til baka. Í sumum tilvikum heyrði maður af því að fólk var bara með hóp inni í sinni stofnun sem það fundaði með og þá náttúrulega virkaði þetta [fulltrúi í stýrihópi].

Svipað sjónarmið kom fram í rýnihópum meðal fólks sem hafði tekið þátt í starfsemi vinnuhópa. Þar var minnst á að eitt af markmiðum vinnuhópa hafi verið að kalla fólk saman til þess að það gæti deilt reynslu sinni og lært hvert af öðru. Þannig gæti þátttaka í vinnuhópum nýst til að miðla upplýsingum um hvers konar vinna færi fram í mismunandi stofnunum og samtökum sem starfa á sviði velferðarmála.

Í netkönnun meðal fulltrúa vinnuhópa var spurt var hvort fólk væri sammála eða ósammála því að störf Velferðarvaktarinnar hefðu verið vel kynnt í íslensku samfélagi. Svarmöguleikarnir frekar og mjög ósammála voru sameinaðir fyrir greiningar vegna þess hve fáir völdu þá flokka. Tafla 10 sýnir að ríflega helmingur þátttakenda var sammála, en þriðjungur var hvorki sammála né ósammála því að störf Velferðarvaktarinnar hefðu verið vel kynnt í íslensku samfélagi. Hlutfallslega fleiri konur en karlar voru sammála fullyrðingunni og eins voru svarendur 50 ára og eldri frekar sammála fullyrðingunni en yngri svarendur.

Tafla 10. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? Störf Velferðarvaktarinnar voru vel kynnt í íslensku samfélagi

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög eða frekar ósammála	Fjöldi	Mjög eða frekar sammála
Heild	22%	31%	32%	15%	72	53%
Kyn						
Karl	23%	23%	43%	11%	35	46%
Kona	22%	38%	22%	19%	37	59%
Aldur						
24-49 ára	22%	17%	33%	28%	18	39%
50-59 ára	17%	39%	36%	8%	36	56%
60-68 ára	33%	28%	22%	17%	18	61%
Starfssvið						
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	17%	33%	25%	25%	12	50%
Menntun og fræðsla	7%	36%	29%	29%	14	43%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum	58%	8%	17%	17%	12	67%
Önnur opinber þjónusta	26%	26%	47%	0%	19	53%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	7%	47%	33%	13%	15	53%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar						
Sat í stýrihópi	27%	33%	33%	7%	15	60%
Sat ekki í stýrihópi	20%	31%	31%	18%	55	51%

Hlutverk vaktarinnar sem óháðs hóps

Í umræðu sem fór fram í einstaklingsviðtölum við fólk í stýrihópi um markmið og tilgang Velferðarvaktarinnar kom fram það sjónarmið að vaktin ætti að vera óháður hópur. Þessi skilgreining var sett fram í nýju skipunarbréfi um hlutverk stýrihóps sem var gefið út 8. október 2010. Í viðtali við Guðbjart Hannesson var hann spurður um þýðingu þess að vaktin væri óháð. Það var skilningur Guðbjarts að í því fælist að vaktinni væri ekki stjórnað af ráðherra og að ráðherra bæri að forðast að hafa áhrif á störf hópsins. Þetta gerði það að verkum að hægt væri að fylgjast með afleiðingum aðgerða stjórnvalda og benda á ef ekki væri nóg gert til að bæta hag ákveðinna þjófélagshópa. Ráðherrunum þremur sem rætt var við þótti það vera styrkur Velferðarvaktarinnar að stýrihópurinn kom hugmyndum áleiðis til þeirra um hvað þyrfti að bæta í íslensku samfélagi. Frásagnir Árna Páls og Guðbjarts bentu þó til að þeir hefðu ólíka sýn á það hvort það spillti fyrir sjálfstæði vaktarinnar að stjórnvöld beindu til hennar spurningum. Það var skoðun Guðbjarts að honum bæri ekki að leita upplýsinga hjá Velferðarvaktinni þar sem um væri að ræða óháðan hóp,

en Árni Páll sagðist hafa verið óhræddur við að leita til Velferðarvaktarinnar og að hann hafi gert það áfram eftir að hann varð efnahags- og viðskiptaráðherra.

Þegar ég var að reyna að koma böndum á smálánafyrirtækin [þá tekinn við embætti efnahags- og viðskiptaráðherra] bað ég um upplýsingar um það hvort hún [Velferðarvaktin] gæti aflað upplýsinga um áhrif smálána á viðkvæmustu hópana í samfélaginu, deilt með stjórnvöldum dæmum um slík áhrif og ráðlagt um hvort ætti að leita leiða til að takmarka þessa starfsemi [Árni Páll Árnason, fyrrverandi félags- og tryggingamálaráðherra].

Ráðherrarnir töldu það ekki hafa skipt máli fyrir hlutleysi vaktarinnar að formaður hennar og starfsmaður komu úr röðum starfsfólks ráðuneytisins. Í þessu sambandi benti Guðbjartur á að í ráðherratið sinni hafi hann lagt á það áherslu að tillögur sem kæmu frá Velferðarvaktinni væru ekki teknar til umræðu innan lokaðra hópa í ráðuneytinu áður en þær hlytu almenna kynningu. Fleiri viðmælendur höfðu orð á því að hlutleysi vaktarinnar væri hennar styrkur. Fulltrúi úr stýrihópnum benti á að þó oft hafi verið tekist á um ákveðin málefni hafi alltaf náðst sátt um þær tillögur sem fóru áfram til stjórnvalda. Hlutleysi vaktarinnar þótti skila þessum árangri þar sem fulltrúarnir voru ekki pólitískt skipaðir og þess vegna ekki bundnir af yfirlýstri stefnu stjórnvaldaflokks.

Fólk náði bara sátt sem hefði ekki verið hægt held ég ef þetta hefðu verið pólitískt kjörnir fulltrúar. Þá hefðu þurft að koma allskonar minnihlutaálit inn í [fulltrúi í stýrihópi].

Viðmælendur úr stýrihópi voru allir sammála um að vaktin hafi verið óháð að því leyti að hópurinn ákvað sjálfur hvaða málefni væru til umræðu og hvernig fjallað væri um þessi mál. Á því voru þó skiptar skoðanir hvort bæri að skilgreina hóp sem skipaður er af stjórnvöldum óháðan.

Ég meina þetta er nefndarhópur sem er skipaður af stjórnvaldi og það bara setur hlutina alltaf á ákveðinn stað frekar en ef þetta hefði verið sjálfsprottinn hópur eða einhver félagasamtök. Svona hópur getur ekki verið algjörlega óháður en það var alveg á hreinu að við réðum algjörlega því hvað við tókum upp og hvernig við tókum það upp [fulltrúi í stýrihópi].

Hvort sem fólk kaus að skilgreina vaktina sem fullkomlega óháðan hóp eða ekki, þá var bent á að það hefði kost í för með sér að hópurinn starfaði í umboði ráðherra og að formaður hans hefði tengsl við ráðuneytið. Lára, formaður Velferðarvaktarinnar, starfaði í félags- og tryggingamála-ráðuneytinu sem síðar varð velferðarráðuneytið mestan þann tíma sem þessi fyrsta velferðarvakt var að störfum. Þegar Lára hætti störfum í ráðuneytinu árið 2012 saknaði hún þess að vera ekki í beinum tengslum við ráðherra eða annað starfsfólk ráðuneytisins um málefni sem snertu vaktina.

Þegar ég starfaði [í ráðuneytinu] vissi maður alltaf hvað var efst á baugi, hvað var að gerast og gat bara náð í það sem þurfti að ná í, ráðherra, aðstoðarmenn eða hvað það var [Lára Björnsdóttir, fyrrverandi formaður Velferðarvaktarinnar].

Markmið vinnuhópa

Þegar vinnuhóparnir voru stofnaðir á fundi stýrihópsins þann 27. febrúar 2009 voru markmið vinnuhópa ákveðin. Í fyrsta lagi áttu þeir að kortleggja ástandið, leggja mat á afleiðingar efnahagshrunsins á markhópin og koma því á framfæri hvaða upplýsingar skorti til þess að fá skýrari mynd. Í öðru lagi var hópunum ætlað að taka saman yfirlit um það sem þegar hafði verið gert til að draga úr afleiðingum hrunsins. Í þriðja lagi var samþykkt að hver vinnuhópur kæmi með tillögur til úrbóta og loks var mælt til þess að hóparnir huguðu ávallt að jafnréttissjónarmiði og skoðuðu áhrif aðgerða eða aðgerðarleysis á bæði kynin, innflytjendur og aðra minnihlutahópa (Velferðarráðuneytið, 27. febrúar 2009). Þannig skilgreindi stýrihópurinn hvert væri hlutverk vinnuhópanna en fulltrúum vinnuhópa var látið það eftir að ákveða nánar hvert væri markmið hvers hóps. Ef marka má orð viðmælenda sem tóku þátt í umræðum rýnihópa, gekk stundum erfiðlega að skilgreina nákvæmlega hlutverk hvers hóps, þó yfirmarkmið vinnuhópa væru skýr. Átti það sérstaklega við þá viðmælendur sem áttu sæti í hópum sem fjölluðu um efni sem náði yfir vítt svið.

Ég er mjög sammála því að yfirmarkmiðin voru bæði skýr og göfug og mjög góð. [... en] það var svona ákveðið óöryggi eða ónægja kannski í hópnum með það að við vissum ekki alveg til hvers var ætlast af okkur, hvernig við ættum að skila af okkur, hver tímamörkin væru, hvernig, já þetta var svona. Okkur þótti markmiðin frekar óljós [fulltrúi í vinnuhópi].














Og annar viðmælandi úr vinnuhópi sagði:

Það er gott að hafa svona gott net sem hittist reglulega og tekur púlsinn á samfélaginu en hverju á að það skila? [fulltrúi í vinnuhópi].

Þótt sumum hafi þótt markmiðin óljós er ljóst að hver hópur hafði mismunandi hlutverki að gegna.

Í netkönnun meðal þátttakenda í vinnuhópum kom í ljós að flestir voru sammála um að hlutverk vinnuhópsins væri vel skilgreint, en 29% sögðu hlutverk hópsins alltaf eða næstum alltaf vel skilgreint og helmingur svarenda sagði hlutverk hópsins oftast vera vel skilgreint. Tæplega fjórðungur svarenda sagði hlutverk hópsins stundum, sjaldan eða aldrei vera vel skilgreint. Þegar niðurstöður voru skoðaðar eftir bakgrunnspáttum kom í ljós að starfsfólki í félagsþjónustu sveitarfélaga eða heilbrigðisþjónustu fannst hlutverk vinnuhópsins oftast vel skilgreint en þeim sem störfuðu á öðrum vettvangi (sjá töflu 11).

Tafla 11. Var hlutverk vinnuhópsins vel skilgreint?

	Alltaf eða næstum alltaf	Oftast	Stundum	Sjaldan eða aldrei	Fjöldi	Alltaf, næstum alltaf eða oftast
Heild	29%	49%	13%	10%	70	 77%
Kyn						
Karl	32%	38%	18%	12%	34	 71%
Kona	25%	58%	8%	8%	36	 83%
Aldur						
24-49 ára	33%	44%	11%	11%	18	 78%
50-59 ára	29%	49%	17%	6%	35	 77%
60-68 ára	24%	53%	6%	18%	17	 76%
Starfssvið						
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	25%	67%	0%	8%	12	 92%
Menntun og fræðsla	0%	67%	20%	13%	15	 67%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum	36%	27%	9%	27%	11	 64%
Önnur opinber þjónusta	44%	33%	17%	6%	18	 78%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	36%	50%	14%	0%	14	 86%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar						
Sat í stýrihópi	36%	64%	0%	0%	14	 100%
Sat ekki í stýrihópi	26%	44%	17%	13%	54	 70%

Í könnuninni var fólk beðið að skilgreina markmið þess hóps sem það tilheyrði í eigin orðum. Í töflu 12 er að finna samantekt yfir svör þeirra. Taflan sýnir meðal annars að hópur sem gaf út skýrslu undir nafninu *Kreppa og heilsufar* hafði svipað hlutverk og *Lýðheilsuhópur* sem var stofnaður 2010 eftir að sá fyrrnefndi var lagður niður. Þessir hópar störfuðu ekki á sama tíma, en sá hópur sem fjallaði um kreppu og heilsufar gekk bæði undir heitinu *heilsufar og heilsugæsla* og *vinnuhópur um heilbrigðisþjónustu* (Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, í prentun). Sá fyrrnefndi verður til einföldunar nefndur *vinnuhópur um kreppu og heilsufar* hér á eftir.

Af svörum þátttakenda að dæma voru markmið hópanna mjög í ætt við hugmyndir stýrihóps Velferðarvaktarinnar um hver væri tilgangurinn með stofnun vinnuhópanna. Svarendur nefndu að hlutverk hópanna hefði verið að greina áhrif efnahagshrunsins á þann hóp sem var til skoðunar og koma með tillögur um það hvernig hægt væri að bæta hag fólks. Það er í samræmi við hlutverk Velferðarvaktarinnar sem greiningar- og álitsgjafi.

Tafla 12. Hver voru markmið vinnuhópsins?

Vinnuhópur	Samantekt á svörum
Börn og barnafjölskyldur	Að fylgjast með áhrifum efnahagshrunsins á börn og barnafjölskyldur. Í því fólst að fylgjast með stöðu barna í leik- og grunnskólum, í félags- og heilbrigðiskerfinu og barnavemd. Áhersla var lögð á að skoða hvort þjónusta til barna v ersnaði vegna niðurskurðar eða spamaðar og hvort hækkar á ýmsum útgjöldum vegna barna leiddu til dæmis til breytinga á þátttöku þeirra í íþróttum og tómstundum og einnig þess hvort þau fengu hádegismat í skólum. Lögð var mikil áhersla á að fylgjast með þeim börnum sem áttu erfitt fyrir efnahagshrun, til dæmis þeim sem nýttu þjónustu Barna- og unglíngageðdeildar Landspítalsns og barnavemdar.
Þeir sem standa höllum fæti/stöðu höllum fæti fyrir kreppu	Að fylgjast með hvort hagur þess hóps sem bjó við bág kjör fyrir efnahagshrun hafi v ersnað. Einnig var lögð áhersla á að skoða hvort einhverjar breytingar yrðu á samsetningu hópsins og koma með tillögur að úrbótum fyrir þennan hóp.
Kreppan og heilsufar	Hópurinn starfaði stutt en að ætlun hans var að fylgjast með ýmsum áhrifum efnahagskreppunnar á heilsufar fólks.
Ungmennir og ungt fólk	Að meta áhrif efnahagshrunsins á ungt fólk og leita leiða til að efla nám í grunn- og framhalssskólum og virkja ungt fólk sem stóð höllum fæti vegna efnahagshrunsins
Fólk án atvinnu	Markmið hópsins voru þrjú: 1) að taka saman upplýsingar um stöðu þeirra sem v æru án atvinnu, 2) að upplýsa stjórnvöld um hvað gæti hlotist af langtímaatvinnuleysi og hvornig atvinnuleysi kæmi niður á mismunandi hópum og 3) að koma með tillögur til um aðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar atvinnuleysis, einkum langtímaatvinnuleysis.
Fjárhagsvandi heimilanna	Að vaktast ástandið og þróunina varðandi greiðsluanda heimilanna, fylgst með þeim úrræðum sem sett voru til að aðstoða heimili í greiðsluanda og reynt að meta hvornig þau úrræði nýttust heimilunum til að endurskipuleggja fjármál sín. Einnig leitast við að meta hvar mesti vandi heimilanna lá á þeim tíma og bent á þann vanda sem brýnast var að koma á mótis við með frekari úrræðum eða aðgerðum stjórnvalda og/eða fjármálafyrirtækja.
Grunnþjónustuhópur	Að skilgreina grunnþjónustu hins opinbera til þess að tryggja mætti að þeirri þjónustu v æri hlíf við niðurskurði og að forgangsraðað v æri í þágu þeirrar þjónustu þegar aftur yrði svigrúm til þess að auka við opinbera þjónustu.
Lýðheilsuhópur	Að skoða áhrif hrunsins á heilsu og velferð landsmanna. Hópnun var ætlað að skoða áhrif hrunsins á heilbrigði einstaklinga á mismunandi æviskeiðum, þ.e. meðgöngu og ung börn, skólábörn og ungmenni, vinnandi fólk og aldraða. Hópnun var síðan ætlað að greina hverjir stæðu höllum fæti þegar kom að heilbrigðisþjónstu.
Hópur um félagsvísu	Að þróa félagsvísu sem er samsafn tölulegra upplýsinga, sem áttu að vera aðgengilegir á einum stað og gefa ákveðna vísbendingu um þróun og breytingar í samfélaginu. Þannig áttu félagsvísar að vera mælikvarðar á félagslegt umhverfi ámóta og hagvísar í efnahaglegu umhverfi.
Suðurnesjavaktin	Að efla tengsl fagfólks á svæðinu og draga fram þær lausir sem til voru á svæðinu og gátu nýst þeim sem hallaði á eftir bankahrundi hvort sem um var að ræða hjá hinu opinbera, sveitarfélögum eða félagasamtökum. Suðurnesjavaktinni var einnig ætlað að fylgjast með áhrifum efnahagshrunsins á velferð á Suðurnesjum og grípa til mótvægisáðgerða þar sem þess var talin þörf.
Sameinaður hópur fólks án atvinnu og ungs fólks	Að kortleggja stöðu ungs fólks, sérstaklega m.t.t. atvinnu og náms og benda á leiðir þar sem hægt v æri að bæta úr.

Tveir af hverjum þremur svarendum í könnun meðal fulltrúa vinnuhópa sagði vel hafa gengið að ná þeim markmiðum sem vinnuhópurinn setti sér, en ríflega fimmtungur svarenda hvorki vel né illa. Þeir sem störfuðu hjá félagasamtökum eða í opinberri þjónustu sögðu betur hafa gengið að ná markmiðum vinnuhópa en þeir sem störfuðu hjá félagsþjónustu sveitarfélaga, í heilbrigðisþjónustu eða á sviði menntunar og fræðslu (sjá töflu 13).

Tafla 13. Þegar á heildina er litið, hversu vel eða illa fannst þér ganga að ná þeim markmiðum sem vinnuhópurinn setti sér?

	Hvorki vel					Fjöldi	Mjög eða frekar vel
	Mjög vel	Frekar vel	né illa	Frekar illa	Mjög illa		
Heild	13%	51%	22%	7%	7%	72	64%
Kyn							
Karl	15%	45%	21%	6%	12%	33	61%
Kona	10%	56%	23%	8%	3%	39	67%
Aldur							
24-49 ára	13%	44%	19%	6%	19%	16	56%
50-59 ára	11%	55%	21%	8%	5%	38	66%
60-68 ára	17%	50%	28%	6%	0%	18	67%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sv eitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	0%	50%	25%	17%	8%	12	50%
Menntun og fræðsla	0%	44%	44%	6%	6%	16	44%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sv eitarstjórnunum	17%	50%	17%	8%	8%	12	67%
Önnur opinber þjónusta	22%	61%	11%	6%	0%	18	83%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	21%	50%	14%	0%	14%	14	71%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar							
Sat í stýrihópi	27%	40%	33%	0%	0%	15	67%
Sat ekki í stýrihópi	9%	56%	18%	7%	9%	55	65%

Svarendur sem sögðu illa hafa gengið að ná þeim markmiðum sem vinnuhópurinn setti sér (14%) voru spurðir hvers vegna. Um var að ræða opna spurningu en í töflu 14 er búið að flokka svör þátttakenda í fjóra flokka. Algengasta ástæðan sem var gefin fyrir því að illa hefði gengið að ná markmiðunum var ómarkviss vinnubrögð og samstarfsörðugleikar.

Tafla 14. Hvers vegna gekk illa að ná þeim markmiðum sem vinnuhópurinn setti sér?

Flokkur	Fjöldi	Dæmi um athugasemdir
Ómarkviss vinnubrögð eða samstarfsörðugleikar	6	„Fundarstjórn ekki í takt við mikilvægi verkefnisins. Illa undirbúnir fundir og stjórnendum ekki ljóst mikilvægi málaflokksins.“
Verkefnið fjaraði út	4	„Fundir voru fáir og loks var hætt að kalla á fundarmenn á fundi og verkefnið virtist fjara út.“
Markmið óljós frá upphafi	2	„Óljós markmið og tímaskortur þátttakenda.“
Skortur á fjármagni og úrræðum	1	„Úrræði skorti, lög og reglugerðir voru ekki í takt við það sem var að gerast, fjármagn skorti...“

Verkefni Velferðarvaktarinnar

Frá upphafi var ákveðið að Velferðarvaktin skyldi meðal annarra verkefna leggja áherslu á málefni barnafjölskyldna og ungs fólks. Stýrihópurinn taldi meðal annars brýnt að koma í veg fyrir að ungt fólk flosnaði úr námi og að huga að vinnumarkaðsúrræðum fyrir þá sem væru að ljúka námi. Aðspurð um hvernig það kom til að ákveðið var að beina sjónum að þessu viðfangsefni sagði fólk úr stýrihópi að skipunarbréfið sem kom frá ráðherra hafi að vissu leyti skapað hópnum ákveðinn ramma. Á fyrstu fundum Velferðarvaktarinnar var síðan rætt hver skyldu vera helstu áhersluatriðin og í þeirri umræðu var lögð áhersla á mikilvægi þess að læra af reynslu Finna af efnahagskreppunni þar í landi og huga að menntun, heilsu og almennri velferð barna og ungmenna svo koma mætti í veg fyrir síðari tíma vandamál.

Mér fannst persónulega mjög jákvætt hvað var mikið fókuserað á barnafjölskyldur og fátæktina af því að..., við getum bara nefnt Finnland sem dæmi, með því að horfa ekkert á [fátækt og barnafjölskyldur] þá erum við bara að búa til framtíðarvandamál [fulltrúi í stýrihópi].

Þegar ráðherrarnir voru inntir eftir því hvað þeim hafi fundist um þessa nálgun vaktarinnar lýstu þeir yfir mikilli ánægju með val á áhersluefni.

Þau tóku útgangspunkturinn börn og unnu mikið með það og það hitti náttúrulega í hjartastað. Ég var mjög sammála því, mér fannst það líka vera mjög spennandi nálgun fyrir svona velferðarvakt að skoða öll mál út frá áhrifum á stöðu barna í samfélaginu [Guðbjartur Hannesson, fyrrverandi velferðarráðherra].

En þrátt fyrir ánægju með val á viðfangsefnum Velferðarvaktarinnar kom það sjónarmið fram í rýnihópum að ekki hafi verið mótuð heildstæð stefna um þau mál sem vaktin fékkst við. Fyrstu árin eftir efnahagshrun þótti vinna vaktarinnar hafa einkennst af viðbragðavinnu og benti einn viðmælandanna á að ef á Íslandi ætti áfram að vera starfrækt velferðarvakt þyrftu viðfangsefni hennar að vera hluti af mótun heildstæðrar stefnu í velferðarmálum. Þess vegna þótti rétt að staldra við, endurskilgreina hlutverk vaktarinnar og hefja starfsemi nýrrar vaktar árið 2014.

Af því að ástandið var svona, þá varð umræðan alveg rosalega sterk í þá veru að bregðast við einhverju ástandi sem annað hvort er að skapast eða gæti hugsanlega skapast meðan besta lausnin væri kannski einhvers konar heildstæð stefna [fulltrúi í vinnuhópi].

Brugðist var við því ástandi sem viðmælandinn úr vinnuhópnum lýsti með ýmsu móti. Fundað var um stöðuna í íslensku samfélagi bæði í stýrihópi og vinnuhópum og einnig sendi stýrihópur Velferðarvaktarinnar frá sér ályktanir, tilmæli og áskoranir, skrifaði áfangaskýrslur þar sem lagðar voru fram tillögur til stjórnvalda, lét gera úttektir og skipulagði fundi og málþing.

Ályktanir, tilmæli og áskoranir

Á fundum stýrihóps var ákveðið hvaða áskorunum og tilmælum skyldi beint til stjórnvalda og annarra stofnana í þeim tilgangi að bæta hag fólks. Tafla 15 gefur yfirlit yfir ályktanir, tilmæli og áskoranir sem Velferðarvaktinni sendi frá sér á árunum 2009 til 2013.

Tafla 15. Ályktanir, tilmæli og áskoranir Velferðarvaktarinnar

Mánuður og ár	Efni
Júní 2009	Tilmæli til félags- og tryggingamálaráðuneytis að samræma betur skráningu mála hjá barnavemdamefndum.
September 2009, 2010, 2011 og 2012	Tilmæli til sveitarstjórna og skólamefnda að tryggja yfirlit með öllum tiltækum ráðum og fylgst með því að börn í skólum á þeirra vegum fengju hádegisverð alla skóladaga.
Desember 2009	Álit til félags- og tryggingamálaráðuneytis um að varhugavert væri að fresta greiðslu foreldra- og fæðingarorlofs að hluta til eins og gert var ráð fyrir í frumvarpi til breytinga á lögum.
Desember 2009	Tilmæli til félags- og tryggingamálaráðuneytis að láta ekki ungt fólk í atvinnuleit afskiptalaust og koma í veg fyrir með öllum tiltækum ráðum að það einangrist í aðgerðarleysi.
Mars 2010	Tilmæli til Borgarráðs Reykjavíkur að taka innheimtukröfur vegna skólamáltíða, leikskólalagjalda og frístundaiðkunar barna til sérstakrar athugunar áður en þær væru sendar innheimtufyrirtækjum.
Mars 2010	Hvatning til barnavemdamefnda sveitarfélaga að skila ævinnlega innan tilskilinna tímamarka útfylltum eyðublöðum og öðrum upplýsingum til Barnavemdarstofu.
Apríl 2010	Hvatning til sveitarstjórna og barnavemdamefnda sveitarfélaga að beita sér fyrir aukinni umræðu meðal starfsfólks og kjörinna fulltrúa um fjölbreytileg úrræði til að mæta þörfum barna og barnafjölskyldna.
Júní 2010	Áskorun til Alþingismanna um að hafa velferð þeirra sem veikast standa í brennidepli í störfum sínum og horfa heildstætt og málefnalega á fjármál ríkisins þannig að skynsamleg forgangs röðun verði möguleg.
Október 2010 og nóvember 2011	Áskorun til fjárlaganefndar Alþingis og sveitarstjórna um aðgæslu þegar ákvæðin eru teknar í hagráðingarskyrni.
Desember 2010	Áskorun til forsætisráðherra, fjármálaráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra, félags- og tryggingamálaráðherra, dómsmála- og mannréttindaráðherra, Samtaka fjármálafyrirtækja, Arion banka hf., Íslandsbanka hf., NBI banka hf., Byr hf., SpKef, Sambands íslenskra lífeyrissjóða, MP banka og Íbúðalánasjóðs um skilvirka kynningu sem væri öllum skiljanleg á aðgerðum í kjölfar viljayfirlýsingar stjórnvalda og lánastofnana um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna.
Desember 2010	Áskorun til heilbrigðisráðherra um að leita allra leiða til að tryggja að börn sem búa við fátækt eða aðrar erfiðar félagslegar aðstæður fái nauðsynlega tannheilbrigðisþjónustu.
Mars 2011	Álit til efnahags- og viðskiptaráðuneytis um skaðsemi smálánafyrirtækja og hvatt til þess að öllum tiltækum ráðum verði beitt til að koma í veg fyrir starfsemi þeirra.
Nóvember 2011	Ályktun til velferðarráðherra um áhyggjur velferðarvaktarinnar af niðurskurði á fjárframlögum til Barnavemdarstofu.
Nóvember 2012	Áskorun til stjórnvalda um að þau skapi aðstæður sem hvetji fyrirtæki og einstaklinga til fjárfestinga og atvinnuskapandi verkefna.
Janúar 2013	Hvatning til sveitarfélaga um að móta eða endurskoða fjölskyldustefnu og setja sér aðgerðaáætlun með það að markmiði að styrkja stöðu fjölskyldna í landinu.
Mái 2013	Hvatning til forsætisráðherra, fjármálaráðherra og velferðarráðherra um að ganga frá samningum vegna samþykktar um niðurgreiðslur á tannlækningum barna.

(Heimild: Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, í prentun)

Eins og sjá má sneri efni bréfanna oft að börnum og barnafjölskyldum og ungu fólki, sem var í samræmi við ákvörðun stýrihópsins um áhersluefni vaktarinnar. Taflan sýnir enn fremur að flest bréfanna voru rituð á upphafsárum Velferðarvaktarinnar, en árið 2009 sendi vaktin frá sér fjögur bréf og árið eftir voru þau átta talsins. Minna var um að vaktin sendi frá sér ályktanir, tilmæli og áskoranir á árunum 2011 til 2013. Í töflunni má einnig sjá að áskorun til sveitarstjórna og skólanefnda sveitarfélaga um að tryggja að börn fái hádegismat í grunnskólum var send út á hverju hausti ásamt því að leggja áherslu á að halda kostnaði heimilanna vegna skólasóknar barna í lágmarki. Viðmælendur úr stýrihópi voru sammála um að hvatningar til sveitarstjórna um að tryggja skólamáltíðir hafi verið með mikilvægustu tilmælum sem hópurinn sendi frá sér. Hugmyndin að þessum bréfum kviknaði með upplýsingaöflun um efnahagskreppuna í Finnlandi. Þar í landi var sú áhersla sem var lögð á að bjóða upp á hádegisverð í grunnskólum talin hafa átt þátt í að draga úr alvarlegum afleiðingum efnahagskreppunnar á börn. Ingibjörg Broddadóttir, starfsmaður Velferðarvaktarinnar, sagði að strax í kjölfar fyrstu áskorunar vaktarinnar um að tryggja börnum hádegismat í skólum og vegna áhrifa frá umræðunni um viðbrögð Finna við efnahagskreppunni á sínum tíma, hafi þeim skólum sem buðu börnum hafragraut í morgunsárið fjölgað verulega. Ingibjörg taldi þetta framtak þannig hafa tekist vel og að sveitarstjórnir hafi tekið þessar ályktanir til greina.

Þá þóttu áskoranir um að tryggja tannheilsu barna hafa skilað árangri. Í maí 2012 skipaði Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra, starfshóp til að gera tillögur um tannlækningar barna og tæpu ári síðar var samningur milli Sjúkratrygginga Íslands og Tannlæknafélags Íslands um tannlæknaþjónustu fyrir börn og unglinga yngri en 18 ára undirritaður í Velferðarráðuneytinu (Velferðarráðuneytið, 2013b).

Maður sá alveg, bara þetta eina „concrete“ dæmi eins og með tannlækningar [barna], ég meina, það er svona eitthvað sem maður getur alveg sett puttann á [fulltrúi í stýrihópi].

Áfangaskýrslur

Stýrihópurinn gaf út fimm áfangaskýrslur. Sú fyrsta kom út í mars 2009 og önnur í ágúst sama ár. Þriðja skýrslan kom út árið 2010 og lagði Árni Páll, þáverandi velferðarráðherra, hana fyrir á Alþingi vorið 2010. Fjórða skýrslan kom út í júní 2011 og fimmta og síðasta skýrslan í desember 2013.

Í skýrslunum er að finna umfjöllun um stöðu velferðarmála á þeim tíma sem þær voru gefnar út og ásamt tillögum til úrbóta. Fyrsta skýrslan kom út aðeins mánuði eftir að stýrihópurinn hélt sinn fyrsta fund. Í þeirri skýrslu lagði stýrihópurinn það til að áfangaskýrslum yrði skilað á þriggja mánaða fresti, en það gekk ekki eftir. Megintilgangur fyrstu skýrslunnar var að greina frá störfum vaktarinnar þann stutta tíma sem hún hafði starfað. Á þessum tíma mat Velferðarvaktin ástandið þannig að afleiðingar efnahagshrunsins væru ekki orðnar fyllilega sýnilegar. Enn voru 90% landsmanna með atvinnu, flestir stóðu í skilum og börnum hafði ekki fækkað í leikskóla, svo eitthvað sé nefnt. Á hinn bóginn var talið að á sjötta hundrað börn ættu foreldra sem báðir væru án atvinnu og einnig hafði aðstoðarbeiðnum til félagsþjónustu sveitarfélaga fjölgað. Lögð var áhersla á að sveitarfélög, ríki og

frjáls félagasamtök hefðu ýtt mörgum aðgerðum úr vör til að bregðast við áhrifum efnahagshrunsins á einstaklinga og fjölskyldur í landinu (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009a).

Önnur áfangaskýrsla Velferðarvaktarinnar dró upp fremur dökka mynd af ástandinu í þjóðfélaginu. Í þeirri skýrslu lýsti Velferðarvaktin yfir áhyggjum af því að ungt fólk væri líklegra til að missa vinnuna en hinir eldri og að langtímaatvinnulausum hafi fjölgað. Félagsþjónustur sveitarfélaga fundu fyrir fjölgun umsókna um fjárhagsaðstoð og álag í barnavernd hafði aukist. Í skýrslunni var einnig gerð grein fyrir stöðu þeirra verkefna sem var getið í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um velferð. Aðgerðaáætlunin byggði að sumu leyti á þeim tillögum sem stýrihópurinn lagði fram í fyrstu skýrslu sinni til ráðherra (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009b).

Þriðja skýrsla vaktarinnar kom út í janúar 2010 og gerði Árni Páll þá skýrslu að sinni og lagði fram á Alþingi á 138. Löggjafarþingi 2009-2010. Þar var að finna upplýsingar um tilurð vaktarinnar, markmið hennar og helstu viðfangsefni sem stýrihópur og vinnuhópar vaktarinnar tókst á við árið 2009. Einnig fylgdi yfirlit yfir þær tillögur sem vaktin lagði fram árið 2009, en engum nýjum var bætt við í þessari þriðju skýrslu. Viðmælendur úr stýrihópi sögðu það hafa skipt gríðarlega miklu máli og haft áhrif að Árni Páll hefði lagt skýrsluna fram á Alþingi.

Í fjórðu skýrslu Velferðarvaktarinnar var tekið fram að margt benti til þess að vel hefði tekist að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar kreppunnar, en lagt var til að hagur fátækra barnafjölskyldna yrði bættur. Atvinnuleysi var áfram áhyggjuefni vaktarinnar (Velferðarráðuneytið, 2011a). Í fimmtu og síðustu áfangaskýrslunni var aftur minnst á að á flestum sviðum hefði vel tekist að sporna við alvarlegum afleiðingum efnahagskreppunnar. Í því sambandi var bent á að búið væri að koma á fót vinnumarkaðsúræðum fyrir ungt fólk og að fjölskylduþjónusta sveitarfélaga væri bæði fjölbreytt og öflug. Þó var lýst yfir áhyggjum af fátækt ungra barnafjölskyldna, atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara og stöðu öryrkja, fólks sem hefði viðurværi sitt af fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og lágtekjufólks sem byggi við háan húsnæðiskostnað (Velferðarráðuneytið, 2013a).

Að sögn viðmælenda fór vinna við skýrslur vinnuhópa þannig fram að hver hópur skrifaði skýrslu um afrakstur sinnar vinnu. Stýrihópurinn afhenti ráðherra skýrslu, þar sem var að finna ákveðnar tillögur frá vinnuhópunum sem fulltrúar stýrihóps komu sér saman um, ásamt öðru efni frá stýrihópi. Af frásögnum viðmælenda að dæma voru viðfangsefni hópanna miserfið. Þannig sagði fulltrúi úr vinnuhópi sem ætlað var að fjalla um fólk án atvinnu, að eðli málsins samkvæmt hafi hópurinn skoðað áhrif efnahagshrunsins á stöðu fólks á vinnumarkaði. Á hinn bóginn reyndist fulltrúa úr vinnuhópi sem var ætlað að skilgreina hvað teldist til grunnþjónustu erfiðara að nálgast efnið.

Þetta verður allt svo matskennt - hvar eigum við þá að draga mörkin ef við síðan gefum okkur að grunnþjónusta taki til bæði lögbundinnar þjónustu og svona einhverrar þjónustu sem hefðbundið er að veita [fulltrúi í vinnuhópi].

Úttektir

Velferðarvaktin stóð fyrir ýmsum úttektum og rannsóknum. Sumar þeirra voru unnar af fulltrúum vaktarinnar en í öðrum tilvikum voru utanaðkomandi aðilar fengnir til að vinna verkefni. Umræðan í þjóðfélaginu á hverjum tíma kallaði á ákveðin viðbrögð og við skýrsluskrif vöknudu ýmsar spurningar sem leita þurfti svara við. Þannig var það til dæmis með úttekt sem gerð var á fjölda tilkynninga til barnaverndar, en í upphafi kreppu var hávæð um aukinn fjölda tilkynninga.

Menn vildu kenna hruninu um allt, um alla fátækt, um öll vandræði, allar barnaverndartilkynningar. [...] Við ætluðum ekki að fara að halda áfram þessum upphrópunarstíl [...] heldur áttu allar tillögur að koma frá einhverri þekkingu og að við hefðum skoðað það, og helst rannsóknum [Lára Björnsdóttir, fyrrverandi formaður Velferðarvaktarinnar].

Frá stofnun vaktarinnar 2009 og þar til þessi fyrsta vakt lauk störfum árið 2013 var unnið að sjö úttektum eða smærri rannsóknum. Í maí 2009 leitaði Velferðarvaktin upplýsinga hjá sveitarfélögum landsins um hvort og með hvaða hætti félagsþjónustan hefði orðið vör við áhrif efnahagskreppunnar. Um var að ræða nokkrar opnar spurningar sem sendar voru á félagsmálastjóra sveitarfélaga. Töldu þeir nær allir félagsþjónustuna hafa fundið fyrir afleiðingum kreppunnar, þar sem umsóknum um fjárhagsaðstoð hafði fjölgað og meira var um að fólk óskaði eftir félagslegri ráðgjöf. Að hluta til voru málin af sama toga og áður, en starfsfólk taldi þau vera þyngri og flóknari úrlausnar. Í könnuninni var einnig spurt hvaða þætti Velferðarvaktin ætti að leggja áherslu á í störfum sínum. Þar kom í ljós að óskir félagsþjónustunnar voru mjög í samræmi við áhersluefni vaktarinnar. Til að mynda var minnst á að huga þyrfti að börnum og barnafjölskyldum og þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu, að til staðar þyrftu að vera rannsóknir svo hægt væri að fylgjast með þróun hjá sérstökum hópum, að huga þyrfti að fjármálum heimilanna og tryggja grunnþjónustu velferðarkerfisins (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009d).

Fyrirnefnd skýrsla um fjölgun barnaverndartilkynninga kom út í nóvember 2009 og var unnin af Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF). Við úttektina var aflað tölulegra upplýsinga frá barnaverndarnefndum í Reykjavík, Reykjanesbæ og Árborg fyrstu sex mánuði árána 2005 til 2009. Niðurstöður sýndu að tilkynningum til barnaverndar fjölgaði um 20-32% á fyrstu sex mánuðum hvers árs, nema árið 2008, þegar þeim fækkaði. Fjölmiðlar höfðu veitt því athygli að tilkynningum til barnaverndar fjölgaði fyrri hluta árs 2009, en skýrsluhöfundur sýndi fram á að þessi fjölgun á tilkynningum var svipuð þeirri sem var árin þar á undan, að undanskildu árinu 2008. Það var því ekkert sem benti til þess að fjölgunin væri afleiðing efnahagskreppunnar (Halldór Sig. Guðmundsson, 2009).

Sumarið 2010 stóð Vinnumálastofnun fyrir átaki meðal atvinnuleitenda. Við það tækifæri ákvað félags- og tryggingamálaráðuneytið að láta gera tvær rannsóknir að frumkvæði Velferðarvaktarinnar og réði þrjá starfsmenn til að vinna að þeim verkefnum. Annað verkefnið fjallaði um þjónustu sveitarfélaga við börn og barnafjölskyldur og fólst í öflun upplýsinga um þjónustu af vefsvæðum sveitarfélaganna. Hitt verkefnið bar heitið *Raddir barna 2010* og byggði á

viðtölum við átta börn um viðhorf þeirra til kreppunnar og hvernig þau upplifðu umræðu um efnahagsástandið í samfélaginu (Velferðarráðuneytið, 24. ágúst 2010).

Fyrri hluta árs 2011 kom út skýrsla sem bar heitið *Konur í kreppu*. Frá fyrsta starfsári Velferðarvaktarinnar var ákveðið að samþætta jafnréttissjónarmið öllu starfi vaktarinnar. Á starfsdegi Velferðarvaktarinnar í september 2010 var ákveðið að eitt af meginverkefnum starfsársins skyldi vera að tryggja að jafnréttissjónarmið kæmu fram í tölfræði sem vaktin óskaði eftir. Í kjölfarið var leitað til Evu Bjarnadóttur og Eyglóar Árnadóttur um að safna kyngreindum upplýsingum frá ríkisstofnunum og hagsmunasamtökum sem leitt gætu í ljós áhrif kreppunnar á velferð kvenna. Í skýrslunni er meðal annars fjallað um stöðu foreldra ungra barna, en dregið hafði úr orlofsgreiðslum til feðra frá upphafi kreppu á sama tíma og mæður fengu auknar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Í skýrslunni er einnig að finna kyngreindar upplýsingar um fjárhagsvanda heimilanna, en konur voru í meirihluta þeirra sem töldu sig ekki geta mætt óvæntum útgjöldum og áttu erfitt með að ná endum saman. Þá var fjallað um áhrif efnahagskreppunnar á stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði og heilsu fólks og birtar tölur um kynbundið ofbeldi (Eva Bjarnadóttir og Eygló Árnadóttir, 2011).

Vorið 2011 sendi Velferðarvaktin út spurningar til barnaverndarnefnda, heilsugæslustöðva og grunnskóla til að kanna hagi barna í erfiðri stöðu. Ári síðar var sumarstarfsmaður ráðinn til að greina niðurstöður þessara spurninga, stýra umræðum í þremur rýnihópnum meðal starfsfólks þessara stofnana og taka þrjú einstaklingsviðtöl við fulltrúa Félags einstæðra foreldra, Samtaka kvenna af erlendum uppruna og Hjálparstofnunar kirkjunnar. Niðurstöður úttektarinnar voru þær að það vantaði heildræna sýn á málaflokk barna og barnafjölskyldna, tryggja þyrfti að báðir foreldrar gætu nýtt sér fæðingarorlof, efla þyrfti sjálfstæði einstaklinga með því að leggja áherslu á hjálp til sjálfshjálpar, hvetja þyrfti til samvinnu milli kerfa og að mikil aðsókn væri í sálfræði- og geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn (Velferðarráðuneytið, 2011b).

Í desember 2012 kom út skýrsla um orsakir nauðungarsölu á Suðurnesjum. Rannsóknin var unnin að frumkvæði sýslumannsins í Keflavík og kostuð af velferðarráðuneytinu en í formála skýrslunnar stendur að öflugt starf Velferðarvaktarinnar hafi ráðið úrslitum um að af rannsókninni varð. Lára Kristín Sturludóttir var fengin til að vinna að rannsókninni og henni til aðstoðar voru ráðnir tveir háskólanemar í gegnum áttak Vinnumálastofnunar til að fjölga sumarstörfum fyrir námsmenn. Rannsóknin náði yfir tímabilið 2001-2011. Mikil aukning var í nauðungarsölu árið 2008 og þegar skýrslan kom út hafði ekki dregið úr henni. Þó var tekið fram að nauðungarsölum á íbúðum einstaklinga fækkaði á milli árána 2010 og 2011 en á sama tíma fjölgaði nauðungarsölum á íbúðum lögaðila (Lára Kristín Sturludóttir, 2012).

Framkvæmdarverkefni

Verkefni vinnuhópa um félagsvísa og um Suðurnesin urðu síðar að sjálfstæðum framkvæmdarverkefnum og skáru sig þannig frá öðrum vinnuhópum Velferðarvaktar.

Hópur um félagsvísa

Í viðtölum við fólk úr stýrihópi kom í ljós að félagsvísar voru það verkefni sem þótti standa upp úr. Fljótlega eftir stofnun Velferðarvaktarinnar rak fólk sig á að það vantaði verkfæri sem veitti tölulegar upplýsingar um stöðu ýmissa hópa og gæfi möguleika á að skoða þróun yfir tíma. Að sögn Láru, formanns Velferðarvaktarinnar, lenti hópurinn oft í vandræðum þegar koma átti með álit eða tillögur þar sem ekki voru til staðar upplýsingar um hvað hefði breyst við efnahagshrunið. Til dæmis voru ekki til neinar aðgengilegar upplýsingar á einum stað um breytingar sem höfðu orðið á fjölda lágtekjufólks, skuldum heimila, stöðu á leigumarkaði og brottfall úr námi. Velferðarvaktin sá því til þess að kallaður var saman hópur sérfræðinga til að vinna að gerð félagsvísa. Vinnuhópur um félagsvísa var samþykktur á fundi stýrihópsins í mars 2009 eftir að ráðgjafar um rannsóknir mættu á fund hópsins (Velferðarráðuneytið, 6. mars 2009, 13. mars 2009). Formaður hópsins kom úr röðum stýrihóps og sérfræðingur úr félags- og tryggingamálaráðuneytinu kom til liðs við hann. Að sögn viðmælenda úr stýrihópi var með stofnun félagsvísa unnt að eyða getgátum um hvort breytingar á stöðu ákveðinna hópa væru afleiðing kreppunnar eða ekki.

Að fá félagsvísana breytti vinnunni fyrir okkur. Við fengum upplýsingar um stöðuna eins og hún var hverju sinni og gátum unnið út frá því [fulltrúi í stýrihópi].

Við þróun félagsvísa fór Velferðarvaktin að vissu leyti út fyrir hlutverk sitt sem greiningar- og álitsgjafi. Velferðarvaktinni var almennt ekki ætlað að sjá til þess að verkefnum væri hrint í framkvæmd en fólk úr stýrihópi gegndi mikilvægu hlutverki í því að koma félagsvísu á fót.

Haustið 2010 samþykkti stýrihópur Velferðarvaktarinnar að mynda sex starfshópa með fulltrúum frá stofnunum sem vinna með tölfræðigögn. Þessir hópar hittust reglulega og unnu að þróun félagsvísa. Um var að ræða hóp um afkomuvísa (1), sem greindi aðstæður þeirra sem framfleyttu sér á lífeyrisgreiðslum eða með fjárhagsaðstoð sveitarfélaga; hóp um félags- og menntavísa (2), sem greindi meðal annars brottfall úr skólum og tíðni afbrota; hóp vísa um fjármál heimilanna (3), sem greindi skuldastöðu, greiðslubyrði og fjárhagsvanda heimilanna; hóp um heilbrigðisvísa (4), sem greindi þætti sem hafa áhrif á heilbrigði þjóðarinnar; hóp vísa um vinnumarkaðinn (5), sem greindi meðal annars stöðu og samsetningu þeirra sem voru án atvinnu og loks lýðfræðihóp (6) sem veitti tölulegar upplýsingar sem gátu nýst við vinnu annarra hópa. Samhliða stofnun starfshópanna var ákveðið að kalla saman hóp fulltrúa frá háskólasamfélaginu sem hafði það hlutverk að rýna í vinnu starfshópanna og koma með ábendingar um hvernig væri best að setja gögnin fram og skilgreina þau (Velferðarvaktin, 2009a).

Í febrúar 2012 voru félagsvísar gefnir út í fyrsta sinn. Um er að ræða skýrslu sem hefur að geyma tölulegar upplýsingar um lýðfræði, jöfnuð, sjálbærni, heilsu og samheldni. Í þessari fyrstu skýrslu var tekið fram að Velferðarvaktin leggði áherslu á að tryggja að áfram yrði unnið að þróun

félagsvísa og viðhaldi þeirra. Mikilvægt þótti að ákveða hvaða stofnun eða ráðuneyti ætti að fara með umsjón og vistun félagsvísa svo tryggt væri að þeir yrðu uppfærðir reglulega (Velferðarvaktin, 2012a). Tilvist félagsvísa var tryggð í desember 2012 þegar velferðarráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið og Hagstofa Íslands undirrituðu samning um að Hagstofan héldi utan um gagnaöflun og úrvinnslu gagna vegna félagsvísa og réði til sín sérfræðing til framkvæmdar verkefnisins. Önnur útgáfa félagsvísa var unnin af Hagstofu Íslands fyrir velferðarráðuneytið og kom út í október 2013 (Hagstofa Íslands, 2013).

Að mati Guðbjarts Hannessonar, fyrrverandi velferðarráðherra voru félagsvísarnir þó ekki enn komnir í þann farveg sem hann hafði vonast til.

Ég vona að framkvæmdin verði eins og við hugsuðum hana [...], að það verði búinn til ákveðinn kvarði og þannig fylgst með ákveðnum félagslegum þáttum og á þriggja mánaða fresti eða hálfis árs fresti [...] væru gefnir út félagsvísar sem sýna hver þróunin er. Félagsvísar fylgi bókstaflega hagtölum af því hagtölur eru alltaf birtar fyrir allt mögulegt en eru afar takmarkaður mælikvarði á samfélagið [Guðbjartur Hannesson, fyrrverandi velferðarráðherra].

Suðurnesjavaktin

Stofnun Suðurnesjavaktarinnar var annað dæmi um verkefni sem hrint var í framkvæmd af Velferðarvaktinni. Suðurnesin stóðu verr að vígi fljótlega eftir efnahagshrun en önnur landsvæði á ýmsum sviðum. Þar var atvinnuleysi hátt samanborið við aðra landshluta, skuldavandi var mikill og menntunarstig lágt. Á fundi fulltrúa samtaka og stofnana á Suðurnesjum þann 13. október 2010 var óskað eftir því að Velferðarvaktin aðstoðaði samtök og stofnanir á Suðurnesjum við að vinna saman að brýnum velferðarmálum í ljósi hinnar alvarlegu kreppu og tryggja velferð íbúa. Tveimur mánuðum síðar var búið að stofna samstarfshóp um velferðarmál á Suðurnesjum. Ríkisstjórnin samþykkti tillögur Velferðarvaktarinnar um að veita fjármagni í að ráða starfsmann til þriggja ára í verkefnið og var Lovísa Lillindahl fengin í starfið. Ákveðið var að Ingibjörg Broddadóttir yrði formaður hópsins. Þá voru í hópnum fulltrúar allra sveitarfélaga á Suðurnesjum (Reykjanesbær, Grindavík, Garður, Sandgerði og Vogar) og helstu þjónustustofnana. Markmið hópsins var að efla samstarf sveitarfélaganna á sviði velferðarmála. Suðurnesjavaktin starfaði undir formerkjum velferðarráðuneytisins fram til ársloka 2013 og samsetning vaktarinnar hélst nokkurn veginn óbreytt þann tíma sem hún starfaði, þó nokkrir fulltrúar hafi bæst í hópinn eftir að hann var stofnaður (Velferðarráðuneytið, 2011a).

Fyrsta áfangaskýrsla Suðurnesjavaktarinnar kom út í júní 2011. Um var að ræða greiningu á ástandinu á Suðurnesjum og hafði skýrslan meðal annars að geyma upplýsingar um atvinnuleysi, greiðsluvanda og gjaldprot fyrirtækja á svæðinu ásamt umfjöllun um helstu aðgerðir sem gripið hafði verið til á sviði atvinnu-, mennta- og velferðarmála (Velferðarvaktin, 2011a). Önnur áfangaskýrsla kom út í júní 2012. Í skýrslunni var tekið fram að formlegt samstarf sveitarfélaga á sviði velferðarmála hefði aukist til muna með tilkomu Suðurnesjavaktarinnar. Þá voru ýmis jákvæð teikn á lofti um þróun atvinnu- og velferðarmála á svæðinu. Til dæmis þótti verkefni sem miðaði að því að efla menntun hafa skila góðum árangri og búið var að stofna atvinnuþróunarfélag sem vann

að fjölbreyttum verkefnum á sviði atvinnu- og byggðapróunar. Dregið hafði úr atvinnuleysi frá því fyrsta áfangaskýrslan var rituð þó atvinnuleysi væri eftir sem áður hæst á Suðurnesjum (Velferðarvaktin, 2012b). Í þriðju og síðustu áfangaskýrslu Suðurnesjavaktarinnar, sem kom út í desember 2013, var fjallað um það að staðan á svæðinu hafi farið batnandi. Átti það sérstaklega við á sviði atvinnumála, en verulega hafði dregið úr atvinnuleysi frá því Suðurnesjavaktinni var komið á fót. Einnig var meðalárangur á samræmdum prófum í grunnskóla í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði haustið 2013 sá besti frá upphafi. Aftur á móti var fjöldi heimila á Suðurnesjum enn í vanskilum og áfram varð aukning á nauðungarsölum heimila. Þá jókst kostnaður við fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna líkt og annars staðar á landinu (Velferðarvaktin, 2013).

Suðurnesjavaktin stóð fyrir ýmsum verkefnum þann tíma sem hún starfaði og ber þar einkum að nefna árvekniverkefni um heimilisofbeldi sem hófst haustið 2011. Í tengslum við verkefnið var gefinn út bæklingur um heimilisofbeldi sem dreift var í öll hús á Suðurnesjum, haldið var málþing um heimilisofbeldi og lögreglan og félagsþjónustur á svæðinu hófu sérstakt samstarf. Samstarfið gekk meðal annars út á að bæta rannsóknir á heimilisofbeldismálum, taka málin föstum tókum frá upphafi, aðstoða brotþola og gerendur markvisst meðal annars með því að kalla starfsfólk félagsþjónustu á vettvang og nýta betur úrræði um nálgunarbann og brottvísun (Velferðarvaktin, 2013). Samkvæmt svari þátttakenda í vinnuhópum við opinni spurningu í netkönnun, átti tilraunaverkefnið um heimilisofbeldi á Suðurnesjum og samstarf lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar að vera til eins árs en varð síðan að viðurkenndu verklagi í umdæminu.

Styrkveitingar

Ein af tillögum í fyrstu áfangaskýrslu stýrihópsins frá því í mars 2009 var að stofnaður yrði mótvægissjóður sem hefði það hlutverk að veita fé til nauðsynlegra velferðarrannsókna, samræmingar verkefna á vegum þriðja geirans og samstarfsaðila, stuðnings við starfsfólk sem vinnur með þeim sem verst hafa orðið úti í kreppunni, átaksverkefna fyrir tiltekna hópa sem efnahagsástandið hefur bitnað verst á og annarra nauðsynlegra verka. Á fundi stýrihópsins þann 27. mars 2009 greindi formaður Velferðarvaktarinnar frá því að Mótvægissjóður yrði að veruleika. Í kjölfarið sáu formaður vaktarinnar og starfsmennirnir tveir um að semja reglur sjóðsins. Reglurnar voru lagðar fyrir stýrihópinn á fundi þann 26. júní 2009 og þá var einnig samþykkt að formaður vaktarinnar og starfsmenn hennar myndu hafa umsjón með sjóðnum ásamt fulltrúa menntamálaráðuneytisins og Rauða krossins í stýrihópi. Í reglum sjóðsins var þess getið að sjóðnum væri ætlað að styðja við aðgerðir sem dregið gætu úr afleiðingum efnahagskreppunnar fyrir fólk í landinu. Ætlunin var að verja 75% af styrkupp hæð sjóðsins til átaksverkefna, stuðnings við starfsfólk í velferðarþjónustu, velferðarrannsókna og vinnu við félagsvísa, en fjórðungi upphæðarinnar átti að verja til þess að samræma verkefni sem þriðji geirinn stóð fyrir og annarra nauðsynlegra verkefna. Stofnframlag sjóðsins var 30 milljónir króna og hann átti að vera í vörslu ríkissjóðs en í umsjón félags- og tryggingamálaráðuneytisins (Velferðarráðuneytið, 26. júní 2009).

Auglýst var eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum í byrjun árs 2010. Á fundi stýrihóps 27. apríl 2010 kom fram að 45 umsóknir hefðu borist og að stofnaður hafi verið vinnuhópur sem kæmi með

tillögur að úthlutun. Ákveðið var að styrkja 15 verkefni um samtals 13 milljónir króna (Velferðarráðuneytið, 27. apríl 2010). Þetta var eina úthlutunin úr Mótvægissjóði, en Velferðarvaktin auglýsti ekki aftur eftir umsóknum í sjóðinn. Í viðtali við Láru, formann Velferðarvaktarinnar og Ingibjörgu, starfsmann vaktarinnar, var spurt hvers vegna hafi aðeins verið um eina úthlutun að ræða. Að þeirra sögn voru verkefnin sem sótt var um styrk fyrir ekki í samræmi við þær hugmyndir sem stýrihópurinn hafði gert sér um tilgang sjóðsins. Því var ákveðið að nýta frekar fjármagnið sem ríkisstjórnin hafði veitt til að koma sjóðnum á fót til að greiða fyrir úttektir. Þannig tókst meðal annars að fjármagna rannsókn um áhrif kreppunnar á konur og fjölgun barnaverndartilkynninga.

Kynningar og upplýsingagjöf

Þegar Velferðarvaktin var stofnuð var vefsvæði opnað á heimasíðu félags- og tryggingamála-ráðuneytis þar sem mátti finna upplýsingar um störf stýrihópsins, aðgerðir stjórnvalda og hvert fólk gæti leitað eftir upplýsingum. Í fyrstu áfangaskýrslu Velferðarvaktarinnar var tekið fram að á þeim stutta tíma sem vefsvæðið hafði verið opið var algengast að fólk opnaði hlekk sem vísaði því á upplýsingar um hvert fólk gæti leitað til að afla upplýsinga um atvinnumál, húsnæðismál, greiðsluferfiðleika, málefni innflytjenda, börn og barnafjölskyldur, félagsþjónustu sveitarfélaga og flutning milli Norðurlanda (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009a).

Á öðrum fundi stýrihóps Velferðarvaktarinnar var rætt um mikilvægi fjölmiðla í umræðu um velferðarmál. Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki í allri umræðu og var neikvæð umræða talin geta haft mikil áhrif á börn og ungmenni og fólk sem stæði höllum fæti í samfélaginu. Var sú hugmynd rædd hvort að stýrihópurinn gæti haft það hlutverk að beina fjölmiðlaumræðu í jákvæðan farveg, því dæmi voru um misvísandi fréttir sem gátu valdið fólki hugarangri. Á fundinum var samþykkt að annar starfsmanna vaktarinnar hefði samband við starfsfólk fréttastöðva (Velferðarráðuneytið, 27. febrúar 2009). Á fundi stýrihóps viku síðar var greint frá því að fundað hafði verið með fjölmiðlafólki þann 9. mars og var þar samþykkt að komið yrði á fót samstarfi milli Velferðarvaktarinnar og fjölmiðla (Velferðarráðuneytið, 6. mars 2009). Formaður vaktarinnar greindi frá því að ákveðið hefði verið að hætta við að reyna að koma þessu samstarfi á fót eftir fund þeirra og fjölmiðla, en að fjölmiðlafulltrúi velferðarráðuneytisins væri boðaður á alla fundi vaktarinnar og ætti að sjá um alla fréttamiðlun.

Auk þess að beina málum til fjölmiðla lagði stýrihópur Velferðarvaktarinnar áherslu á að kynna þau mikilvægu mál tengd efnahagshruninu sem vaktin var að fást við með því að halda fundi og málþing. Í töflu 16 er yfirlit yfir þau málþing og kynningarfundir sem Velferðarvaktin stóð fyrir. Á þessum fundum voru utanaðkomandi aðilar fengnir til að halda erindi sem varpað gætu ljósi á stöðu mismunandi þjóðfélagshópa.

Tafla 16. Málþing á vegum Velferðarvaktarinnar

<i>Mánuður og ár</i>	<i>Efni</i>
Nóvember 2009	Morgunverðarfundur um efnahag heimilanna
Nóvember 2009	Málstofa um atvinnumál
Febrúar 2010	Umræðu- og upplýsingafundur um velferð og líðan barna á tímum efnahagsþrenginga
Mái 2010	Baráttufundur gegn fátækt og félagslegri einangrun
Nóvember 2010	Hjálp til sjálfshjálpar: Samráðsdagur um samstarf opinberra stofnana og þriðja geirans
Janúar 2014	Málþing um margbreytileika fjölskyldugerða


(Heimild: Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, í prentun)

Fulltrúar stýrihópsins sáu einnig um að kynna efni sem tengdist Velferðarvaktinni á fundum og ráðstefnum sem skipulagðar voru af öðrum, innanlands og utan. Þannig sá Lára, formaður vaktarinnar, til dæmis um að kynna starfsemi vaktarinnar á ársfundum ASÍ, á málstofum sem haldnar voru á vegum stofnana og deilda Háskóla Íslands, á fundum með fulltrúum sveitarfélaga, á prestastefnu og fyrir t.d. norrænum gestum og samstarfsaðilum í Norrænu ráðherranefndinni (Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, í prentun). Þá sögðust viðmælendur úr stýrihópi hafa fundið fyrir töluverðum áhuga á vaktinni erlendis frá. Að sögn Láru, formanns Velferðarvaktarinnar og Ingibjargar, starfsmanns vaktarinnar vakti það athygli annarra ríkja að á Íslandi væri starfandi hópur fólks úr ýmsum áttum sem hafði það að markmiði að koma með hugmyndir til stjórnvalda. Lára var því fengin til að flytja erindi um starfsemi Velferðarvaktarinnar á alþjóðlegum fundum og ráðstefnum sem haldnar voru á Íslandi. Einnig ferðaðist hún til Frakklands, Finnlands og Svíþjóðar til að kynna Velferðarvaktina og efni tengt henni. Ingibjörg, starfsmaður vaktarinnar fór til Írlands til að kynna vaktina alþjóðlegri ráðstefnu þar í landi. Margir erlendir gestir og hópar komu einnig og óskuðu eftir kynningu. Þrátt fyrir að viðfangsefni Velferðarvaktarinnar hafi verið kynnt á þennan hátt, sagðist einn viðmælenda úr stýrihópi jafnvel hafa viljað skapa frekari vettvang fyrir umræðu um stöðu mála í þjóðfélaginu.

Hugsanlega hefði Velferðarvaktin getað gert meira af því, og það ræddum við reyndar oft, meira af því að halda málþing, fundi, ná umræðum þar í gegn [fulltrúi í stýrihópi].


Af ofantöldu má ljóst vera að Velferðarvaktin beitti ýmsum aðferðum við að vekja athygli á starfsemi sinni og þeim málefnum sem vaktin tókst á við, ásamt því að skapa umræðu og afla þekkingar á stöðu velferðarmála. Í ljósi þessa þótti áhugavert að kanna hversu sýnileg vaktin var almenningi og fólki sem starfaði innan stofnana sem áttu fulltrúa í Velferðarvaktinni. Í könnunum meðal almennings og samstarfsaðila Velferðarvaktarinnar var fólk spurt hvort það hefði heyrt um Velferðarvaktina.

Mikill munur var á svörum eftir því hvorum hópnum fólk tilheyrði. Fjórðungur þeirra sem svaraði könnun meðal almennings hafði heyrt um Velferðarvaktina en það sama átti við um tæplega 80% þeirra sem tilheyrðu hópi samstarfsaðila (sjá mynd 2). Bakgrunnsgreiningu á svörum við spurningunni er að finna í töflu i í viðaukum 1 og 2 (viðauka 1 fyrir almenning og viðauka 2 fyrir samstarfsaðila).



Mynd 2. Hefur þú heyrt um Velferðarvaktina? – Samanburður á svörum samstarfsaðila og almennings

Svarendur sem höfðu heyrt Velferðarvaktarinnar getið voru spurðir hversu vel eða illa þeir þekktu til starfa hennar. Mynd 3 sýnir að ríflega fjórðungur þeirra sem starfaði innan stofnana sem áttu fulltrúa í Velferðarvaktinni (samstarfsaðilar) þekktu störf Velferðarvaktarinnar vel, samanborið við 9% almennings. Um 36% samstarfsaðila sögðust þekkja illa til starfa vaktarinnar, samanborið við 68% almennings. Nærri 40% samstarfsaðila sögðust þekkja hvorki vel né illa til starfa vaktarinnar, samanborið við um fjórðung almennings. Bakgrunnsgreiningu á svörum við spurningunni er að finna í töflu ii í viðaukum 1 og 2.



Mynd 3. Hversu vel eða illa þekkir þú störf Velferðarvaktarinnar? – Samanburður á svörum samstarfsaðila og almennings

Vinnulag og stjórnun í stýrihópi

Fundir stýrihóps

Fundir stýrihóps Velferðarvaktarinnar voru nýttir til að ræða störf vinnuhópanna, til að upplýsa um þá starfsemi sem fram fór á vinnustöðum fulltrúa hópsins og til að fá kynningar og fræðslu frá fólki sem stóð utan við vaktina. Fundað var hálfsmánaðarlega, í tvo tíma í senn, en auk reglubundinna funda hélt stýrihópurinn lengri fundi að hausti þar sem fjallað var sérstaklega um verklag hópsins. Í viðtölum við fulltrúa stýrihóps var fólk beðið að lýsa skoðun sinni á því hve ört var fundað. Viðmælendur voru sammála um að full þörf hafi verið á að funda ört, sér í lagi við upphaf efnahagskreppu, þar sem þurfti að ræða mörg mikilvæg málefni í Velferðarvaktinni.

Okkur fannst full ástæða til þess að gera þetta svona á þeim tíma. Við vorum að grípa stöðuna eins og hún var hverju sinni vegna þess að það var svo mikið að gerast þarna fyrstu mánuðina eftir hrun [fulltrúi í stýrihópi].

Einnig var haft á orði að með því að funda með reglulegu millibili hafi myndast ákveðin samfella.

Það varð ekki of langt á milli til að þú þyrftir að byrja að rifja allt upp þannig að ég held að það hafi alveg verið þörf á því [fulltrúi í stýrihópi].

Formaður og starfsmenn vaktarinnar sáu um að útbúa dagskrá fyrir hvern fund og síðan boðaði formaður til fundar. Frá upphafi var lögð áhersla á að halda vel utan um það sem fram fór á fundum hópsins og voru fundargerðir og kynningar gesta aðgengilegar á netinu þannig að þær gætu nýst vinnuhópum við skýrsluskrif. Hlutverk formanns fólst einnig í því að stýra fundum stýrihópsins. Í viðtölum við fólk úr stýrihópi var haft á orði að á stundum hafi fundarstjórnun ekki verið nógu góð. Það kom fyrir að dagskrá væri of þétt og áttu fundirnir það til að dragast á langinn. Viðmælandi í stýrihópi benti á að of langir fundir stýrihópsins gætu komið niður á störfum fólks á öðrum vettvangi og að of þétt dagskrá gæti einnig komið í veg fyrir að það efni sem gestir fundanna miðluðu til fulltrúa stýrihópsins nýttist sem skyldi. Þetta átti þó sérstaklega við fyrst eftir að vaktinni var komið á fót. Þá gat það komið fyrir að gestirnir fengu knappan tíma og lítið svigrúm gafst til umræðna. Viðmælendur úr stýrihópi sögðu dagskrána vera þétt skipaða vegna þess að umræðan sem fram fór í stýrihópnum kallaði á mikið magn upplýsinga, sér í lagi við upphaf kreppu. Vaktin byggði tillögur sínar á þekkingu og oft niðurstöðum úr rannsóknum sem verið var að kynna á fundum þeirra.

En enn og aftur, ég held að í byrjun þá vildum við bara vita allt, bara hafa púlsinn á öllu [fulltrúi í stýrihópi].

Þetta breyttist þó eftir því sem á leið þar sem hópurinn kom sér saman um að betra væri að fá færri gesti á fundi vaktarinnar og hafa rýmri tíma til umræðu. Einnig var rætt um að gæta þyrfti þess að hafa dagskrá fundanna ekki það þétta að ekki næðist að koma með uppástungu að málefnum sem þóttu mikilvæg að ræða í Velferðarvaktinni.

Lýðræðisleg vinnubrögð

Að sögn viðmælenda var í Velferðarvaktinni lögð áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð. Í því fólst að einungis voru lagðar fram tillögur og ályktanir sem allir fulltrúar stýrihópsins gátu sameinast um. Viðmælendur úr stýrihópi voru spurðir hvernig þetta fyrirkomulag hafi gengið fyrir sig. Af frásögnum þeirra að dæma var um að ræða óformlegt lýðræði. Hópurinn greiddi ekki atkvæði um hvort tillaga til stjórnvalda ætti að ná fram að ganga heldur hafði frekar tækifæri til að koma með athugasemdir og breytingatillögur áður en tillögurnar voru settar í skýrslu sem var skilað til stjórnvalda.

Það var þá samþykkt að það væri þessi hópur sem myndi klára vinnuna og svo senda út og þá hefðirðu einhvern tíma til að koma með einhverjar athugasemdir eða eitthvað. Þannig að ég held að það hafi aldrei komið til atkvæðagreiðslu í sjálfu sér sko [fulltrúi í stýrihópi].

Guðbjarti Hannessyni, fyrrverandi velferðarráðherra, fannst þessi áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð vera einn af styrkleikum vaktarinnar því hún hvatti fólk til þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Lýðræðisleg vinnubrögð voru einnig viðhöfð þegar viðfangsefni vaktarinnar voru valin þar sem fulltrúar í stýrihópi komust gjarnan sjálfir að niðurstöðu um hvaða málefni væri brýnt að skoða hverju sinni. Fordæmið var sett á fyrsta fundi vaktarinnar, þann 20. febrúar 2009, þar sem formaður og starfsmaður vaktarinnar báðu alla fulltrúa að segja frá því hvaða málefni þeim þætti mikilvægast að Velferðarvaktin setti á oddinn. Eftir þennan fyrsta fund voru málefni oftast en ekki valin út frá þeirri umræðu sem var í þjóðfélaginu á hverjum tíma.

Það var ekkert endilega að formaðurinn kæmi með: „Nú tökum við þetta fyrir og þetta verður unnið svona.“ Þetta var mjög öflugur og breiður stýrihópur sem kom með ýmsar ábendingar um hvað þyrfti að leggja áherslu á hverju sinni [fulltrúi í stýrihópi].

Ákvörðun um hvaða gesti skyldi fá á fundi stýrihóps vaktarinnar var einnig oftast tekin í ljósi þeirrar umræðu sem fram fór í hópnum. Oft höfðu fulltrúar hópsins sjálfir frumkvæði að því að fá fólk til að halda kynningu á fundum vaktarinnar, stundum sá formaður vaktarinnar um að kalla til gesti og einnig voru dæmi um að fólk sem stóð utan við hópinn óskaði eftir að koma á fund til að miðla upplýsingum til fulltrúanna. Þótt þörf fyrir tilteknar upplýsingar og fræðslu kæmi yfirleitt frá fulltrúum stýrihópsins, sögðu viðmælendur það hafa komið fyrir að fengnir voru utanaðkomandi aðilar til að halda kynningu á efni sem þeim fannst ekki koma Velferðarvaktinni við. Í því sambandi var til dæmis haft á orði að umræða um staðgöngumæðrun væri mikilvæg en hefði ekki átt að koma á borð Velferðarvaktarinnar þar sem henni hafi verið ætlað að fjalla um stöðu viðkvæmra hópa.

En auðvitað kom fyrir að einhver mál kæmu inn á fund sem kannski hefðu átt heima annars staðar [fulltrúi í stýrihópi].

Stjórnun

Af framangreindu má ráða að hlutverk formanns stýrihóps hafi verið að kalla hópinn saman og halda utan um störf hans, fremur en að fela honum sérstök verkefni. Formaður stýrði fundum, og kom fram fyrir hönd vaktarinnar. Viðmælendur úr stýrihópi voru almennt ánægðir með það hvernig vaktinni var stjórnað. Haft var orð á því að Lára og Ingibjörg byggju báðar yfir mikilli þekkingu og reynslu og þótti viðmælendum gott að geta leitað til þeirra þegar vöknudu spurningar. Á það var einnig minnst að formaður vaktarinnar hafi verið sveigjanlegur og leyft vaktinni að þróast með því fólki sem í henni sat.

Hún var ekki búin að mynda sér skoðun á hvernig þetta ætti að lífa út [...]. Hún var mjög fín sem formaður út af því [fulltrúi í stýrihópi].

Ráðherrarnir þrír voru einnig mjög ánægðir með störf stjórnenda vaktarinnar og að sögn Guðbjarts, var það að hans ósk að Lára gegndi áfram hlutverki formanns Velferðarvaktarinnar þegar hún hætti störfum í velferðarráðuneyti.


Þegar leitað var eftir því við viðmælendur úr stýrihópi hvort eitthvað hefði mátt betur fara í stjórnun vaktarinnar sagðist viðmælandi úr stýrihópi hafa viljað fá meiri stuðning frá ráðuneytinu við skýrsluskrif. Að hennar sögn lá mikil vinna á bak við skýrslurnar og stór hluti vinnunar fólst í upplýsingaleit.

Það var svo mikil kaos í samfélaginu og þess vegna var efnisviðurinn svo mikill. Það sem hefði mátt gera öðruvísi var að það væri meiri stuðningur við hópana frá ráðuneytinu, svona hjálp við að skrifa skýrslur og annað slíkt. Af því þetta er náttúrulega ólaunað starf, bara algjörlega ofan á aðra vinnu [fulltrúi í stýrihópi].

Vinnulag og stjórnun í vinnuhópum

Vinnuframlag


Vinnuframlag þátttakenda í vinnuhópum fólst meðal annars í fundarsetu, gagna- og heimildaöflun, skýrsluskrifum og kynningum. Spurðir um hlutverk sitt og framlag innan vinnuhópsins, sögðu 93% þátttakenda í netkönnun meðal fulltrúa vinnuhópa hlutverk sitt að miklu eða nokkru leyti hafa falist í fundarstarfi. Gagna- og heimildaöflun var einnig stór þáttur í hlutverki þeirra, en 62% svarenda greindu frá því að hlutverk þeirra hafi að miklu eða nokkru leyti falist í þess háttar vinnu. Um 31% sagðist hafa unnið að miklu eða nokkru leyti við úrvinnslu gagna og 30% að hlutverk þeirra hafi að miklu eða nokkru leyti falist í skýrsluskrifum. Að lokum greindu 28% svarenda frá því að kynningar hefðu verið stór eða nokkur stór hluti starfsins (sjá mynd 4).



Mynd 4. Að hve miklu eða litlu leyti fólst hlutverk þitt í vinnuhópnum í...?

Þátttakendur í vinnuhópum voru spurðir hvort þeir hefðu viljað funda oftar eða sjaldnar í vinnuhópnum. Meirihluti svarenda var ánægður með fjölda funda, en 63% hefðu hvorki viljað funda oftar né sjaldnar. Um 29% hefðu viljað funda oftar, en 7% svarenda sjaldnar (sjá töflu 17).

Tafla 17. Hefðir þú viljað að fundað hefði verið oftar eða sjaldnar í vinnuhópnum?



Verkaskipting og skipulag

Verkaskipting var óformleg, en fólk skipti sjálft með sér verkum innan hópsins fremur en að verkefnum væri almennt úthlutað til þeirra sem störfuðu í vinnuhópnum. Rúmur helmingur (57%) svarenda í könnun meðal fulltrúa í vinnuhópnum var ánægður með það hvernig fulltrúarnir skiptu með sér verkum. Tæplega þriðjungur var hvorki ánægður né óánægður með verkaskiptingu. Konur voru ánægðari með verkaskiptingu innan hópsins en karlar. Fólk sem starfaði hjá félagasamtökum og félagsþjónustu sveitarfélaga eða í heilbrigðisþjónustu var almennt óánægðara með verkaskiptinguna en aðrir (sjá töflu 18).

Tafla 18. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með það hvernig þið skiptuð með ykkur verkum innan vinnuhópsins?

	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	Mjög eða frekar óánægð(ur)	Fjöldi	Mjög eða frekar ánægð(ur)
Heild	18%	39%	31%	13%	72	57%
Kyn						
Karl	14%	34%	31%	20%	35	49%
Kona	22%	43%	30%	5%	37	65%
Aldur						
24-49 ára	22%	28%	22%	28%	18	50%
50-59 ára	19%	43%	27%	11%	37	62%
60-68 ára	12%	41%	47%	0%	17	53%
Starfssvið						
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	8%	42%	33%	17%	12	50%
Menntun og fræðsla	7%	47%	33%	13%	15	53%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	18%	45%	27%	9%	11	64%
Önnur opinber þjónusta	26%	42%	26%	5%	19	68%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	27%	20%	33%	20%	15	47%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar						
Sat í stýrihópi	43%	21%	36%	0%	14	64%
Sat ekki í stýrihópi	13%	45%	27%	16%	56	57%

0% 25% 50% 75% 100%

Í rýnihópnum þeirra sem höfðu verið fulltrúar í vinnuhópnum kom í ljós að einhverjum fannst verkaskiptingin hafa verið óljós. Einnig var bent á að heppilegra hefði verið að skipta hópnum upp til að ræða afmarkað efni í smærri hópnum. Slíkt hefði sparað tíma sem fór í umræður og komið betra skipulagi á störf hópanna. Auk þess að kalla eftir skýrari umræðu innan vinnuhópanna var haft á orði að vinnuálagi hafi verið misskipt vegna þess að ekki hafi verið til staðar öflug verkstjórn.

Það var ekki svona skýr verkstjórn. Það var mjög auðvelt fyrir fólk að taka verkstjórnina og taka stjórnina í hópnum, taka bara af skarið. Eins og hefur komið fram voru allir ofsalega önnur kafnir og höfðu lítinn tíma [...] þannig að ef einhver tók af skarið [...] og gerði drög að skýrslu [þá voru] allir ofsalega fegnir [fulltrúi í vinnuhópi].

Öflugri verkstjórn var þannig talin hafa getað aukið virkni fulltrúanna. Af orðum viðmælenda úr vinnuhópnum má ráða að þörf hafi verið á slíku þar sem þreytu hafi farið að gæta meðal fulltrúa

vinnuhópa eftir því sem leið á störf vaktarinnar. Sama sjónarmið birtist í orðum viðmælanda sem sat í stýrihópi vaktarinnar en gegndi einnig formennsku í vinnuhópi.

Eins og síðasta skýrslan var mjög erfið í fæðingu. Þá hélt ég ennþá utan um hópinn og það var mjög erfitt að kalla hópinn saman. Þá svona var fólk einvern veginn bara orðið mett af þessari vinnu og bara nennti ekki meira [fulltrúi í stýrihópi].

Í rýnihópnum var einnig minnst á að með góðri verkstjórn hefði verið hægt að skilgreina betur verksvið hvers fulltrúa, en einn þátttakanda sagði of mikinn tíma hafa farið í að skýra og ræða mögulegt hlutverk hvers og eins. Fulltrúar vinnuhópa voru spurðir í netkönnun hvort þeir teldu hafa verið skýrt til hvers var ætlast af þeim í vinnuhópnum. Um 69% svarenda fannst það alltaf eða oftast skýrt. Þriðjungi þátttakenda fannst stundum, sjaldan eða aldrei skýrt til hvers var ætlast af þeim í vinnuhópnum. Fólk sem starfaði hjá félagasamtökum eða í opinberri þjónustu hélt því frekar fram að hlutverk þeirra væri skýrt en aðrir svarendur. Þeir sem sátu einnig í stýrihópi fannst skýrara til hvers var ætlast af þeim en þeir sem áttu ekki sæti í stýrihópi (sjá töflu 19).

Tafla 19. Var skýrt til hvers var ætlast af þér í vinnuhópnum?

	Alltaf eða						Fjöldi	Alltaf, næstum alltaf eða oftast
	næstum alltaf	Oftast	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Fjöldi		
Heild	31%	38%	18%	7%	6%	71	69%	
Kyn								
Karl	29%	35%	18%	9%	9%	34	65%	
Kona	32%	41%	19%	5%	3%	37	73%	
Aldur								
24-49 ára	26%	37%	11%	21%	5%	19	63%	
50-59 ára	40%	31%	20%	0%	9%	35	71%	
60-68 ára	18%	53%	24%	6%	0%	17	71%	
Starfssvið								
Félagspjónusta sv eitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	17%	42%	25%	17%	0%	12	58%	
Menntun og fræðsla	7%	53%	27%	0%	13%	15	60%	
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum	36%	36%	9%	18%	0%	11	73%	
Önnur opinber þjónusta	56%	22%	11%	6%	6%	18	78%	
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	33%	40%	20%	0%	7%	15	73%	
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar								
Sat í stýrihópi	36%	43%	21%	0%	0%	14	79%	
Sat ekki í stýrihópi	30%	37%	19%	9%	6%	54	67%	

0% 25% 50% 75% 100%

Þegar spurt var um skipulag á störfum vinnuhópanna, kom í ljós að um tveir af hverjum þremur svarendum voru ánægðir með það hvernig starf vinnuhópsins var skipulagt, en 17% svarenda voru óánægðir. Helst kom fram munur á þátttakendum eftir setu í stýrihópi, en þeir sem sátu í stýrihópi voru almennt ánægðari með skipulag starfa í hópnum en þeir sem sátu ekki í stýrihópi (sjá töflu 20).

Tafla 20. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með það hvernig starf vinnuhópsins var skipulagt?

	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	Mjög eða frekar óánægð(ur)	Fjöldi	Mjög eða frekar ánægð(ur)
Heild	21%	42%	21%	17%	72	63%
Kyn						
Karl	23%	40%	17%	20%	35	63%
Kona	19%	43%	24%	14%	37	62%
Aldur						
24-49 ára	28%	28%	17%	28%	18	56%
50-59 ára	16%	49%	22%	14%	37	65%
60-68 ára	24%	41%	24%	12%	17	65%
Starfssvið						
Félagsþjónusta sv eitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	8%	42%	17%	33%	12	50%
Menntun og fræðsla	20%	33%	27%	20%	15	53%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sv eitarstjórnnum	27%	27%	27%	18%	11	55%
Önnur opinber þjónusta	32%	47%	16%	5%	19	79%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	13%	53%	20%	13%	15	67%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar						
Sat í stýrihópi	29%	57%	14%	0%	14	86%
Sat ekki í stýrihópi	20%	39%	20%	21%	56	59%

0% 25% 50% 75% 100%

Svarendur könnunarinnar voru einnig spurðir opinnar spurningar um hvort þeir hefðu viljað hafa skipulag og verklag vinnuhópsins með öðrum hætti. Í töflu 21 er að finna samantekt yfir athugasemdir svarenda. Taflan sýnir að töluverður hópur hefði ekki viljað hafa skipulagið öðruvísi, en af þeim sem gáfu svar við því hvernig hefði mátt bæta skipulag og verklag innan hópsins var algengast að fólk nefndi að vinnan hefði mátt vera markvissari og verkaskipting skýrari.

Tafla 21. Þegar þú hugsar um skipulag og verklag vinnuhópsins, var eitthvað sem þú hefðir viljað hafa öðruvísi?

Flokkur	Fjöldi	Dæmi um athugasemdir
Hefði ekki viljað hafa þetta öðruvísi	10	„Hefði ekki viljað hafa þetta öðruvísi.“
Markvissari vinna og skýrari verkaskipting	12	„Vinnulag var óljóst og upplýsingastrey mi lítið. Hér þarf að skipuleggja fram í tímann, hafa skýr markmið, deila út verkefnum, skipuleggja fyrirkomulag fundar og markmið hvers fundar, auka samstarf og leita upplýsinga við fleiri aðila en þá örfáu sem mættu á fundi. Tengja mun betur við aðra hópa og bæta upplýsingagjöf á milli þeirra.“
Skýrari markmið	8	„Skýra hefði mátt betur hlutverk og tilgang hópsins og samræðu við stýrihópinn v antaði. Betur hefði mátt lýsa stöðu hvers og eins og fyrir hvað hver og einn stæði varðandi mögulega tillögugerð og þróun úrræða. Samhæfingu v antaði á sumum sviðum og almenn þekking á hlutverkum þeirra sem voru í hópnum var ekki nógu góð.“
Fulltrúar hópsins misvirkir	3	„Mismunandi framlag aðila innan hópsins til vinnunnar, hefði mátt vera jafnara.“
Illá mætt á fundi	2	„Mæting á fundina var ekki nógu þétt og mikill tími fór í að útskýra endurtekið hv að hafði verið gert.“
Of sjaldan boðað til fundar	2	„Kalla oftar til fundar.“
Tímarammi of þröngur	2	„Að þessu verkefni hefði verið gefinn meiri tími.“
Annað nefnt	8	„Fá einhvern sem hefði getað haldið utan um skýrsluskrif og annað, t.d. frá ráðuneyti.“

Fulltrúar vinnuhópa voru spurðir í netkönnun hversu ánægðir eða óánægðir á heildina litið þeir hefðu verið með störf vinnuhópsins sem þeir tóku þátt í. Meirihluti, eða um tveir af hverjum þremur, sagðist vera ánægður með störf hópsins, en 22% voru hvorki ánægð né óánægð og 14% óánægð. Fimmtungur karla var óánægður með störf hópsins, samanborið við 8% kvenna. Þeir sem störfuðu við opinbera þjónustu í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum voru að jafnaði ánægðari með störf vinnuhópsins í heild sinni en þeir sem störfuðu á öðrum vettvangi. Enginn sem sat í stýrihópi vaktarinnar greindi frá óánægju með störf vinnuhópsins (sjá töflu 22).

Tafla 22. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með störf vinnuhópsins?

	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	Mjög eða frekar óánægð(ur)	Fjöldi	Mjög eða frekar ánægð(ur)
Heild	21%	43%	22%	14%	72	64%
Kyn						
Karl	23%	37%	20%	20%	35	60%
Kona	19%	49%	24%	8%	37	68%
Aldur						
24-49 ára	28%	22%	33%	17%	18	50%
50-59 ára	16%	54%	16%	14%	37	70%
60-68 ára	24%	41%	24%	12%	17	65%
Starfssvið						
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	8%	50%	25%	17%	12	58%
Menntun og fræðsla	13%	47%	27%	13%	15	60%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum	36%	18%	18%	27%	11	55%
Önnur opinber þjónusta	37%	42%	16%	5%	19	79%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	7%	53%	27%	13%	15	60%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar						
Sat í stýrihópi	21%	50%	29%	0%	14	71%
Sat ekki í stýrihópi	21%	43%	18%	18%	56	64%

0% 25% 50% 75% 100%

Forgangsröðun verkefna

Samkvæmt viðmælendum í rýnihópum meðal þeirra sem höfðu tekið þátt í störfum vinnuhópa, gat verið erfitt að afmarka umfjöllunarefni hvers hóps og forgangsráða verkefnum þar sem í sumum tilvikum var um víðtækt efni að ræða. Einn viðmælenda úr vinnuhópi um ungmenni og ungt fólk minntist til að mynda á að hugtakið ungt fólk væri yfirgripsmikið og gæti átt við börn, unglinga og unga foreldra og þess vegna hafi umræðan í vinnuhópnum oft farið út um víðan völl. Fulltrúar vinnuhópa höfðu einnig áhyggjur af því að hóparnir væru að fjalla um efni sem ætlast var til að annar hópur fjallaði um. Í hópnum sem fjalla átti um börn og barnafjölskyldur fór til dæmis mikill tími í að ræða hvenær barn hættir að vera barn, þar sem hópurinn vildi gæta þess að fara ekki yfir á svið hópsins sem átti að fjalla um ungmenni og ungt fólk.

Í netkönnun meðal fulltrúa vinnuhópa var spurt hversu ánægðir eða óánægðir þeir hafi verið með forgangsröðun verkefna innan hópsins. Alls kvaðst 61% þátttakenda vera ánægt með forgangsröðun verkefna, 27% hvorki ánægt né óánægt og 11% óánægt. Konur voru almennt ánægðari en karlar og svarendur á aldrinum 50-59 ára voru ánægðari en svarendur í öðrum aldurshópum. Þeir sem störfuðu á sviði menntunar og fræðslu og hjá félagasamtökum voru ánægðari en þeir sem störfuðu á öðrum vettvangi (sjá töflu 23).

Tafla 23. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með forgangsröðun verkefna innan vinnuhópsins?

	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	Mjög eða frekar óánægð(ur)	Fjöldi	Mjög eða frekar ánægð(ur)
Heild	16%	46%	27%	11%	70	61%
Kyn						
Karl	14%	37%	31%	17%	35	51%
Kona	17%	54%	23%	6%	35	71%
Aldur						
24-49 ára	22%	28%	28%	22%	18	50%
50-59 ára	14%	57%	19%	11%	37	70%
60-68 ára	13%	40%	47%	0%	15	53%
Starfssvið						
Félagsþjónusta sv eitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	8%	42%	25%	25%	12	50%
Menntun og fræðsla	7%	64%	21%	7%	14	71%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum	20%	30%	30%	20%	10	50%
Önnur opinber þjónusta	32%	32%	32%	5%	19	63%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	7%	60%	27%	7%	15	67%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar						
Sat í stýrihópi	21%	50%	21%	7%	14	71%
Sat ekki í stýrihópi	15%	46%	26%	13%	54	61%

0% 25% 50% 75% 100%

Lýðræðisleg vinnubrögð

Í vinnuhópnum var, líkt og í stýrihópnum, lögð áhersla á að ná sátt um þær tillögur sem settar voru fram í skýrslum hópanna. Að sögn viðmælenda úr vinnuhópi gat verið erfitt að ná sátt um tillögur þar sem fólk kom úr ólíkum áttum. Viðmælandi sem starfaði hjá Reykjavíkurborg sagðist til dæmis hafa átt erfitt með að skrifa undir tillögur um aðgerðir sem sveitarfélögin þyrftu að grípa til á sama tíma og stofnunin sem viðkomandi vann hjá stóð í hagræðingaraðgerðum eða var að móta sér stefnu í ákveðnum málum. Þessi viðmælandi sagði þetta hafi verið leyst með því að ræða málin og að hópurinn hafi getað komist að sameiginlegri niðurstöðu. Í viðtölum var sagt frá einu tilviki þar sem mál náði ekki fram að ganga vegna þeirra lýðræðislegu vinnubragða sem voru viðhöfð. Vinnuhópurinn sem fjallaði um málefni ungs fólks taldi mikilvægt að auka möguleika ungmenna sem höfðu flosnað frá námi á að hefja nám að nýju. Í Menntaskólanum í Kópavogi er námsbraut í matvælaíðn og skólinn hafði áhuga á að bjóða upp á sérstakt úrræði fyrir fólk sem hafði hætt námi. Við þróun þessa úrræðis lenti skólinn aftur á mótí í vanda, þar sem illa gekk að gera starfsþjálfunarsamninga við fyrirtæki í atvinnulífinu. Skólinn sótti því um leyfi fyrir því að gegna

sjálfur hlutverki meistara og senda nemendur í starfsþjálfun utan skólans í örfáa mánuði í stað þess að fá meistara úr atvinnulífinu til að leiðbeina nemendum í tvö ár. Þetta leyfi fékkst ekki og hluti vinnuhópsins gagnrýndi það. Einn fulltrúi gat ekki sæst á það vegna hagsmunaárekstra og var því hætt við að þróa og bjóða upp á úrræðið.

Stjórnun

Frásagnir viðmælenda úr stýrihópi og vinnuhópum Velferðarvaktarinnar benda til að vinnulag hafi verið svipað og það sem var viðhaft í stýrihópi. Formaður hélt utan um hópinn og sá til þess að kalla hann saman, en að öðru leyti var um að ræða teymisvinnu þar sem hópurinn ákvað í sameiningu hvaða efni væri vert að skoða. Í netkönnun meðal fulltrúa í vinnuhópum vaktarinnar var að finna tvær spurningar um viðhorf þátttakenda til formanna vinnuhópa. Tafla 24 sýnir að fjórum af hverjum fimm fannst hlutverk formanns vinnuhópsins alltaf eða oftast vera skýrt. Þeir sem störfuðu hjá félagsþjónustu sveitarfélaga eða heilbrigðisþjónustu eða hjá félagasamtökum fannst hlutverk formannsins frekar vera skýrt en þeim sem störfuðu annars staðar.


Tafla 24. Var hlutverk formanns vinnuhópsins skýrt?

	Alltaf eða næstum alltaf		Sjaldan eða aldrei		Fjöldi	Alltaf, næstum alltaf eða oftast
	Alltaf eða næstum alltaf	Oftast	Stundum	Sjaldan eða aldrei		
Heild	42%	37%	11%	10%	62	79%
Kyn						
Karl	37%	40%	10%	13%	30	77%
Kona	47%	34%	13%	6%	32	81%
Aldur						
24-49 ára	35%	47%	6%	12%	17	82%
50-59 ára	47%	33%	13%	7%	30	80%
60-68 ára	40%	33%	13%	13%	15	73%
Starfssvið						
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	55%	36%	0%	9%	11	91%
Menntun og fræðsla	27%	47%	27%	0%	15	73%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	40%	30%	0%	30%	10	70%
Önnur opinber þjónusta	47%	29%	18%	6%	17	76%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	44%	44%	0%	11%	9	89%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar						
Sat í stýrihópi	50%	50%	0%	0%	8	100%
Sat ekki í stýrihópi	42%	34%	13%	11%	53	75%

Formenn vinnuhópa svörðu ekki þessari spurningu.

0% 25% 50% 75% 100%

Mikill meirihluti svarenda var ánægður með samskipti við formann vinnuhópsins, eða 85%, en 5% voru óánægðir (sjá mynd 5 og töflu 25). Vegna þess hve fáir svarendur voru óánægðir með samskiptin voru svarmöguleikarnir sameinaðir við þá sem sögðust hvorki ánægðir né óánægðir, fyrir bakgrunnsgreiningu.



Mynd 5. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með samskipti við formann vinnuhópsins? – Tíðni

Svarendur sem störfuðu hjá félagasamtökum voru óánægðari með samskipti við formann vinnuhópsins en þeir sem störfuðu á öðrum vettvangi (sjá töflu 25).

Tafla 25. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með samskipti við formann vinnuhópsins?

	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki né, mjög eða frekar óánægð(ur)	Fjöldi	Mjög eða frekar ánægð(ur)
Heild	46%	38%	15%	65	85%
Kyn					
Karl	35%	48%	16%	31	84%
Kona	56%	29%	15%	34	85%
Aldur					
24-49 ára	50%	28%	22%	18	78%
50-59 ára	50%	34%	16%	32	84%
60-68 ára	33%	60%	7%	15	93%
Starfssvið					
Félagsþjónusta sv eitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	55%	36%	9%	11	91%
Menntun og fræðsla	40%	47%	13%	15	87%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnum	30%	60%	10%	10	90%
Önnur opinber þjónusta	68%	21%	11%	19	89%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	20%	40%	40%	10	60%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar					
Sat í stýrihópi	63%	38%	0%	8	100%
Sat ekki í stýrihópi	45%	38%	18%	56	82%

Formenn vinnuhópa sv öruðu ekki þessari spurningu.

0% 25% 50% 75% 100%

Samskipti og upplýsingamiðlun innan Velferðarvaktarinnar

Samskipti í stýrihópi

Í viðtölum við fólk sem sat í stýrihópi vaktarinnar var rætt um samstarf við aðra í hópnum. Frásagnir viðmælenda bentu til þess að þó oft hafi verið tekist á um málefni, hafi hópnum gengið vel að vinna saman. Í því sambandi skipti máli að Velferðarvaktin var að vinna að sameiginlegu markmiði.

Frá fyrsta fundi var fólk bara sammála um megin markmiðið, það var að vernda velferðina [Lára Björnsdóttir, fyrrverandi formaður Velferðarvaktarinnar].

Hafa ber í huga að fólk sem sat í stýrihópi Velferðarvaktarinnar hafði mismunandi faglegar áherslur, en að sögn Láru var það „samt ekki þannig að fólk væri endilega að hanga á sínu barni.“ Þess í stað voru samskiptin á þá leið að fólk sagði frá því hver þeim fyndust vera mikilvæg áhersluatriði en hlustaði jafnframt á sjónarmið annarra. Þannig greindi fulltrúi Öryrkjabandalagsins til dæmis frá bágrri stöðu öryrkja og fulltrúi Landssambands eldri borgara ræddi um stöðu aldraðra, án þess að bítast um það við aðra fulltrúa úr stýrihópi að mikilvægara væri að beina sjónum að velferð þessarra hópa en annarra sem stóðu höllum fæti í þjóðfélaginu. Viðmælendur sögðust því hafa fundið fyrir gagnkvæmri virðingu á fundum stýrihópsins.

Maður fann að maður skipti máli þarna inni og mér fannst líka fundirnir allir svona mjög, hvað á maður að segja, mikil virðing borin fyrir fólkinu sem var að mæta þarna [fulltrúi í stýrihópi].


Við skýrsluskrif og bréfaskriftir kom það stundum fyrir að fólk væri ekki sammála um efnistöð eða hvernig ætti að orða hlutina, en að sögn viðmælenda var fólk þó yfirleitt sátt við útkomuna eftir að hafa fengið að koma með athugasemdir.

Þannig að það var oft alveg tekist á og skipst á skoðunum og margir ósammála. Þá kannski komumst við að einhverju samkomulagi um að breyta orðalaginu sem allir gætu verið sáttir við [fulltrúi í stýrihópi].

Samskipti í vinnuhópum

Vinnuhóparnir samanstóðu einnig af fólki sem hafði ólíkar faglegar áherslur. Þannig benti viðmælandi í stýrihópi til dæmis á að í þeim hópi sem hann tilheyrði hafi setið fulltrúar frá Hagsmunasamtökum heimilanna sem hafi verið mjög gagnrýnir á úrræði ríkistjórnarinnar og Embætti umboðsmanns skuldara vegna skuldavanda heimilanna. Sjónarmið þeirra var það ólíkt áherslum annarra í vinnuhópnum að í áfangaskýrslu vinnuhóps um fjárhagsvanda heimilanna frá 2011 fylgdi sér bókun Hagsmunasamtaka heimilanna þar sem tekið var fram að sjónarmið samtakanna hafi ekki átt upp á pallborðið í vinnuhópnum og að skýrslan hefði að geyma takmarkaðar upplýsingar um kröfur samtakanna til stjórnvalda (Velferðarvaktin, 2011b). Þrátt fyrir þessar ólíku áherslur sögðu viðmælendur samstarfið hafa gengið vel og að fólk hafi borið virðingu fyrir skoðunum hvers annars.














Niðurstöður úr könnun meðal fulltrúa í vinnuhópnum endurspeglar sýn viðmælanda úr stýrihópi, en tæplega 80% svarenda voru ánægðir með samstarfið við aðra í hópnum, 18% voru hvorki ánægðir né óánægðir en 4% svarenda sögðust vera óánægðir (sjá mynd 6).



Mynd 6. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með samskipti við aðra í vinnuhópnum? - Tíðni

Vegna þess hve fáir svarendur voru óánægðir með samskiptin voru svarmöguleikarnir sameinaðir þeim sem sögðust hvorki vera ánægðir né óánægðir fyrir bakgrunnsgreiningu. Konur voru ánægðari með samstarfið en karlar og þeir sem sátu í stýrihópi vaktarinnar voru ánægðari með samstarfið en þeir sem sátu ekki í stýrihópi. Þeir sem voru starfandi í opinberri þjónustu í ráðuneytum eða sveitarstjórnun voru almennt ánægðari með samstarfið en þeir sem gegndu störfum á öðrum vettvangi (sjá töflu 26).

Tafla 26. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með samskipti við aðra í vinnuhópnum?

	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki né, mjög eða frekar óánægð(ur)	Fjöldi	Mjög eða frekar ánægð(ur)
Heild	34%	44%	23%	71	 77%
Kyn					
Karl	29%	43%	29%	35	 71%
Kona	39%	44%	17%	36	 83%
Aldur					
24-49 ára	29%	35%	35%	17	 65%
50-59 ára	43%	38%	19%	37	 81%
60-68 ára	18%	65%	18%	17	 82%
Starfssvið					
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	25%	50%	25%	12	 75%
Menntun og fræðsla	29%	36%	36%	14	 64%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnunum	27%	64%	9%	11	 91%
Önnur opinber þjónusta	47%	32%	21%	19	 79%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	33%	47%	20%	15	 80%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar					
Sat í stýrihópi	50%	50%	0%	14	 100%
Sat ekki í stýrihópi	31%	40%	29%	55	 71%

0% 25% 50% 75% 100%

Almenn ánægja var með upplýsingamiðlun innan vinnuhópa, en um sex af hverjum tíu sögðust vera ánægðir með upplýsingamiðlun innan hópanna. Ríflega einn af hverjum tíu var óánægður. Konur voru að jafnaði ánægðari en karlar. Allir þeir sem sátu í stýrihópi voru ánægðir með upplýsingamiðlun innan vinnuhópsins, samanborið við þrjá af hverjum fjórum sem sátu ekki í stýrihópi (sjá töflu 27).

Tafla 27. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með upplýsingamiðlun innan vinnuhópsins?

	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	Mjög eða frekar óánægð(ur)	Fjöldi	Mjög eða frekar ánægð(ur)
Heild	39%	38%	11%	11%	71	77%
Kyn						
Karl	37%	31%	11%	20%	35	69%
Kona	42%	44%	11%	3%	36	86%
Aldur						
24-49 ára	33%	44%	11%	11%	18	78%
50-59 ára	43%	32%	11%	14%	37	76%
60-68 ára	38%	44%	13%	6%	16	81%
Starfssvið						
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	25%	58%	8%	8%	12	83%
Menntun og fræðsla	29%	50%	7%	14%	14	79%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum	36%	36%	18%	9%	11	73%
Önnur opinber þjónusta	63%	16%	16%	5%	19	79%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	33%	40%	7%	20%	15	73%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar						
Sat í stýrihópi	57%	43%	0%	0%	14	100%
Sat ekki í stýrihópi	36%	36%	13%	15%	55	73%

0% 25% 50% 75% 100%

Samskipti vinnuhópa og stýrihóps

Samskipti milli vinnuhópa og stýrihóps Velferðarvaktarinnar fóru fram í gegnum formenn vinnuhópanna, sem einnig sátu í stjórn stýrihóps. Umræður sem fram fóru í rýnihópum fólks sem hafði tekið þátt í vinnuhópum vaktarinnar bentu til þess að fólk hefði viljað hafa meira samstarf milli stýrihóps og vinnuhópa. Einn viðmælenda úr vinnuhópnum sagði hópinn hafa óskað eftir fundi með stýrihópnum til að fá upplýsingar um til hvers væri ætlast af hópnum en ekki fengið. Þannig bentu orð viðmælenda til þess að vinnuhóparnir hafi átt nokkuð erfitt með að starfa fullkomlega sjálfstætt. Af þeim sökum benti einn viðmælendi á að það hefði verið hægt að afmarka umræðuna sem fram fór í vinnuhópnum og þar með bæta afköst hópanna með því að ráða starfsmann sem hefði haft það hlutverk að miðla upplýsingum milli vinnuhópa annars vegar og milli vinnuhópa og stýrihóps hins vegar.

Það hefði gagnast kannski eitthvað við umræðuna og gert hana skipulagðari ef [...] Velferðarvaktin hefði skaffað einn starfsmann sem fundaði með öllum hópunum. Af því að þá [...] hefði hann vitað hvað þessi hópur er að ræða og þess háttar, og getað þá aðeins stýrt hópunum í sundur ef á hefði þurft að halda. Og kannski tekið að sér þetta tímafreka verkefni að vera fundarritarinn og gera skýrsludrög. Ég hugsa að það hefði hjálpað mjög [fulltrúi í vinnuhópi].

Spurðir um upplýsingamiðlun milli stýrihóps og vinnuhóps, voru tæplega sex af hverjum tíu þátttakendum í netkönnun meðal fulltrúa vinnuhópa ánægðir með upplýsingamiðlun milli þeirra. Ríflega fimmtungur greindi frá óánægju með upplýsingamiðlun milli stýrihóps og vinnuhóps. Munur var á svörum eftir setu í stýrihópi, en tæplega helmingur þeirra sem sátu ekki í stýrihópi voru ánægðir með upplýsingamiðlun milli stýrihóps og vinnuhóps samanborið við tæplega níu af hverjum tíu þeirra sem sátu í stýrihópi (sjá töflu 28).

Tafla 28. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með upplýsingamiðlun milli stýrihóps og vinnuhópsins?

	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	Mjög eða frekar óánægð(ur)	Fjöldi	Mjög eða frekar ánægð(ur)
Heild	13%	44%	22%	21%	63	57%
Kyn						
Karl	13%	50%	13%	25%	32	63%
Kona	13%	39%	32%	16%	31	52%
Aldur						
24-49 ára	19%	25%	31%	25%	16	44%
50-59 ára	6%	55%	21%	18%	33	61%
60-68 ára	21%	43%	14%	21%	14	64%
Starfssvið						
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	8%	58%	25%	8%	12	67%
Menntun og fræðsla	0%	50%	17%	33%	12	50%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	33%	33%	11%	22%	9	67%
Önnur opinber þjónusta	19%	25%	38%	19%	16	44%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	7%	57%	14%	21%	14	64%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar						
Sat í stýrihópi	21%	64%	14%	0%	14	86%
Sat ekki í stýrihópi	9%	38%	26%	28%	47	47%

0% 25% 50% 75% 100%

Einn viðmælenda úr rýnihópum fólks sem sat í vinnuhópum vaktarinnar sagði það hafa gerst einu sinni að stýrihópur Velferðarvaktarinnar kallaði hópana saman og fundaði með þeim til að undirbúa skýrsluskrif. Þessi fundur þótti hafa skipt miklu máli til að efla tengsl við fulltrúa stýrihópsins. Bæði þótti mikilvægt að hafa góð tengsl milli vinnuhópa og stýrihóps til að þátttakendur í vinnuhópum vissu betur til hvers væri ætlast af hópunum og einnig var kallað eftir upplýsingum um hver væri afrakstur þeirrar vinnu sem fram fór í vinnuhópunum.

Þetta var dálítið óljóst, hvað verður um alla þessa fínu vinnu sem var unnin og hvað verður gert við þetta. Og það var kannski erfitt um svör um það. En ráðherrann tók við skýrslunni og það var hans að fara með hana til ríkisstjórnarinnar og ræða þetta. Það var auðvitað ekki ljós ferill, hvenær það gerðist, heldur. Þetta var veikleiki [fulltrúi í vinnuhópi].

Aðspurðir um það hversu vel eða illa þátttakendur í könnun meðal fulltrúa vinnuhópa þekktu til starfa stýrihópsins, sögðust 62% þekkja vel til starfa hópsins en fimmtungur sagðist þekkja störf hópsins illa. Helmingur þeirra sem sátu ekki í stýrihópi sögðust þekkja störf stýrihópsins vel. Einnig var munur á svörum eftir starfssviði, en þeir sem gegndu opinberri þjónustu í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum og hjá félagasamtökum þekktu frekar til starfa stýrihópsins en svarendur á öðrum starfsvettvangi (sjá töflu 29).

Tafla 29. Hversu vel eða illa þekktir þú til starfa stýrihóps Velferðarvaktarinnar?

	Hvorki vel					Fjöldi	Mjög eða frekar vel
	Mjög vel	Frekar vel	né illa	Frekar illa	Mjög illa		
Heild	22%	41%	18%	15%	5%	79	62%
Kyn							
Karl	19%	44%	19%	14%	3%	36	64%
Kona	23%	37%	16%	16%	7%	43	60%
Aldur							
24-49 ára	10%	30%	15%	35%	10%	20	40%
50-59 ára	28%	38%	21%	8%	5%	39	67%
60-68 ára	20%	55%	15%	10%	0%	20	75%
Starfssvið							
Félagsþjónusta svæitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	17%	42%	0%	25%	17%	12	58%
Menntun og fræðsla	6%	38%	31%	19%	6%	16	44%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum	36%	43%	7%	14%	0%	14	79%
Önnur opinber þjónusta	15%	40%	30%	10%	5%	20	55%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	35%	41%	12%	12%	0%	17	76%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar							
Sat í stýrihópi	61%	39%	0%	0%	0%	18	100%
Sat ekki í stýrihópi	10%	40%	24%	19%	7%	58	50%

0% 25% 50% 75% 100%

Tillögur frá vinnuhópum Velferðarvaktarinnar

Hver vinnuhópur skrifaði áfangaskýrslur þar sem lagðar voru fram tillögur í málefnum hópsins. Tillögur hópanna voru ræddar á fundum stýrihópsins og síðan notaðar til þess að leggja grunn að tillögum sem stýrihópurinn setti fram í skýrslum sínum til stjórnvalda. Í sumum tilvikum reyndist vinnuhópunum erfitt að setja fram skýrar tillögur til úrbóta. Einn viðmælandi sagði að hópurinn sem hann tilheyrði hefði komist að því að það væru til staðar ákveðin vandamál í samfélaginu sem þyrfti að bæta úr en að erfitt hefði verið að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvaða leiðir ætti að fara til að vinna að vandamálinu. Þannig voru tillögurnar sem fóru í áfangaskýrsluna að hans mati ekki allar sérstaklega vel útfærðar.

Í töflum 30-36 er að finna þær tillögur sem er að finna í áfangaskýrslum vinnuhópanna. Hóparnir settu tillögurnar fram með mismunandi hætti í skýrslum sínum. Sumir hópar útbjuggu lista með tillögum aftast í skýrslunum á meðan aðrir fjölluðu í samfelldu máli um hvaða aðgerða þyrfti að grípa til. Til þess að unnt væri að setja tillögurnar fram í töflum voru tillögur sumra hópa styttrar mikið. Átti það einkum við um tillögur þeirra hópa sem ekki settu þær fram í lista. Í töflunum er merkt sérstaklega við þær tillögur sem stýrihópurinn nýtti í áfangaskýrslum sínum til stjórnvalda. Nokkrar breytingar voru þó gerðar á orðalagi og inntaki tillagna þegar þær voru settar fram í skýrslum stýrihópsins og í sumum tilvikum voru tvær eða þrjár tillögur frá vinnuhópi sameinaðir í eina tillögu í skýrslum stýrihópsins.

Í töflu 30 má sjá að *vinnuhópur um börn og barnafjölskyldur* setti fram á sjöunda tug tillagna þau fjögur ár sem hópurinn starfaði. Nokkrar þeirra er að finna í skýrslum stýrihóps til stjórnvalda en þó með örlítið breyttu sniði. Þannig setti stýrihópurinn til dæmis fram þá tillögu í skýrslu sinni í mars 2009 að aðstæður ungra barnafjölskyldna yrðu kannaðar sérstaklega en þessi tillaga var vafalítið unnin upp úr tillögu vinnuhópsins um að það bæri að fylgjast með breytingum á aðstæðum barna, frá meðgöngu til 18 ára aldurs. Þá var tillaga stýrihóps í sömu skýrslu um að tryggja þyrfti aðgang barna og barnafjölskyldna að fagfólki og leggja áherslu á fjölskylduvinnu hjá heilsugæslu og félagsþjónustu unnin upp úr tveimur tillögum vinnuhópsins, annars vegar að tryggja bæri aðgang barna og barnafjölskyldna að fagfólki, sérfræðingum og ráðgjöf án biðtíma og hins vegar að leggja ætti áherslu á fjölskylduvinnu í heilsugæslunni. Stýrihópurinn setti í tvígang fram tillögu um að stjórnvöld þyrftu að auka stuðning og sérstakar aðgerðir til að tryggja betur velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra. Þessa tillögu var bæði að finna í skýrslu stýrihópsins frá júní 2011 og desember 2013 og byggir hún líklega á þremur tillögum sem settar voru fram í áfangaskýrslu vinnuhóps um börn og barnafjölskyldur frá apríl 2011, í fyrsta lagi að styðja þyrfti við börn atvinnulausra foreldra og foreldra í fjárhagsvanda, í öðru lagi að í barnavernd skyldi huga að stuðningi við börn sem ekki alast upp hjá báðum kynforeldrum og í þriðja lagi að leggja bæri áherslu á fræðslu til barna í stjúp-fjölskyldum og barna innflytjenda.

Þegar tillögur hópsins eru skoðaðar sést að sumar þeirra eru í ætt við tillögur um aðgerðir sem var að finna í skýrslu Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd um fjölgun barnaverndartilkynninga á árunum 2005 til 2009 (Halldór Sig. Guðmundsson, 2009). Þannig má

leiða líkur að því að úttektin hafi nýst hópnum sem vinnugagn. Árið 2011 setti *vinnuhópur um börn og barnafjölskyldur* fram tillögur um að mæta þyrfti auknu álagi á barnaverndarkerfið og kanna streitu meðal starfsfólks sem vinnur með börnum, sem er í samræmi við umræðu sem var að finna í skýrslunni um fjölda barnaverndartilkynninga. Þar kom fram að álag væri líklegt til að aukast í barnavernd vegna stöðugrar fjölgunar mála og af þeim sökum þyrfti að athuga líðan og álag starfsfólks.

Tafla 30. Tillögur vinnuhóps um börn og barnafjölskyldur

Ártal	Börn og barnafjölskyldur	
2009	Fylgjast með breytingum á aðstæðum barna, frá meðgöngu til 18 ára aldurs.	✓
	Fylgjast með stöðu barna í jaðarhópum, s.s. barna innflyjenda og barna í stjúpfjölskyldum.	✓
	Tryggja aðgang barna og barnafjölskyldna að fagfólki, sérfræðingum og ráðgjöf án biðtíma.	✓
	Leggja áherslu á fjölskylduvinnu í heilsugæslunni.	✓
	Koma í veg fyrir bið eftir sérfræðingi og tryggja sömu verðskrá hjá sérfræðingum.	
	Þjóða upp á stuðning til þeirra sem vinna með börnum.	
	Þjóða upp á samskiptanámskeið fyrir börn og fjölskyldur.	
	Forðast niðurskurð í barnavernd.	
	Starfsfólk fái faglega handleiðslu.	
	Efla netfræðslu, t.d. MSN-ráðgjöf fyrir börn.	
	Hlusta á og tala við börn á heimilum, stofnunum og í fjölmíðlum.	
	Fjömiðlar og fólk sem vinnur með börnum tali varlega í návist barna.	
	Ekki auka álogur á foreldra grunnskólabarna.	
	Samhæfa fræðslu til foreldra, m.a. um tölvur, vímuefni og samskipti.	✓
	Fylgjast með því hvort börn hætti í tómstundum vegna fátæktar. Huga að því að hafa þær ókeypis.	
	Tryggja að börn fái nauðsynlega hreyfingu og nota nærumhverfið í því skyni.	
	Samræma verðskrár vegna skólamáltíða, fylgjast með þátttöku og kanna möguleika á að hafa þær ókeypis.	✓
	Tryggja að málefni barna fái fjárhagslegan forgang hjá ríki og sveitarfélögum.	
2011	Hvetja grunnskólanema til áframhaldandi náms og aðstoða þá við að finna nám við hæfi.	
	Þjóða ungu atvinnulausu fólki upp á styttri námsleiðir, jafnvel einingabær námskeið.	
	Stuðla að virkni atvinnulausra ungmenna sem hafa ekki bótarétt.	
	Vinna með stuðningi - fjölsmiðjuútfærsla og lýðháskóli á framhaldsskólastigi.	
	Efla mótvægisáðgerðir samhliða niðurskurði til að tryggja að hópnum, sem fá skerta þjónustu, sé mætt með sérstökum aðgerðum.	
	Lækka virðisaukaskatt á barnafötum og fleiri vörum sem snerta barnafjölskyldur.	
	Tryggja öllum börnum og ungmönnum aðgang að íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi óháð efnahag foreldra.	
	Samræma aldursviðmið hjá stofnunum, fyrirtækjum og félögum þegar kemur að verðlagningu á þjónustu fyrir börn og ungmenni.	✓
	Fylgjast með eineltismálum í grunnskólum og skoða áhrif niðurskurðar á gæslu í frímínútum og þjónustu náms- og starfsráðgjafa.	
	Stuðla að gerð eineltisáætlunar sem nái til nærsamfélags hvers skóla.	
	Tryggja öllum nemendum skólavist að loknum grunnskóla.	
	Þjóða fleiri námsleiðir og valkosti fyrir nemendum að loknum grunnskóla, t.d. lýðháskóla.	
	Fylgjast sérstaklega með að sérkennsla sé í boði bæði í grunn- og framhaldsskólum.	
	Leggja aukna áherslu á samvinnu allra aðila í hverju skólasamfélagi, einkum aukið foreldrastarf.	
	Styrkja börn og foreldra af erlendum uppruna sem eru með annað móðurmál en íslensku.	
	Tryggja að börn og ungmenni hafi óheftan aðgang að námsefni óháð efnahag, m.a. með því að nota námsefni af netinu.	
	Mæta auknu álagi á barnaverndarkerfið.	
	Styðja við börn atvinnulausra foreldra og foreldra í fjárhagsvanda.	✓
	Í barnavernd skal huga að stuðningi við börn sem ekki alast upp hjá báðum kynforeldrum.	✓
	Leggja áherslu á fræðslu til barna í stjúpfjölskyldum og barna innflyjenda.	✓
	Komið verði á fót samhæfingarmiðstöð í málefnum barna og ungmenna.	

✓ Tillaga vinnuhópsins var sett fram sem tillaga frá stýrihópi í áfangaskýrslu stýrihóps

Framhald af töflunni er á næstu síðu

Tafla 30, frh. Tillögur vinnuhóps um börn og barnafjölskyldur

Ártal	Börn og barnafjölskyldur
2011	<p>Í barnavernd skal beina sjónum að börnum sem eru af annarri eða þriðju kynslóð bótaþega.</p> <p>Vekja athygli á tilkynningaskyldu til barnaverndaryfirvalda meðal þeirra sem starfa með börnum og ungmennum.</p> <p>Huga að málefnum fósturbarna, sem vistuð eru tímabundið fjarri lögheimili, bæði faglegum og fjárhagslegum þáttum.</p> <p>Tryggja öllum börnum flúorskulun.</p> <p>Auka niðurgreiðslu vegna tannlækninga barna og ungmenna. Börn frá 4 - 18 ára fá gjaldfrjálsa skoðun hjá tannlækni.</p> <p>Tryggja geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn með kvíða, hegðunar- eða neysluvanda. ✓</p> <p>Beina sjónum að ungmennum á framhaldsskólaaldri vegna aukinnar neyslu ólöglegra fíkniefna.</p> <p>Efla foreldrasamstarf í framhaldsskólum og stuðla að samstarfi nærsamfélagsins við framhaldsskóla.</p> <p>Kanna streitu meðal starfsmanna í skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu.</p> <p>Líðan starfsfólks verði bætt með markvissum aðgerðum, t.d. efla fræðslu og tryggja starfsöryggi.</p>
2013	<p>Gera úttekt á barnaverndarmálum og styrkja starf barnaverndarnefnda svo fylgja megji málum betur eftir.</p> <p>Leggja áherslu á að stjórnmöld komi að málefnum barna sem búa við mjög erfiðar aðstæður með sértækum aðgerðum.</p> <p>Efla mæðraskoðun og ungbarnaefirlit og huga sérstaklega að ungum mæðrum og mæðrum í bágrri félagslegri stöðu.</p> <p>Koma til móts við börn og ungmenni sem hafa lent í alvarlegum afbrotum, fengið dóma og þurft að sitja inni í fangelsi með fullorðnum.</p> <p>Stýðja betur við börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður vegna geðræns vanda og/eða vímuevanda foreldra.</p> <p>Efla þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra í nærsamfélaginu og bregðast fyrir við vanda barna.</p> <p>Auka samvinnu milli félagsþjónustu og heilsugæslu, m.a. til að minnka álag á BUGL og barnaverndina.</p> <p>Huga að tannheilsu barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður eða eiga efnalítla foreldra.</p> <p>Efla samstarf skóla við börn og fjölskyldur þeirra til að tryggja stuðning og hvatningu í námi frá nærumhverfi.</p> <p>Auka stuðning til barna af erlendum uppruna og fjölskyldna þeirra, svo sem við heimanám, aðgangi að tómstundum og fræðslu um réttindi.</p> <p>Stuðla að því að feður nýti rétt sinn til fæðingarorlofs. ✓</p>

✓ Tillaga vinnuhópsins var sett fram sem tillaga frá stýrihópi í áfangaskýrslu stýrihóps

(Heimildir: Velferðarvaktin, 2009b; 2011c; Velferðarráðuneytið, 2013a)

Tafla 31 birtir tillögur *vinnuhóps um þá sem standa höllum fæti og stóðu höllum fæti fyrir kreppu*. Í fyrstu skýrslu hópsins frá vori 2009 voru ekki settar fram stuttar og hnitmiðaðar tillögur heldur var fjallað í samfelldu máli um hvað þyrfti að gera í málefnum fólks í atvinnuleit, barna og ungmenna í fjölskyldum sem stóðu höllum fæti, ellilífeyrisþega, einstæðra foreldra og láglaunafólks. Í skýrslunum tveimur sem á eftir komu var að finna styttri tillögur eða atriði sem þurfti að huga að. Stýrihópurinn setti fram þrjár af hugmyndum hópsins í áfangaskýrslum sínum til stjórnvalda, en var þá búinn að umorða ábendingar hópsins og tilgreina sérstaklega hvaða hópum tillögurnar beindust að. Í því sambandi má nefna að í áfangaskýrslu stýrihópsins frá júní 2011 var lagt til að kannaðar yrðu aðstæður 16 ára unglinga sem ekki sækja um skólavist í framhaldsskóla að loknu grunnskólaprófi með það að markmiði að finna leiðir til að þeir geti stundað nám við hæfi, bæði bóklegt nám ekki síður en verkmenntanám og starfsþjálfun. Að sama skapi yrðu aðstæður nemenda sem falla brott úr námi í framhaldsskóla kannaðar og unnið að því að finna nemendunum farveg í námi á ný. Þessi tillaga var mjög í ætt við þá tillögu sem kom frá vinnuhópnum þetta sama ár um að finna þyrfti leiðir til að koma fjárhagslega til móts við þann hóp ungmenna sem flosnar upp úr framhaldsskóla vegna efnahagsástandsins, en stýrihópurinn útvíkkaði tillöguna þannig að hún næði bæði yfir ungmenni sem væru að ljúka grunnskóla og þau sem flosnuðu upp úr námi í framhaldsskóla.

Tafla 31. Tillögur vinnuhóps um þá sem standa höllum fæti og stóðu höllum fæti fyrir kreppu

Ártal	Þeir sem standa höllum fæti / stóðu höllum fæti fyrir kreppu
2009	<p>Huga að þeim sem eru á leið út af vinnumarkaði, 60 ára og eldri.</p> <p>Huga að þeim sem eru að útskrifast úr námi og eru án atvinnu.</p> <p>Koma á laggimar "virknistöð" til að ná til þeirra sem fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum.</p> <p>Auka samstarf stofnana og bjóða upp á fjölbreyttar leiðir fyrir atvinnuleitendur. ✓</p> <p>Nýta þriðja geirann og íþróttafélögin betur, fá þar inn atvinnuleitendur í fóst verkefni hvern dag og skilyrða bætur við verkefni. ✓</p> <p>Bjóða börnum sem búa við bága fjárhagsstöðu upp á niðurgreiddan mat í skólum og á sumarnámskeiðum.</p> <p>Bjóða börnum upp á námskeið sem eru ódýr - gjaldfrjáls fyrir vissa hópa.</p> <p>Efla úrræði sem fyrir eru og gera gjaldfrjáls fyrir börn, t.d. strætó, sund.</p> <p>Dreifa því sem grunnskólabörn þurfa að kaupa/greiða fyrir yfir allt skólaárið.</p> <p>Efla náms- og félagsráðgjöf á grunn- og framhaldsskólástigi.</p> <p>Huga sérstaklega að börnum af erlendum uppruna innan skóla og tómstundaúrræðum fyrir þau.</p> <p>Bæta upplýsingar til innflytjenda, huga betur að reglum hjá félagsþjónustu.</p> <p>Huga að börnum þeirra innflytjenda sem eru að sækja um aðstoð og leita til hjálpsamtaka.</p> <p>Koma á fót upplýsingabanka með fræðslu sem auðveldar fagfólki að upplýsa almenning.</p> <p>Koma í veg fyrir að fólk án atvinnu eigi ekki afturkvæmt á vinnumarkað.</p> <p>Afla upplýsinga um samsetningu og aðstæður fólks án atvinnu.</p> <p>Þeir sem eru í atvinnuleit án bótaréttar ættu að fara á skrá hjá vinnumiðlun og eiga þá möguleika á fræðslu, námskeiðum og endurmenntun.</p> <p>Fjárhagsaðstoðin yrði áfram hjá sveitarfélaginu en virknin á vegum vinnumiðlunar.</p> <p>Það þarf að auka námstilboð, virkja fólk persónulega og hvetja það til þátttöku (t.d. í endurhæfingu og sjálfböðastarfi) sem eiga stutta atvinnusögu (m.a. vegna veikinda, námsloka) og eiga ekki rétt á öðru en félagsþjónustu.</p>
2010	<p>Tryggja að allir sem eru án atvinnu fái sambærilega ráðgjöf og meðhöndlun um atvinnutilboð. Hugmynd að skipta starfsemi Vinnuástoðafundar í tvennt - a)Skráning og eftirlit b)Ráðgjöf, námskeið og vinnumiðlun.</p> <p>Huga þarf að stöðu þeirra sem eru á leigumarkaði.</p> <p>Huga þyrfti sérstaklega að því hvernig nálgast eigi atvinnulausa karlmenn og hugsanlega fá þá sjálfa til að skipuleggja úrræði sem henta körlum í þeirra stöðu.</p> <p>Áhersla sé lögð á handleiðslu, fræðslu og upplýsingamiðlun til ráðgjafa um úrræði vegna vaxandi álags í velferðarþjónustu.</p> <p>Útbúa gagnagrunn með upplýsingum um framboð á úrræðum fyrir fagfólk svo það geti frætt aðra.</p> <p>Brýna þyrfti fyrir innflytjendum að þeir skrái lögheimili sitt á Íslandi vegna réttinda sem tengjast lögheimilisskráningunni.</p> <p>Halda betur utan um einstaklinga sem þiggja fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum til að reyna að koma í veg fyrir félagslega einangrun.</p> <p>Horfa þyrfti til langs tíma með hag komandi kynslóða að leiðarljósi, með skammtíma- og langtíma verkefni og lausnir í huga. Útbúa þyrfti áætlun 2020 í málefnum þeirra sem veikast standa, eins og öðrum, og í umræðu um hagvöxt og atvinnusköpun má ekki setja velferð og félagslegt réttlæti til hliðar.</p> <p>Ekki megi skerða húsaleigubætur þegar börn sem búa hjá foreldrum verða 18 ára. Hækka megi aldursviðmiðið í 20 ára.</p> <p>Foreldrar barna á aldrinum 16 – 18 ára ættu að geta nýtt sér skattaafslátt barna sinna, þetta á sérstaklega við um einstæða foreldra.</p> <p>Efla fjölskyldutengsl og færni og styrk foreldra með námskeiðum, fræðslu og opinni umræðu um þær áskoranir sem fjölskyldur búa við í dag.</p> <p>Finna leiðir til að koma fjárhagslega til móts við ungt fólk sem flosnar upp úr framhaldsskóla vegna efnahagsástandsins. ✓</p> <p>Tryggja einstaklingum og fjölskyldum, sem búa við fjárhagsferðleika, viðunandi heilbrigðisþjónustu.</p> <p>Tryggja einstaklingum og fjölskyldum, sem búa við fjárhagsferðleika, viðunandi tannlæknþjónustu.</p> <p>Tryggja einstaklingum og fjölskyldum, sem búa við fjárhagsferðleika, talþjálfun.</p> <p>Halda lyfjakostnaði í lágmarki fyrir þá sem standa í klára vinnu sem hafin er með þak á lyfja- og læknikostnað.</p> <p>Fara yfir lágmarksframfærsluviðmið og barnatryggingar.</p> <p>Fara yfir samspil bóta þannig að hækkun einnar tegundar bóta leiði ekki sjálfkrafa til lækkunar á öðrum bótum.</p> <p>Tryggja félagslegt húsnæði þar sem leiga er lægri en á almennum markaði.</p> <p>Huga að öðrum möguleikum til að gera fólki kleift að eignast ódýrt, öruggt húsnæði (t.d. "verkamannakerfið").</p> <p>Efla einstaklingsbundna ráðgjöf við þá sem hafa verið lengi á atvinnuleysisbótum eða fengið fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélagi.</p>

✓ Tillaga vinnuhópsins var sett fram sem tillaga frá stýrihópi í áfangaskýrslu stýrihóps

(Heimildir: Velferðarvaktin, 2009c; 2009d; 2011d)

Vinnuhópur um kreppu og heilsufar var lagður af árið 2010 og var þá skipaður nýr vinnuhópur um lýðheilsu (Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, í prentun). Tafla 32 sýnir að tvær þeirra tillagna sem hópurinn setti fram í mars 2009 voru birtar sem tillögur í skýrslu stýrihópsins til stjórnvalda þetta sama ár. Þetta var annars vegar tillaga um að tryggja þyrfti að versnandi fjárhagur hindraði ekki aðgengi að heilbrigðisþjónustu og hins vegar að tryggja þyrfti að þjónustustig heilsugæslu yrði ekki skorið niður. Í meðförum stýrihópsins urðu þessar tvær tillögur raunar að einni, en ein tillaga stýrihópsins var svohljóðandi: Tryggt verði að versnandi fjárhagur fólks hindri ekki aðgengi þess að heilbrigðisþjónustu, að heilsugæslan hafi frumkvæði að því að ná til þjónustupega í áhættuhópum, að þjónustustig heilsugæslunnar verði ekki skorið niður og að fylgst verði grannt með breytingum á aðsókn að heilbrigðisþjónustu.

Tafla 32. Tillögur vinnuhóps um kreppuna og heilsufar/lýðheilsuhóps

Ártal	Kreppan og heilsufar
2009	Fræða þarf starfsfólk heilsugæslu markvisst um áhrif langvarandi streitu á heilsufar og hegðun. Fræða þarf lykilhópa markvisst um áhrif langvarandi streitu á heilsufar og líðan (starfsfólk skóla, presta, félagsþjónustu, almenning). Skilgreina þarf sérstaka áhættuhópa (t.d. atvinnulausa, langveika, ungar fjölskyldur með börn) og sníða sértækt fræðslufni fyrir þá. Tryggja að versnandi fjárhagur hindri ekki aðgengi að heilbrigðisþjónustu. ✓ Tryggja að þjónustustig heilsugæslu verði ekki skorið niður. ✓ Að starfsfólk heilsugæslu og annars staðar í framlínu fái aukinn faglegan og persónulegan stuðning vegna álags sem skapast af efnahagsástandinu. Að sparnaðaraðgerðir á einum stað leiði ekki til aukins kostnaðar á öðrum. Leggja áherslu á ókeypis skólamáltíðir, niðurgreiðslu á heilsuækt, nýtingu atvinnuleysisbóta í ný störf o.fl., eða þær fyrirbyggjandi aðgerðir þar sem skarast félagslegir og heilsufarslegir þættir. Framkvæma könnun á heilsu og líðan fyrir árið 2009 til samanburðar við sömu könnun Lýðheilsustöðvar frá 2007. Mikilvægt að fylgjast grannt með tilfinningu heilbrigðisstarfsfólks fyrir vaxandi vanlíðan innan fyrirtækja og skólakerfis.
	Lýðheilsuhópur
2011	Leita sértækra úrlausna fyrir hóp þungaðra kvenna (20%) sem er talinn búa við vanda sem nauðsynlegt er að leita sérstakra úrlausna fyrir (ungar konur, konur með þroskahömlun, konur með örorku og konur af erlendu bergi brotnar). Endurskoða greiðsluþátttöku þungaðra kvenna fyrir þjónustu mæðravemdar. Endurskipuleggja þjónustu við þungaðar konur sem hafa líkamspýngdarstuðul (BMI) yfir 30. Leita leiða til að bæta geðheilsu mæðra á meðgöngu og aðstoða við tengslamyndum við hið nýfædda barn. Efla fræðslu og þjálfun í áhugahvetjandi samtalstækni fyrir ljósmæður og aðra sem veita þunguðum konum þjónustu, til dæmis varðandi reykingar og notkun áfengis, sem og næringu og geðheilsu. Auka næmi þeirra sem veita þjónustu við að greina ofbeldi á meðgöngu. Útbúa nýja rafræna mæðravemdarskrá. Auka samvinnu við sjálfsprötna hópa í heilsugæslu til stuðnings þunguðum konum. Skilgreina gæðavisa um mæðravemd, til dæmis hvað varðar sálfélagslega líðan.

✓ Tillaga vinnuhópsins var sett fram sem tillaga frá stýrihópi í áfangaskýrslu stýrihóps

(Heimildir: Velferðarvaktin, 2009e; Velferðarráðuneytið, 2013a)

Í töflu 33 eru tillögur vinnuhóps um ungmenni og ungt fólk. Vorið 2009 setti hópurinn fram margar tillögur sem sneru að tækifærum ungs fólks til að stunda nám. Framboð, fjölbreytni og gæði náms þóttu skipta höfuðmáli auk möguleika ungs fólks til að afla sér tekna. Í annarri áfangaskýrslu vinnuhópsins frá júní 2009 lagði hópurinn áherslu á sömu þætti og komu fram í fyrstu skýrslu hópsins en bætti við sex tillögum sem sneru að hlutverki sveitarfélaga í að móta aðgerðir í málefnum ungs fólks, framboði á námsefni á rafrænu formi, greiðslufresti eða greiðsludreifingu skólagjalda í framhaldsskólum, möguleikum ungs fólks á atvinnuleysisbótum til að stunda nám og

upphæð dreifbýlisstyrkja. Þrjár tillagnanna sem settar voru fram í fyrstu skýrslu hópsins voru útfærðar nánar og birtar í fyrstu skýrslu stýrihóps til stjórnvalda. Tillögu vinnuhópsins um að fjölga atvinnutækifærum með átaksverkefnum ríkis og sveitarfélaga voru gerð betri skil í skýrslu stýrihópsins þar sem sú tillaga sem þar var sett fram fól í sér lýsingu á því hvernig hægt væri að fjölga atvinnutækifærum, en þar voru ríki og sveitarfélög hvött til að ráða ungt fólk af atvinnuleysissskrá í afleysingar og sumarstörf.

Tafla 33. Tillögur vinnuhóps um ungmenni og ungt fólk

Ártal	Ungmenni og ungt fólk	
2009	Taka við öllum nemendum sem sækja um skólavist. Ekki skera niður fjármagn til menntastofnana. Bjóða upp á sumarönn í framhalds- og háskólum. Efla félagslíf í skólum. Auka geðræna og læknisfræðilega aðstoð. Auka námsráðgjöf í skólum. Auka forvarnastarf í skólum. Auka samstarf við stofnanir og félagasamtök (utan skólans) og styðja við störf ungs fólks á þeim vettvangi. Auka kennslu í stjórnun eigin fjármála nemenda og fræðslu um efnahagslífið. Setja upp námsver í skólum til að aðstoða nemendur í námi. Styðja sérstaklega við innflytjendur. Auka framboð á tólmstundastarfi. Sjá til þess að allir nemendur hafi aðgang að fartölvu og interneti í skólustarfi.	✓
	Fjölga atvinnutækifærum með átaksverkefnum ríkis og sveitarfélaga. Bjóða upp á atvinnuleysisbætur eða námslán með námi. Skipuleggja kennslu í grunnatriðum síðfræði ásamt tengingu inn í alla áfanga skólans. Standa vörð um jöfnunarstyrkinn, en þó mætti hugsa sér að árangurstengja hann. Draga úr kostnaði nemenda við skólagöngu, s.s. vegna námsgagna, samgangna, heimavistar og mótuneyta. Endurskoða reglur sveitarfélaga um framfærslu þannig að gerð verði krafa um ákveðna virkni þeirra sem fá stuðning vegna framfærslu. Búa til verkefni sem snúa að virkni. Mikilvægt að fjölgun nemenda komi ekki niður á gæðum náms. Taka þarf á hækkandi húsaleigu (vegna vísitölubindingar) á stúdentagörðum. Koma á sumarönnum í þeim háskólum sem ekki hafa þær, t.d. ágústpróf í HÍ. Hækka námslán og greiða þau út mánaðarlega. Hækka húsaleigubætur.	✓
	Verkalýðshreyfing, símenntunarstöðvar og framhaldsskólar starfi saman að málefnum atvinnulauss ungs fólks og komi upp styttri námsbrautum, tólmstundaúrræðum og viðurkenningu á námi símenntunarstöðva. Bjóða upp á fjölbreyttara nám fyrir ungt fólk en er í dag; lýðháskóli, starfstengt nám o.fl. Gefa öllum unglingum kost á að stunda íþróttir óháð efnahag. Betri tengingu vantar milli hópa, s.s. ríkis og sveitarfélaga og ólíkra stofnana og samtaka. Ákvarðanavald þarf að vera skýrt í málefnum hópsins og forgangsraða þarf eftir aðstæðum. Draga þarf lærdóm af og nýta þau úrræði sem gripið var til í síðustu niðursveiflu á árunum 1991-1993. Nýta félagsþjónustu sveitarfélaga. Sveitarfélög þurfa þegar að móta aðgerðir til að bregðast við og breyta sínum reglum. Nýta það kerfi sem til er. Sveitarfélög sem hafa reglur um sérstakan stuðning/úrræði þurfa að virkja það kerfi. Bókakaupastyrkir verða að vera í boði og draga þarf úr bókakostnaði, til dæmis með því að námsefni sé í meira mæli á rafrænu formi. Framhaldsskólar bjóði upp á greiðslufrest eða -dreifingu á skólagjöldum. Í sérstökum aðstæðum getur þurft að fella þau niður. Leyfa ungu fólk í atvinnuleysisbótum að stunda einingabært nám á hefðbundnum dagvinnutíma í stað kvöldnáms. Huga þarf að upphæð dreifbýlisstyrkja til ungmenna sem búsett eru á svæðum þar sem enginn framhaldsskóli er.	✓

✓ Tillaga vinnuhópsins var sett fram sem tillaga frá stýrihópi í áfangaskýrslu stýrihóps

(Heimildir: Velferðarvaktin, 2009f; 2009h)

Í fyrstu stöðuskýrslu *vinnuhóps um fólk án atvinnu* frá vorinu 2009 er að finna ýmsar ábendingar um að hverju þurfi að huga til að bæta megi hag fólks sem er hvorki í vinnu né námi. Vinnuhópurinn setti ekki fram neinar tillögur í seinni áfangaskýrslu sinni árið 2009 en tók þá fram að þær tillögur sem voru lagðar fram í fyrstu áfangaskýrslu hópsins væru enn í fullu gildi og að leggja bæri áherslu á að þeim yrði hrint í framkvæmd. Þriðja áfangaskýrsla vinnuhópsins, frá árinu 2011, hafði heldur ekki að geyma sérstakan kafla um tillögur til úrbóta. Í umfjöllum hópsins um stöðu *fólks án atvinnu* og þau úrræði sem þegar voru í boði var þó minnst á ýmislegt sem þyrfti að huga að. Í töflu 34 er búið að taka saman yfirlit um helstu áhersluefni hópsins. Taflan sýnir að stýrihópurinn nýtti nokkrar tillögur sem vinnuhópurinn setti fram vorið 2009.

Tafla 34. Tillögur vinnuhóps um fólk án atvinnu

Ártal	Fólk án atvinnu	
2009	Bjóða upp á fjölbreytt úrræði (t.d. námsframboði), aðstoð og upplýsingagjöf.	
	Auka starfstengd úrræði fyrir hópa og fullorðin fólk sem er ekki í neinni virkni.	✓
	Tryggja að fólk án atvinnu geti fengið yfirsýn yfir öll úrræði sem í boði eru í einum miðli.	
	Útbúa skjal með nauðsynlegum upplýsingum fyrir fólk án atvinnu (t.d. tengla á vefsíður) og dreifa til þeirra.	
	Skipuleggja fjárhagslegan stuðning við einstaklinga og fjölskyldur þannig að fólk "læsisst" ekki inn í kerfinu og eigi erfitt með að taka launaðri vinnu þegar hún er í boði, t.d. með því að binda fjárhagslegan stuðning við lágar ráðstöfunartekjur en ekki bætur.	✓
	Gæta þess að öll börn njóti þjónustu á borð við máltíðir í skóla, leikskólavist, tómstundir o.fl. óháð efnahag foreldra.	✓
	Safna saman góðum upplýsingum um þarfir og aðstæður fólks án atvinnu.	
	Efla úrræði sem hafa gefist sérstaklega vel hjá Vinnuálastofnun (t.d. sjálfstýringarnámskeið og starfstengd námskeið).	
	Ýta undir nýjar hugmyndir og nýsköpun með stuðningskerfi við fólk án atvinnu.	
	Endurskoða fyrirkomulag örorkulífeyris og endurhæfingarlífeyris, t.d. að lengja þann tíma sem greiða má endurhæfingarlífeyri.	✓
	Koma á starfsgetumati í stað örorkumats og tryggja virkni fólks með endurhæfingu.	
	Hraða endurskoðun almennatrygginga svó megi taka upp nýtt réttindakerfi hið fyrsta.	✓
	Efla samstarf Starfsendurhæfingarsjóðs, Vinnuálastofnunar og TR og efla ráðgjöf þess.	✓
	Huga að þeim sem vilja snúa aftur á vinnuarkað eftir hlé sem hafa lítinn eða engan bótarétt (t.d. námsmenn).	✓
2011	Þeir sem lokið hafa rétti sínum til atvinnuleysisbóta skuli ekki missa bótarétt ef maki þeirra er í launaðri vinnu með tekjur yfir lágmarksmörkum.	
	Endurskoða reglugerð sem lokaði fyrir möguleikann á því að sveitarfélög gæti nýtt sömu úrræði fyrir sína skjólstaðinga og Vinnuálastofnun býður upp á fyrir þá sem fá atvinnuleysisbætur.	
	Auka fjármagn til framhaldsskóla vegna úrræða fyrir 18 ára og eldri.	
	Mennta- og menningarmálaráðuneytið þarf að finna lausn á því að nemar úr UFTA finni ekki vinnustað sem er tilbúinn til að taka við þeim sem hafa lokið starfsnámi innan skólans.	
	Mikilvægt að sveitarfélögin leggi áherslu á að tryggja samarvinnu fyrir ungt fólk.	
	Nálgast erlenda ríkisborgara, kortleggja ástand og bjóða upp á lengri úrræði, svó sem allt að eins árs íslenskukennslu.	
	Huga að kynjahlutföllum: Konum í atvinnuleit mun líklegast ekki fækka þar sem líklegt er að störfín sem verði til við aðgerðir stjórnmála séu frekar "karlastörf".	

✓ Tillaga vinnuhópsins var sett fram sem tillaga frá stýrihópi í áfangaskýrslu stýrihóps

(Heimildir: Velferðarvaktin, 2009g; 2009i; 2011e)

Í fyrstu stöðuskýrslu stýrihópsins frá mars 2009 voru nýttar tillögur *vinnuhóps um fólk án atvinnu* sem sneru að almannatryggingakerfinu, samstarfi Starfsendurhæfingasjóðs, Vinnumálastofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins en tillögur um starfstengd úrræði og úrræði fyrir fólk án bótaréttar voru settar fram í skýrslu stýrihópsins árið 2011. Tillögurnar breyttust þó töluvert í meðförum stýrihópsins. Stýrihópurinn setti til að mynda fram tillögu um að áætlun um endurskoðun almannatrygginga yrði hraðað þar sem örorkumatskerfið og fyrirkomulag örorkulífeyris yrði skoðað sérstaklega. Einnig að vinnu við endurskoðun á reglum um hámarkskostnaðarþátttöku í heilbrigðiskerfinu yrði lokið sem fyrst. Fyrri hluti þessarar tillögu kom frá vinnuhópi um fólk án atvinnu, þar sem hópurinn minntist sérstaklega á mikilvægi þess að hraða endurskoðun almannatrygginga og nauðsyn þess að taka fyrirkomulag örorkulífeyris og endurhæfingarlífeyris til endurskoðunar. Síðari hluti tillögu stýrihópsins sneri aftur á móti að kostnaði í heilbrigðiskerfinu sem var ekki fjallað um í fyrstu áfangaskýrslu *vinnuhóps um fólk án atvinnu*.

Í stöðuskýrslum *vinnuhóps um fjárhagsvanda heimilanna* var bent á ýmsar leiðir sem hægt væri að fara til að aðstoða heimilin, þó ekki væri að finna sérstakan lista yfir tillögur hópsins. Í töflu 35 er búið að draga saman þau atriði sem hópurinn lagði til. Taflan sýnir að vinna hópsins var nýtt til að leggja fram tillögur í stöðuskýrslum stýrihópsins. Í skýrslum stýrihópsins frá því í mars og ágúst 2009 eru til að mynda settar fram fimm tillögur sem sneru að fjárhagsvanda heimilanna og tengjast þeim hugmyndum sem *vinnuhópur um fjármál heimilanna* reifaði í skýrslum sínum þetta ár. Þar sem vinnuhópurinn orðaði áherslur sínar í samfelldu máli gefur auga leið að þær voru umorðaðar áður en þær voru settar fram sem tillögur í stöðuskýrslu stýrihópsins.

Tafla 35. Tillögur vinnuhóps um fjárhagsvanda heimilanna

Ártal	Fjárhagsvandi heimilanna	
2009	Niðurfelling skulda að hluta.	
	Afnám eða lækkun verðtryggingar.	
	Möguleiki á að afskrifir kröfuhafa á skuldum leiði ekki til skattlagningar skuldara.	
	Sett verði lög um greiðsluáðlögun skulda.	
	Sett verði lög um greiðslujöfnun gjaldeyrislána eða að mögulegt verði að endursemjja um gjaldeyrislán.	
	Vaxtabótakerfið verði endurskoðað með tilliti til tekjuviðmiða.	
	Endurgreiðsla vaxta og verðbóta verði tekin til endurskoðunar.	
	Skattkerfið verði nýtt til að hvetja til þess að einstaklingar fjárfesti í atvinnustarfsemi.	
	Horft sé heildstætt á úrlausnir sem miða að því að: a) hjálpa þeim sem eru í mestum vanda, b) aðstoða þá sem eru í áhættu og eru líklegir til að lenda í vanda, c) styðja við þá sem enn geta spjarað sig en með einföldum aðgerðum stjórnvalda og lánveitenda geta minnkað greiðslubyrði sína og þannig komist í gegnum þrengingar næstu missera.	√
	Leggja áherslu á að fólk með greiðslugetu greiði af lánum sínum svo unnt sé að styðja við fólk í mestum vanda.	
	Stjórnvöld endurskoði húsnæðiskerfið í heild til þess að fólk sé ekki í skuldafjötrum fram á elljár.	√
	Stjórnvöld forðist aðgerðir sem dragi of mikið úr einkaneyslu.	
	Fyrirtæki fái aðstoð við að halda uppi atvinnustigi.	
	Tryggja að Seðlabankinn geti unnið í gögnum um fjármál heimilanna og birt reglulegar niðurstöður um ástand mála.	
	Sníða upplýsingar um úrræði að þörfum fólks þannig að það geti tekið upplýstar ákvarðanir.	
	Fjölmíðlar kynni úrræði með jákvæðum hætti og leiðbeini fólki.	
	Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna verði áfram opin.	
	Stjórnvöld gefi út með skýrum hætti hvort koma eigi frekar til móts við fólk varðandi lán þess.	√
	Frekari úrræði þyrftu að koma til fyrir fólk sem tók gengistryggð lán til íbúðakaupa.	√
	Leiðréttá misskilning um að fólk í vanskilum geti ekki nýtt sér greiðsluferfðileikaúrræði.	
	Koma með úrræði fyrir fólk sem var með bilalán í erlendri mynt.	√
	Nauðsynlegt að skapa sátt í samfélaginu með viðtæku samráði við sem flesta hagsmunaaðila.	
	Gera endurfjármögnun verðtryggðra lána mögulega með hagkvæmari hætti.	
	Meta gagnsemi þeirra úrræða sem eru fyrir hendi og endurskoða þau, ef þörf krefur.	√
	Koma í veg fyrir að hópur fólks í greiðsluvanda stækki enn frekar.	√
2011	Tekinn verði í notkun miðlægur gagnagrunnur um fjárhagsstöðu heimila.	√
	Kanna hvort eigi að lengja umsóknafrest um 110% leið.	
	Vakin er athygli á að færri heimili hafa nýtt sér úrræði en áætlanir gerðu ráð fyrir.	√

√ Tillaga vinnuhópsins var sett fram sem tillaga frá stýrihópi í áfangaskýrslu stýrihóps

(Heimildir: Velferðarvaktin, 2009b; 2009j; 2011f)

Vinnuhópur um ungmenni og ungt fólk og vinnuhópur um fólk án atvinnu voru sameinaðir og í síðustu áfangaskýrslu Velferðarvaktarinnar gekk hópurinn undir nafninu *vinnuhópur um ungt fólk 15 – 25 ára*. Í þeirri skýrslu endurtók hópurinn að miklu leyti þær tillögur sem hóparnir um velferð ungs fólks og málefni atvinnulausra höfðu áður sett fram í áfangaskýrslum þar sem þær þóttu enn vera í fullu gildi.

Tafla 36. Tillögur sameinaðs hóps um fólk án atvinnu og ungt fólk


Ártal	Sameinaður hópur: Fólk án atvinnu & unga fólk
2011	Nýta það námsframboð sem þegar er til staðar, einkum stuttar og hagnýtar starfsnámsbrautir. Tryggja að vinnustaðir geti tekið við fólk í starfsþjálfun. Hvetja sveitarfélög til að tryggja sumarvinnu fyrir ungt fólk. Mæta umsóknum um skólavist í framhalds- og háskólum, bæði vegna nýnema og þeirra sem hyggjast hefja nám eftir hlé. Auka geðræna og læknisfræðilega aðstoð ásamt námsráðgjöf og forvarnastarfi í skólum. Setja upp námsver í skólum til að aðstoða nemendur. Auka samstarf við stofnanir og félagasamtök (utan skólans). Tækifæri á samstarfi við þriðja geirann. Gefa öllum unglingum kost á að stunda íþróttir óháð efnahag. Auka kennslu í stjórnun eigin fjármála nemenda og fræðslu um efnahagslífið. Styðja sérstaklega við innflygjendur og börn þeirra. Tryggja öllum nemendum aðgang að fartölvu og netinu í skólastarfi. Fjölga atvinnutækifærum með átaksverkefnum ríkis og sveitarfélaga. Leggja áherslu á virkni þeirra sem ekki hafa atvinnu. Beina þessum hópi í jákvæðan farveg, t.d. í starfi með félagasamtökum. Tryggja nægt framboð verkefna sem snúa að virkni og bjóða „alvöru“ verkefni sem ungt fólk geti tekið að sér og séð árangur vinnu sinnar. Taka á hækkanði húsaleigu (vegna vísitölubindingar) á stúdentagörðum. Hækka húsaleigubætur og námslán. Ákvarðanavald þarf að vera skýrt í málefnum hópsins og forgangsraða eftir aðstæðum.

√ Tillaga vinnuhópsins var sett fram sem tillaga frá stýrihópi í áfangaskýrslu stýrihóps

(Heimild: Velferðarráðuneytið, 2013a)

Töflurnar hér að framan eiga það sammerkt að sýna að langflestar tillögur hópanna komu fram á upphafsári Velferðarvaktarinnar. Enn fremur nýtti stýrihópurinn frekar tillögur sem hóparnir settu fram árið 2009 í áfangaskýrslur til stjórnvalda en þær sem vinnuhóparnir settu fram síðar.

Í netkönnun meðal fulltrúa í vinnuhópum voru þátttakendur spurðir hvort þeir væru sáttir við það hvaða tillögur úr vinnuhópnum voru valdar áfram af stýrihópi Velferðarvaktarinnar. Þrír af hverjum fjórum voru sáttir við það hvaða tillögur voru valdar áfram af stýrihóp og um fimmtungur var hlutlaus í afstöðu sinni (sjá mynd 7).



Mynd 7. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) varst þú við það hvaða tillögur úr vinnhópnum voru valdar áfram af stýrihópi Velferðarvaktarinnar? - Tíðni

Vegna þess hve fáir svarendur merktu við frekar eða mjög ósátt(ur) voru valmöguleikarnir frekar og mjög ósáttur annars vegar sameinaðir þeim sem sögðu hvorki sátt(ur) né ósáttu(ur) fyrir bakgrunnsgreiningu.

Bakgrunnsgreining leiddi í ljós að konur voru sáttari við ákvörðun stýrihóps um hvaða tillögur voru valdar en karlar. Fólk sem starfaði í opinberri þjónustu í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum var ósáttara en aðrir. Ekki kom á óvart að svarendur í stýrihópi voru sáttari við þær tillögur sem voru valdar áfram en þeir sem sátu ekki í stýrihópi (sjá töflu 37).

Tafla 37. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) varst þú við það hvaða tillögur úr vinnhópnum voru valdar áfram af stýrihóp Velferðarvaktarinnar?

	Mjög sátt(ur)	Frekar sátt(ur)	Hvorki né, frekar eða mjög ósátt(ur)	Fjöldi	Mjög eða frekar sátt(ur)
Heild	13%	62%	25%	52	75%
Kyn					
Karl	7%	56%	37%	27	63%
Kona	20%	68%	12%	25	88%
Aldur					
24-49 ára	30%	40%	30%	10	70%
50-59 ára	7%	68%	25%	28	75%
60-68 ára	14%	64%	21%	14	79%
Starfssvið					
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	0%	86%	14%	7	86%
Menntun og fræðsla	10%	60%	30%	10	70%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum	10%	50%	40%	10	60%
Önnur opinber þjónusta	27%	53%	20%	15	80%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	10%	70%	20%	10	80%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar					
Sat í stýrihópi	13%	80%	7%	15	93%
Sat ekki í stýrihópi	14%	56%	31%	36	69%

0% 25% 50% 75% 100%

Tillögur stýrihóps til stjórnvalda og afdrif þeirra

Aðkoma félags- og tryggingamálaráðherra (síðar velferðarráðherra) að Velferðarvaktinni fólst fyrst og fremst í að taka við tillögnum og reyna að finna þeim farveg. Að sögn Guðbjarts Hannessonar, fyrrverandi velferðarráðherra „gekk það að vísu misjafnlega vel“. Aðspurður um hvað hafi komið í veg fyrir að tillögur Velferðarvaktarinnar næðu fram að ganga nefndi ráðherrann einkum fjárskort.

Við fórum á þessum tíma í bullandi niðurskurð og vorum, því miður, að velja um hvar ætti að skera niður. Við vorum ekki að forgangsraða í uppbyggingu [Guðbjartur Hannesson, fyrrverandi velferðarráðherra].

Árni Páll Árnason, fyrrverandi félags- og tryggingamálaráðherra, tók í sama streng þegar hann var spurður út í afdrif tillagna og bætti því við að sumum málum hafi verið erfitt að ná í gegn þar sem ekki hafi náðst pólitísk sátt eða tekist að leysa úr ágreiningi um hvernig ætti að útfæra þau.

Sum úrlausnarefni voru óvinsæl, eins og skuldirnar, og ég upplifði mikla tregðu stjórnsýslunnar til að takast á við þau. Enginn vildi snerta á þessu ótilneyddur [Árni Páll Árnason, fyrrverandi félags- og tryggingamálaráðherra].

Þótt orð ráðherranna bendi til að stjórnvöldum hafi ekki tekist að nýta tillögur sem komu frá stýrihópi Velferðarvaktarinnar nema að hluta, leiddi innihaldsgreining á efni sem sett var fram af ríkisstjórninni og Alþingi á árunum 2009 til 2013 í ljós að ýmsar áætlanir og lög sem tóku gildi á þessum árum áttu margt skylt við tillögur Velferðarvaktarinnar. Margar þeirra tillagna sem voru lagðar fram í fyrstu áfangaskýrslu Velferðarvaktarinnar voru til dæmis teknar upp í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um velferð (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009a). Velferðarvaktinni var falið að fylgjast með fjölda aðgerða sem voru settar fram í aðgerðaáætluninni og samkvæmt greiningerð stýrihópsins seinna sama ár höfðu stjórnvöld hafist handa við ýmsar aðgerðir eins og farið verður nánar yfir hér á eftir (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009b).

Tillögur stýrihóps sem byggðu á störfum vinnuhópa

Eins og áður kom fram var unnin innihaldsgreining, meðal annars á útgefnu efni Velferðarvaktarinnar, skýrslum tengdum vaktinni, tillögum vinnuhópa og stýrihóps. Tilgangur innihaldsgreiningarinnar var meðal annars að fylgja tillögum stýrihóps vaktarinnar eftir og skoða þau áhrif sem tillögurnar höfðu á aðgerðir stjórnvalda. Rýnt var í störf og aðgerðir ríkisstjórnarinnar og Alþingis í velferðarmálum árin 2009-2013 og farið yfir tengsl þeirra við tillögur stýrihóps vaktarinnar. Störf opinberra stofnana og samstarfsaðila vaktarinnar voru einnig skoðuð á þessu árabili með það í huga að skoða tengsl þeirra við tillögur Velferðarvaktarinnar. Eins og fyrr sagði byggðu tillögur stýrihóps vaktarinnar á útgefnum skýrslum vinnuhópanna þó þær væru oft útfærðar nánar í skýrslum stýrihópsins. Sumar tillögur stýrihópsins voru orðaðar með skýrum hætti og ljóst var hvaða árangri þær gætu skilað ef þeim yrði hrint í framkvæmd. Þetta átti til dæmis við um tillögu um að tryggja að öll börn fengju hádegisverð í skólum landsins frá árinu 2009. Aðrar tillögur voru óljósari og því erfitt að leita uppi afdrif þeirra eftir að þeim var beint til ráðherra. Þar má nefna tillögu

frá sama ári um að ýtt yrði úr vör aðgerðum fyrir þá sem enn gátu spjarað sig en hætta var á að lentu í greiðsluvanda svo koma mætti í veg fyrir að hópurn sem var í greiðsluvanda stækkaði.

Í myndum 8-15 hér á eftir er yfirlit yfir allar tillögur sem stýrihópurinn lagði fram árin 2009-2013, flokkaðar eftir sömu þemum og vinnuhópunum var skipt í. Á síðustu myndinni, mynd 15, er aftur á móti yfirlit yfir tillögur sem urðu til á fundum stýrihópsins en virðast ekki tengjast störfum vinnuhópanna. Afdrif tillagna meðal stjórnvalda (ríkisstjórnar og Alþingis) eru birt neðst á myndunum, en tekin eru dæmi um frekari árangur meðal opinberra stofnana og samstarfsaðila vaktarinnar í texta. Hafa skal í huga að þegar afdrif tillagna eru leituð uppi er nánast ómögulegt að álykta um það hvort viðbrögð stjórnvalda hafi komið til vegna ábendinga frá Velferðarvaktinni, eða hvort ráðist hefði verið í þessar aðgerðir hvort sem var. Einnig ber að hafa í huga að hér fylgir ekki tæmandi listi yfir þann árangur sem varð vegna starfa vaktarinnar. Það eru vafalaust mörg önnur dæmi en þau sem hér eru nefnd um árangur í íslensku samfélagi sem kom til vegna starfa Velferðarvaktarinnar.

Á mynd 8 má sjá tillögur stýrihóps sem tengjast störfum vinnuhóps um börn og barnafjölskyldur og afdrif þeirra. Tillaga vaktarinnar um að tryggja að öll börn fengju hádegisverð í skólum landsins var tekin upp í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í mars 2009. Velferðarvaktin, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, sendi áskorun til allra sveitarstjórna og skólanefnda 16. september 2009 þetta (Þingskjal 714, 2009-2010). Þessi tilmæli voru ítrekuð við sveitarstjórnir landsins á hverju hausti. Svo virðist sem þessi vinna hafi borið árangur, því tveimur árum eftir að fyrstu tilmælin voru send sveitarstjórnnum og skólanefndum sveitarfélaga fékk stýrihópurinn upplýsingar um að tryggt hefði verið að börn í skólum fengju máltíð í hádegi og að víða væri þeim boðinn hafragrautur á morgnana (Velferðarvaktin, 2011).

Ekki var þó brugðist við öllum tillögum stýrihópsins á þann hátt sem vonast var til. Velferðarvaktin varaði við áætlun stjórnvalda í lok ársins 2009 um að fresta greiðslu foreldra- og fæðingarorlofs að hluta. Í kjölfar efnahagshruns voru hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi lækkaðar þrisvar með breytingum á lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000. Greiðslur voru lækkaðar úr 480 þús. kr. í 400 þús.kr. samanber lög nr. 173/2008 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, úr 400 þús. kr. í 350 þús. kr. samanber lög nr. 70/2009 um ráðstafanir í ríkisfjármálum og að lokum úr 350 þús. kr. í 300 þús. kr samanber lög nr. 120/2009 (Þingskjal 912, 2010-2011). Árið 2011 lagði stýrihópurinn til að greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi yrðu ekki skertar meira en orðið var og helst að þær væru hækkaðar í átt til fyrra horfs svo báðir foreldrar myndu nýta rétt sinn til fæðingarorlofs (Velferðarvaktin, 2011). Í lok árs 2012 voru hámarksgreiðslur hækkaðar í 350.000 með lögum nr. 143/2012 um breytingu á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, með áorðnum breytingum. Tillaga vaktarinnar frá 2011 var ítrekuð aftur árið 2013 (Velferðarráðuneytið, 2013a).



2009

Aðstæður ungra barnafjölskyldna verði kannaðar sérstaklega.

2009

Hugað verði sérstaklega að stöðu jaðarhópa í samfélaginu, þ.e. fatlaðra, langveikra, innflytjenda og öryrkja.

2009

Aðgangur barna og barnafjölskyldna að fagfólki sé tryggður og áhersla sé lögð á fjölskylduvinnu hjá heilsugæslu og félagsþjónustu.

2009

Tryggt verði að öll börn fái hádegisverð í skólum landsins.

2011 & 2013

Stjórnvöld auki stuðning og sérstakar aðgerðir til að tryggja betur en nú er gert velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra.

2011 & 2013

Sérstöku fjármagni verði veitt til heilsugæslustöðva til að tryggja geðheilbrigðis og sálfélagslega þjónustu fyrir börn.

2011 & 2013

Greiðslur til foreldra í foreldra- og fæðingarorlofi verði ekki skertar meira en orðið er og helst að greiðslur verði hækkaðar í átt til fyrra horfs svo báðir foreldrar nýti rétt og börn njóti samvista við báða foreldra á fyrsta æviskeiðinu.

Smellið á hlekkina hér að neðan fyrir nánari upplýsingar

- [Velferðarvaktin sendi öllum sveitarstjórnum og skólanefndum áskorun í upphafi vetrar 2009](#) um að tryggt verði með öllum tiltækum ráðum og fylgst með að börn í skólum á þeirra vegum fái hádegisverð alla skóladaga. Bréfið var sent í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þetta gekk eftir.
- [Í skýrslu velferðarráðherra um fæðingar- og foreldraorlof](#) kemur fram að hámarksgreiðslur fæðingarorlofs voru skertar þrisvar sinnum árin 2008-2009
- [Samstarfssamningur um tilraunaverkefni til styrktar langveikum börnum og börnum með ADHD greiningu.](#)
- [Þingsályktun um bættu heilbrigðisþjónustu og heilbrigði ungs fólks.](#) Samþykkt á Alþingi 15. maí 2012.
- [Stefnumörkun. Samband íslenskra sveitarfélaga 2011-2014](#) (t.d. greinar 1.4., 3.7., 3.9. og 3.11).

(Heimildir: Alþingi, 2012; Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009a, 2009b; Félags- og tryggingamálaráðuneyti, Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Heilbrigðisráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga, 2009, 2011; Velferðarráðuneytið, 2011a, 2013a; Þingskjal 714, 2009-2010; Þingskjal 912, 2010-2011)

Mynd 8. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013 sem sneru að málefnum vinnuhóps um börn og barnafjölskyldur og afdrif þeirra

Á mynd 9 má sjá tillögur stýrihóps sem byggðu á vinnu hóps um þá sem standa höllum fæti/stóðu höllum fæti fyrir kreppu. Í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar var meðal annars lagt til að frjáls félagasamtök, í samvinnu við stjórnvöld og sveitarfélög, stuðluðu að því að störf opinberra aðila og þriðja geirans yrðu samræmd og að markvissum aðgerðum yrði komið á fót svo hægt væri að nýta félagsauðinn sem best (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009c; Velferðarráðuneytið, 2010a). Vinnuhópur á vegum vaktarinnar um þriðja geirann var stofnaður árið 2010 til að bregðast við því sem lagt var til. Hópurinn setti fram hugmynd um að stofnuð yrði miðstöð sem safnaði saman og veitti upplýsingar um sjálfböðastarf. Varðandi samræmingu á verkefnum innan þriðja geirans lagði hópurinn meðal annars til að stýrihópur Velferðarvaktarinnar, í samstarfi við sveitarfélög, skipulegði fundi með fulltrúum þriðja geirans þar sem fólk gæti lært hvert af öðru (Velferðarráðuneytið, 2010a).

Lög um vinnustaðanámssjóð tóku gildi 2012, en sjóðurinn veitir styrki til stofnana og fyrirtækja vegna starfsþjálfunar og vinnustaðanáms. Brugðist var við tillögu Velferðarvaktarinnar um að auka samstarf Vinnumálastofnunar og félagsþjónustu sveitarfélaga m.a. með verkefninu *Stígur* á vegum Vinnumálastofnunar (2013). Verkefnið tengdist þjónustu við fólk án atvinnu sem hefur ekki bótarétt í atvinnuleysistryggingakerfinu og fær fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu sveitarfélaga. Markmiðið með verkefninu var að styrkja fólk í leit að atvinnu og fækka þeim sem þurftu á fjárhagsaðstoð að halda frá sveitarfélaginu (Vinnumálastofnun, 2013).

Tillögur vinnuhóps um þá sem standa
höllum fæti/stóðu höllum fæti fyrir
kreppu (sjá töflu 31)

Tillögur stýrihóps

Afdrif

2009

Samstarf Vinnuálastofnunar og félagsþjónustu sveitarfélaganna verði aukið, ekki síst gagnvart ungu fólki, langtímaatvinnulausum og þeim sem eru í atvinnuleit án bótaréttar.

2009

Störf þriðja geirans verði samræmd og félagsauður nýttur með markvissum aðgerðum.

2011

Kannaðar verði aðstæður 16 ára unglinga sem ekki sækja um skólavist í framhaldsskóla að loknu grunnskólaprófi með það að markmiði að finna leiðir til að þau geti stundað nám við hæfi, bæði bóklegt nám og ekki síður verkmenntanám og starfsþjálfun. Að sama skapi verði aðstæður nemenda sem falla brott úr námi í framhaldsskóla kannaðar og unnið að því að finna nemendum farveg í námi á ný.

Smellið á hlekkina hér að neðan fyrir nánari upplýsingar

- [Vinnuhópur á vegum velferðarvaktarinnar – þriðji geirinn](#), var stofnaður til að samræma störf þriðja geirans og opinberra aðila og til að skipuleggja markvissar aðgerðir til að nýta félagsauðinn sem best.
- [Lög um vinnustaðanámssjóð](#) tóku gildi 2012. Vinnustaðanámssjóður veitir styrki vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar (sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla).

(Heimildir: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009a, 2009b; *Lög um vinnustaðanámssjóð* nr. 71/2012; Velferðarráðuneytið, 2010a, 2011a)

Mynd 9. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013 sem sneru að málefnum vinnuhóps um þá sem standa höllum fæti/stóðu höllum fæti fyrir kreppu

Landlæknir átti sæti í stýrihópi vaktarinnar og gerði þar grein fyrir heilsufarslegum áhrifum efnahagskreppunnar. Landlæknisembættið breytti áherslum í kjölfar efnahagshruns og greip til sérstakra aðgerða til að efla eftirlit. Einnig hóf embættið að fylgjast reglubundið með breytingum sem urðu í aðsókn að heilbrigðisþjónustu (Landlæknisembættið, 2009), en þau viðbrögð voru í takt við hluta úr tillögu frá stýrihópi vaktarinnar árið 2009 um að fylgjast vel með breytingum í aðsókn á heilbrigðisþjónustu (sjá mynd 10).



2009

Tryggt verði að versnandi fjárhagur fólks hindri ekki aðgengi þess að heilbrigðisþjónustu, að heilsugæslan hafi frumkvæði að því að ná til þjónustupega í áhættuhópum, að þjónustustig heilugæslunnar verði ekki skorið niður og að fylgst verði grannt með breytingum á aðsókn að heilbrigðisþjónustu.

Smellið á hlekkinn hér að neðan fyrir nánari upplýsingar

- [Landlæknisembættið fylgist með lykiltölum um notkun á heilbrigðisþjónustu á Íslandi](#). Velferðarvaktin fylgist reglulega með því hvort breytingar verða á aðsókn að heilbrigðisþjónustu í gegnum landlækni sem var í stýrihópi vaktarinnar. Þar má nefna dánartölur og þá sérstaklega um lyfjanotkun og sjálfsvíg.

(Heimildir: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009a, Landlæknisembættið, 2009; Þingskjal 714, 2010-2011)

Mynd 10. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013 sem sneru að málefnum vinnuhóps um kreppu og heilsufar

Á mynd 11 má sjá dæmi um úrræði á vegum stjórnvalda sem tengjast efni tillagna frá stýrihópi um ungmenni og ungt fólk. Í þingsályktun um menntun og atvinnusköpun eru meginatriði í mennta- og atvinnustefnu stjórnvalda fléttuð saman og aðal vægi sett á að greina menntunarpörf í atvinnulífi, að þróa fjölbreyttar námsleiðir og auka virði starfsnáms (Þingskjal 736, 2010-2011). Framhaldsskólarnir voru opnaðir svo allir umsækjendur um nám í framhaldsskóla að 25 ára aldri fengu skólavist haustið 2011. Þá um haustið var einnig lögð áhersla á aukin námstækifæri fyrir fólk án atvinnu þegar boðið var upp á allt að 1.000 námstækifæri í framhaldsskólum, háskólum og víðar, en fjármagn vegna aðgerðarinnar kom úr Atvinnuleysistryggingasjóði (Velferðarráðuneytið, 2011c).

Í júní 2011 samþykkti ríkisstjórnin að leggja 100 milljónir króna í vinnumarkaðsaðgerðir fyrir ungt fólk án atvinnu sem var ekki tryggt innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Í framhaldi var samstarfsverkefni velferðarráðuneytis, Vinnumálastofnunar, Reykjavíkurborgar, Reykjanesbæjar, Hafnarjarðarbæjar og Kópavogsbæjar hrint í framkvæmd undir heitinu *Atvinnutorg* árið 2012. Markmiðið með verkefninu var að hvetja unga atvinnuleitendur til virkni og gefa ungu fólki sem var ekki á vinnnumarkaði eða í námi stuðning og ráðgjöf við að finna lausnir sem hentuðu þeim (Velferðarráðuneytið, 2012a). Atvinnutorg sinnti sérstaklega þeim sem voru án bótaréttar en einnig þeim sem voru að missa bótarétt sinn hjá Vinnumálastofnun eða þurftu frekari stuðning við að koma sér út á vinnnumarkað (Reykjavíkurborg, e.d.).



(Heimildir: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009a; Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.; Þingskjal 714, 2009-2010; Velferðarráðuneytið, 2011c, 2012a; Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010; Þingskjal 736, 2010-2011)

Mynd 11. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013 sem sneru að málefnum vinnuhóps um ungmenni og ungt fólk

Mikið af því sem lagt var til í tengslum við atvinnumál hafði að gera með starfsemi Vinnumálastofnunar (sjá mynd 12). Velferðarvaktin sendi bréf til allra ríkisstofnana og sveitarfélaga í þeim tilgangi að hvetja þau til að nýta sér þær vinnumarkaðsaðgerðir sem Vinnumálastofnun bauð upp á (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009b). Af vinnumarkaðsaðgerðum Vinnumálastofnunar, sem tengdust áherslum Velferðarvaktarinnar, má nefna átakið *Ungt fólk til athafna* sem hafði það að markmiði að ekki skyldu líða meira en þrjú mánuðir frá því að ungt fólk (18 til 24 ára) missti vinnu og þar til því væri boðið starf, tækifæri til náms, starfsþjálfunar eða annars (Velferðarráðuneytið, 2010). ÞOR (þekking og reynsla) var einstaklingsmiðað úrræði á vegum Vinnumálastofnunar fyrir þá sem höfðu verið lengi án atvinnu en að mati vaktarinnar þurfti að styrkja úrræði á borð við þetta sem voru sérstaklega sniðin að eldra fólki án atvinnu (Velferðarráðuneytið, 2011). Tilraunaverkefnið STARF sem var samstarfsverkefni velferðarráðuneytisins, Vinnumálastofnunar, ASÍ og SA frá árinu 2012 var stofnað til að stuðla að virkari vinnumarkaðsaðgerðum til að auka líkur fólks án atvinnu á að komast aftur á vinnumarkað (STARF, 2012). Af öðrum vinnumarkaðsaðgerðum á vegum Vinnumálastofnunar má aftur nefna verkefnið *Stíg* (2013) sem þjónustar atvinnuleitendur án bótaréttar.

Það var upplifun viðmælenda úr stýrihópi Velferðarvaktarinnar að þessar aðgerðir sem Vinnumálastofnun greip til í kjölfar efnahagshruns hafi verið mjög í ætt við þær tillögur sem komu frá Velferðarvaktinni, enda átti stofnunin fulltrúa í vaktinni. Viðmælendur töldu vaktina því hafa skipt máli fyrir atvinnumál ungs fólks, þó haft væri orð á því að sjálfsagt hefði Vinnumálastofnun gripið til mikilvægra aðgerða hefði Velferðarvaktarinnar ekki notið við.

Ég held til dæmis að við höfum haft áhrif á [...] ákveðnar aðgerðir sem farið var í varðandi sumavinnu ungs fólks og verkefni sem að Vinnumálastofnun fór svo í sem hét Ungt fólk til athafna. [...] Þannig ég held alveg að ýmislegt hafi náð í gegn, spurning er auðvitað hvort það hefði getað verið meira [fulltrúi í stýrihópi].

Reykjavíkurborg hefur einnig boðið upp á verkefni sem tengdust áherslum velferðarvaktarinnar um að koma á fjölbreyttum úrræðum fyrir fólk án atvinnu. *Orkan* er verkefni á vegum Reykjavíkurborgar sem gerir ungu fólki kleift að fá greiðari aðgang að virkniráðgjöfum sem eru í reglubundnu sambandi við atvinnuleitendur (Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, 2012).

Ein af tillögum stýrihópsins til stjórnvalda var að koma á góðu samstarfi Starfsendurhæfingarsjóðs, Vinnumálastofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins. Samkvæmt skýrslu stýrihóps hófst vinna við að efla samstarf Tryggingastofnunar ríkisins og Vinnumálastofnunar árið 2011, en forstjórar stofnananna höfðu sameiginlega hafið skoðun á samspili bótakerfanna hjá þeim (Velferðarráðuneytið, 2011).



2009

Hugað verði að samræmdum aðgerðum sveitarfélaga, ríkis og aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að koma í veg fyrir að atvinnulaust fólk festist í bótakerfinu.

2009

Kannað verði í samvinnu við Vinnuálastofnun og félagsþjónustur sveitarfélaganna hvort og með hvaða hætti megi aðstoða barnafjölskyldur þar sem báðir foreldrar eru í atvinnuleit.

2009

Áætlun um endurskoðun almannatrygginga verði hraðað þar sem örorkumatskerfið og fyrirkomulag örorkulífeyris verði skoðað sérstaklega. Einnig verði vinnu við endurskoðun á reglum um hámarkskostnaðarþátttöku í heilbrigðiskerfinu lokið sem fyrst.

2009

Gott samstarf Starfsendurhæfingarsjóðs, Vinnuálastofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins verði byggt upp.

2011

Boðin verði ný og fjölbreyttari vinnumarkaðsúræði til að tryggja að úrræðin höfði til og nýtist þeim sem hafa verið lengi án atvinnu.

2011

Ungu fólk í atvinnuleit, sem ekki á rétt á atvinnuleysisbótum, verði veittur aðgangur að vinnumarkaðsúræðum Vinnuálastofnunar.

Smellið á hlekkina hér að neðan fyrir nánari upplýsingar

- [Svar félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar](#) um framkvæmd vinnumarkaðsúræða, í hverju þau eru fölgin, hverjir bjóða upp á þau, hversu margir hafa nýtt sér úrræðin o.fl.
- [Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning.](#)
- [Líðsstyrkur.](#) Samkomulag sveitarfélaga, ríkis og aðila vinnumarkaðar í lok árs 2012.

(Heimildir: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009a; 2009b; Velferðarráðuneytið, 2011; Þingskjal 1116, 2012-2013; Þingskjal 643, 2013-2014)

Mynd 12. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013 sem sneru að málefnum vinnuhóps um fólk án atvinnu og afdrif þeirra

Fjármál heimilanna og skuldavandi heimilanna voru eins og gefur að skilja í brennidepli fyrstu árin eftir efnahagshrun og stjórnvöld lögðu mikla áherslu á þau mál. Það kom fram í lokaskýrslu stýrihóps vaktarinnar að erfitt hafi reynst að meta í heild árangur þeirra aðgerða sem stjórnvöld réðust í vegna fjárhagsstöðu heimilanna, þar sem miðlægur gagnagrunnur með upplýsingum um fjárhagsstöðu heimilanna var ekki til staðar (Velferðarráðuneytið, 2013a).

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sagði að ráðist hefði verið í ýmsar aðgerðir sem Velferðarvaktin lagði til. Fyrsta skýrsla með tillögum til stjórnvalda kom út í mars 2009 og að sögn Ástu Ragnheiðar voru í kjölfarið sett af stað ýmis úrræði fyrir heimili í fjárhagsvanda sem byggðu á þessum tillögum og fleira til stuðnings fjölskyldna í vanda. Það mátti þó deila um hvort árangur hefði náðst í þessum málaflokki. Til dæmis benti viðmælandi úr stýrihópi á að Velferðarvaktin hafi fjallað um aðgerðir vegna fjárhagsvanda heimila og sett fram tillögur þess efnis að kanna þyrfti hvers vegna færri nýttu úrræðin en búist var við og að endurskoða þyrfti úrræðin til þess að fleiri heimili nyti góðs af. Í þessum málaflokki þótti viðmælanda ekki hafa verið farið nægilega vel að tilmælum Velferðarvaktarinnar.

Það var alveg svart á hvítu hverjir það voru sem fengu þetta, það voru millitekjuhópar og þar fyrir ofan. Þannig að okkar fólk sem var ekki komið í greiðsluvanda og ekki komið yfir 110% skuld en með verulega þunga greiðslubyrði, það fékk ekki krónu. Við gagnrýndum þetta alveg og þarna hefði maður viljað sjá tekið öðruvísi á hlutunum [fulltrúi úr stýrihóp].

Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt gögnum sem vinnuhópur um fjárhagsvanda heimilanna hafði undir höndum, höfðu mun færri nýtt sér úrræði ríkisstjórnarinnar en gert hafði verið ráð fyrir, sérstaklega 110% leiðina og sértæka skuldaaðlögun. Ein ástæða þess samkvæmt lánveitendum var sú að lánþegar höfðu sumir fengið ábendingar meðal annars frá Hagsmunasamtökum heimilanna og Samtökum lánþega um að fallast ekki á úrræði meðan álitamál varðandi endurútreikning gengistryggðra lána voru til umfjöllunar dómstóla (Velferðarráðuneytið, 2011a).

Tillögur stýrihóps sem varða skuldavanda heimilanna árin 2009-2013 má sjá í mynd 13 ásamt dæmi um þau mörgu úrræði fyrir heimili og einstaklinga í greiðsluerfiðleikum sem stjórnvöld settu fram á þessu árabili.



2009

Horft verði heildstætt á úrlausnir gagnvart fjárhagsvanda heimilanna og til verði einskonar úrræðakeðja sem miðar að því að: a) hjálpa þeim sem eru í mestum vanda, b) aðstoða þá sem eru í áhættu og eru líklegir til að lenda í vanda c) styðja við þá sem enn geta spjarað sig en með einföldum aðgerðum stjórnvalda og lánveitenda geta minnkað greiðslubyrði sína og þannig komist í gegnum þrengingar næstu missera.

2009

Stjórnvöld gefi út með skýrum hætti hvort frekar verði komið til móts við fólk í greiðsluvanda vegna gengistryggðra íbúðalána.

2009

Stjórnvöld setji af stað úrræði fyrir fólk í greiðsluvanda vegna bílálána í erlendri mynt.

2009

Úrræði stjórnvalda vegna greiðsluvanda heimilanna verði metin og greind með reglubundnum hætti með sérstakri áherslu á þá sem veikast standa. Úrræðin verði endurskoðuð ef þörf krefur.

2009

Ýtt verði úr vör aðgerðum fyrir þá sem enn geta spjarað sig en hættu er á að lendi í greiðsluvanda svo koma megri í veg fyrir að hópurinn sem er í greiðsluvanda stækki.

2011

Ríkisstjórnin sjái til þess að miðlægur gagnagrunnur um fjárhagsstöðu heimila verði tekinn í notkun þannig að unnt sé að greina fjárhagsstöðu og -vanda heimila með heildstæðum hætti.

2011

Ríkisstjórnin myndi starfshóp sem meti árangur úrræða stjórnvalda vegna skuldavanda heimilanna. Í starfshópnum sitji óháðir sérfræðingar sem kanni hvers vegna mun færri nýta sér úrræðin en gert var ráð fyrir í skýrslu sérfræðingahópsins um skuldavanda heimilanna frá nóvember 2010. Hópurinn leggi bæði mat á úrræðin og leggi til tillögur til úrbóta svo fleiri heimili geti notið góðs af.

2013

Stjórnvöld hraði eins og kostur er mótun heildstæðrar húsnæðisstefnu og setji í kjölfarið af stað aðgerðaáætlun um stuðning við efnalítið fólk í húsnæðisvanda.

Smellið á hlekkina hér að neðan fyrir nánari upplýsingar

- [Lög um umboðsmann skuldara.](#)
- [110% leiðin: Lög um breytingu á lögum nr.44/1998 um húsnæðismál með síðari breytingum \(niðurfærsla veðkrafna íbúðalánasjóðs\).](#)
- [110% leiðin – úrræði fyrir yfirveðsett heimili.](#)
- [Lög um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.](#)
- [Lög um greiðsluádlögun einstaklinga sem tóku gildi 2010.](#)
- [Lög um tímabundna greiðsluádlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði sem tóku gildi 2009.](#)
- [Gagnkvæmar vixilverkanir sem skerða bætur verði afnumdar \(sbr. breytingar á lögum\)](#)
- [Breytingar á lögum um almannatryggingar](#)
- [Stefnumörkun. Samband íslenskra sveitarfélaga 2011-2014](#) (t.d. grein 3.10. Húsnæðismál)

(Heimildir: Samband íslenskra sveitarfélaga, 2009; Velferðarráðuneytið, 2011d, 2011e)

Mynd 13. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013 sem sneru að málefnum vinnuhóps um fjárhagsvanda heimilanna

Sameinaður hópur um fólk án atvinnu og unga fólkíð tók til starfa árið 2013. Tillaga stýrihóps frá 2013, sem byggir á vinnu þessa hóps, snýr að samstarfi Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga þar sem velferðarráðherra og samtök sveitarfélaga voru hvött til að beita sér fyrir áframhaldandi samstarfi að þróun úrræða vegna starfsendurhæfingar þeirra sem hafa verið án atvinnu í lengri tíma (sjá mynd 14). Tillagan var sett fram þar sem hópur langtímaatvinnulausra hefur stækkað, þó dregið hafi verið úr atvinnuleysi fimm árum eftir efnahagshrun (Velferðarvaktin, 2013a).



2013

Velferðarráðherra og samtök sveitarfélaga beiti sér fyrir því að Vinnumálastofnun og sveitarfélögin vinni áfram sameiginlega að þróun úrræða vegna starfsendurhæfingar þeirra sem lengi hafa verið atvinnulausir.

Smellið á hlekkina hér að neðan fyrir nánari upplýsingar

- [Svar félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar](#) um framkvæmd vinnumarkaðsúrræða, í hverju þau eru fólgin, hverjir bjóða upp á þau, hversu margir hafa nýtt sér úrræðin o.fl.
- [Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning.](#)

(Heimildir: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009a, 2009b; Velferðarráðuneytið, 2011; Þingskjal 643, 2013-2014; Þingskjal 1116, 2012-2013)

Mynd 14. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013 sem sneru að málefnum sameinaðra vinnuhópa um fólk án atvinnu og ungt fólk

Tillögur frá stýrihópi Velferðarvaktarinnar

Stýrihópurinn lagði fram tillögur í öllum áfangaskýrslum sem spruttu upp úr starfi hópsins á fundum. Yfirlit yfir þær er á mynd 15. Náðu margar þeirra fram að ganga eins og dæmi um afdrif tillagna sýna. Mótvægisjóður Velferðarvaktarinnar var stofnaður árið 2009. Samkvæmt 4 gr. reglna mótvægisjóðs átti að verja allt að 75% styrkfjárhæðar ár hvert til átaksverkefna, stuðnings við starfsfólks í velferðarþjónustu, vinnu við gerð félagsvísa og nauðsynlegra velferðarrannsókna. Fjórðungi upphæðar átti að verja til þess að samræma verkefni sem þriðji geirinn stóð fyrir og annarra nauðsynlegra verkefna (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009e). Vorið 2010 var auglýst eftir verkefnum í sjóðinn en það var aðeins gert einu sinni (Hilma Hólmfríður Sigurðar-dóttir, í prentun), eins og áður kom fram í umfjöllun um helstu verkefni Velferðarvaktarinnar.

Þó viðmælendur hafi átt erfitt með að segja nákvæmlega til um hverjar af aðgerðum stjórnvalda væru bein afleiðing þeirrar vinnu sem fram fór í Velferðarvaktinni, voru félagsvísar dæmi sem auðvelt var að benda á að hafi verið komið á fót fyrir tilstuðlan Velferðarvaktarinnar. Tillaga um þróun félagsvísa var sett fram í fyrstu áfangaskýrslu Velferðarvaktarinnar frá því í mars 2009. Eins og áður hefur komið fram stofnaði Velferðarvaktin í kjölfarið vinnuhópa um félagsvísa. Að sögn Láru, formanns Velferðarvaktarinnar, lagði vaktin vinnu í að tryggja að áfram yrði unnið að þróun félagsvísa eftir útgáfu fyrstu skýrslu um félagsvísa sem kom út í febrúar 2012. Ríkisstjórnin ákvað að veita fjármagni í verkefnið og í júní 2012 var gerður samningur milli velferðarráðuneytisins og Hagstofu Íslands um að félagsvísar yrðu vistaðir hjá Hagstofunni sem sæi til þess að þeir væru uppfærðir reglulega.

Mín skoðun er sú að þó aldrei hefði verið neitt annað gert í Velferðarvaktinni, heldur en að koma að félagsvísunum, þá hefði það verið þess virði [Lára Björnsdóttir, fyrrverandi formaður Velferðarvaktarinnar].

Ein af tillögum stýrihópsins til stjórnvalda var að stýrihópurinn beitti sér fyrir auknu samstarfi við fjölmiðla. Eins og fjallað var um í kafla um kynningar og upplýsingagjöf var haft samband við fjölmiðlafólk og ákveðið að koma á fót samstarfi milli fjölmiðla og vaktarinnar. Uppi var hugmynd um að opna gagnvirkan vef fyrir börn og unglinga í samstarfi fræðafólks og fjölmiðlafólks sem fjallaði um efnagashrunið í einfaldri mynd sem gekk ekki eftir. Önnur hugmynd var að búa til gátlista fyrir fjölmiðla til að gera þeim kleift að setja fram efni á þægilegan máta fyrir viðkvæma hópa, t.d. í formi leiksýningar til að auðvelda skilning á efninu, eða innan grunnskóla til að hjálpa börnum að takast á við upplifun kreppunnar (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009a).

Önnur dæmi sem hægt er að nefna um afdrif tillagna sem mótaðar voru á fundum stýrihópsins er vefsíðan www.island.is sem var komið á fót til að auðvelda almenningi aðgang að opinberri þjónustu, en Velferðarvaktin lagði áherslu á að finna leiðir til að tryggja skilvirka upplýsingamiðlun. Síðan er hluti af stefnu ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið 2013-2016, *Vöxtur í krafti netsins*.

Stýrihópurinn lagði það einnig til að dregið yrði úr greiðsluþátttöku fólks sem glímdi við alvarleg langvinn veikindi. Tillagan var sett fram eftir að nýtt greiðsluþáttökukerfi vegna kaupa á lyfjum tók gildi 4. maí 2013 í samræmi við lagabreytingu sem var samþykkt á Alþingi í júní 2012. Markmið laganna var að koma á sanngjarnara greiðsluþáttökukerfi til að koma til móts við þá sem þurftu að standa straum af háum lyfjakostnaði, einfalda kerfið og auka jafnræði (Lög um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með áorðnum breytingum). Nýja kerfið reyndist þó erfitt þeim sem bjuggu við bága fjárhagsstöðu, en margir örorkulífeyrisþegar þurftu til að mynda að greiða meira fyrir lyf og þjálfun heldur en fyrir breytinguna (Velferðarráðuneytið, 2013a). Rannsókn Rúnars Vilhjámssonar frá árinu 2012 sýndi einnig að greiðsluþátttaka almennings vegna heilbrigðisþjónustu hafði aukist undangengin ár, eða úr 16,3% um aldamótin í 18,2% árið 2012. Í rannsókninni kom fram að þetta hafði mest áhrif á tekjulága hópa samfélagsins sem hafa langvinna og/eða lífshættulega sjúkdóma. Í frétt um breytingar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015 á heimasíðu

fjármála- og efnahagsráðuneytis er gert ráð fyrir að þátttaka fólks í lyfjakostnaði minnki um 5% með 150 milljón króna aukinni greiðsluþátttöku ríkisins (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2014). Þegar þessi skýrsla er skrifuð er óvíst hvort boðaðar breytingar ríkisstjórnarinnar gangi eftir.

Árni Páll Árnason, þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra fól Velferðarvaktinni að hefja samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins um að standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélaga og brást þannig við tillögu stýrihóps Velferðarvaktarinnar þess efnis. Eitt verkefna vaktarinnar var að skilgreina hugtakið *grunnþjónusta*, sem var mikið notað í umræðu um hagræðingu og niðurskurð í kreppunni. Í skýrslu um grunnþjónustu, sem Velferðarvaktin birti í desember árið 2009, var sett fram sú tillaga að varast beri að grípa til hagræðingaraðgerða sem fela í sér að útgjöld færist frá ríki til sveitarfélaga. (Velferðarvaktin, 2009k). Í viðtali minntist Lára, formaður Velferðarvaktarinnar, sérstaklega á þessa skýrslu þegar talið barst að því hvort stjórnvöld hefðu geta farið betur að tilmælum vaktarinnar. Að mati Láru var gripið til slíkra aðgerða þrátt fyrir aðvaranir Velferðarvaktarinnar.

Að lokum má nefna að Velferðarvaktin var endurskipuð af Eygló Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, í formennsku Siv Friðleifsdóttur. Vaktin gegnir sambærilegu hlutverki og sú velferðarvakt sem starfaði árin 2009-2013 (Velferðarráðuneytið, 2014).

Tillögur stýrihóps

Afdrif

2009

Stofnaður verði mótvægisjóður velferðarvaktarinnar og fé varið til: - Nauðsynlegra velferðarrannsóknna. - Samræmingar verkefna á vegum þriðja geirans og samstarfsaðila. - Að styðja starfsfólk sem vinnur með þeim sem verst hafa orðið úti í kreppunni. - Átaksverkefna fyrir tiltekna hópa sem efnahagsástandið hefur bitnað verst á. - Annarra nauðsynlegra verkefna.

2009

Sérfræðingar verði fengnir til að útbúa félagsvísa/félagsbókhalð þar sem fylgst verði með ástandinu með reglubundnum hætti.

2009

Komið verði á fót einfaldara kerfi fyrir einstaklinga í varanlegum greiðsluvanda, til að semja um skuldir sínar.

2009

Stýrihópur velferðarvaktarinnar beiti sér fyrir auknu samstarfi við fjölmiðla.

2009

Farið verði með skipulegum hætti yfir alla upplýsingamiðlum stjórnvalda í samstarfi við þriðja geirann og leiðir fundnar sem tryggja skilvirka miðlum upplýsinga um úrræði og tilboð til þeirra sem á þurfa að halda, bæði fyrir einstaklinga og fjölskyldur, svo og fyrir ráðgjafa jafnt innan sem utan stjómisýslunnar. Það er mikilvægt að fólk geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin velferð, ekki sist fjármálin, og greinargóðar upplýsingar eru forsenda þess.

2009

Þjónustustofnanir ríkis og sveitarfélaga skilgreini hvað heyri undir grunnþjónustu, forgangsraði verkefnum í samræmi við það og tryggji að sú þjónusta verði ekki skert, þar með talið í skólum, hjá heilsugæslu og félagsþjónustu.

2009

Grunnfélagsvísar verði birtir mánaðarlega og stjórnvöld geri enn fremur samstarfssamning um gagnasöfnun við valin sveitarfélög sem endurspeglar margbreytileika íslensks samfélags þar sem nánari upplýsingum verði haldið til haga.

2009

Háskólafólki og þeim sem lokið hafa starfsréttindanámi verði boðin starfsþjálfunarpláss í atvinnulífinu án þess að fólkíð missi bætur.

2011

Teknar verði upp sérstakar vinnumarkaðsaðgerðir og önnur úrræði sem erlendir ríkisborgarar í atvinnuleit geta notfært sér.

2011

Nemendum sem taka þátt í verkefninu *Nám er vinnandi vegur* verði gert kleift að halda áfram námi á vorönn 2012 með því að tryggja þeim framfærslu á námstíma.

2013

Dregið verði úr greiðsluþátttöku sjúklinga sem glíma við alvarlega og langvinna sjúkdóma, auk félagslegs og fjárhagslegs vanda.

2013

Stjórnvöld, ríki og Samtök sveitarfélaga setji fram heildstæða, tímasetta aðgerðaáætlun um hvernig vinna skuli bug á fátækt á Íslandi.

2013

Velferðarráðuneytið og Samtök sveitarfélaga setji af stað vinnu í þeim tilgangi að formfesta samstarf heilsugæslunnar og skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaga í málefnum bama og fjölskyldna.

2013

Heimaþjónusta sveitarfélaga verði eflað og hjúkrunarrýmum fjölgað í samræmi við fjölgun sem fyrirsjáanleg er í elstu aldurshópum þjóðarinnar.

2013

Velferðarvaktin starfi áfram í einhverri mynd en verði endurskipuð eftir að leitað hefur verið tilnefninga ríkisstofnana, sveitarfélaga, atvinnulífs og þriðja geirans.

Framhald myndar er á næstu síðu.

Mynd 15. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013

Smellið á hlekkina hér að neðan fyrir nánari upplýsingar


- [Mótvægissjóður velferðarvaktarinnar var stofnaður árið 2009](#). Hluta sjóðsins var varið til sérstakra verkefna Velferðarvaktarinnar (t.d. við gerð félagsvísa, þróunarverkefni fyrir úrræði fyrir ungt fólk án atvinnu og samræmingar verkefna á vegum þriðja geirans (Þingskjal 714, 2009-2010).
 - [Reglur um mótvægissjóð er að finna hér.](#)
- [Efta upplýsingamiðlun sambands íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélaga](#) (liður 4.1 í Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2009 og 2010 – aðgerðaáætlun)
- Vinna við [félagsvísa](#) hófst árið 2009 þegar velferðarvaktin setti fram tillögu um að setja saman íslenska félagsvísa. [Hagstofa Íslands tók að sér árið 2012 að birta og uppfæra reglulega félagsvísa](#), eða safn fjölbreyttra tölfræðilegra upplýsinga um félagslegar aðstæður mismunandi hópa á Íslandi. [Lög um umboðsmann skuldara](#) frá 2010.
- [Heilsueflandi leikskóli](#) og [heilsueflandi grunnskóli](#) á vegum Embættis landlæknis
- Vöxtur í krafti netsins – byggjum, tengjum og tökum þátt: [Stefna ríkis og sveitarfélaga um upplýsingasamfélagið 2013-16](#).
- [Reglugerð um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað](#).
- [Stöðugleikasáttmálinn](#): Markmið sáttmálans er að stuðla að endurreisn efnahagslífsins.

(Heimildir: Embætti landlæknis, e.d.-a, e.d.-b; Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009e; Forsætisráðuneytið, 2010; Samband íslenskra sveitarfélaga, 2009; Velferðarráðuneytið, 2012b; Innanríkisráðuneytið, 2013, Velferðarráðuneytið, 2014 júní; Þingskjal 714, 2009-2010)

Mynd 15 – frh. Tillögur stýrihóps árin 2009-2013

Viðhorf fólks til aðgerða stjórnvalda

Netkönnun var gerð meðal almennings annars vegar og fólks sem starfar innan þeirra stofnana sem áttu fulltrúa í vaktinni (samstarfsaðila) hins vegar í þeim tilgangi að kanna hvort fólk sem stóð utan við Velferðarvaktina teldi stjórnvöld hafa hrint áherslum vaktarinnar í framkvæmd. Spurt var hvort fólk teldi stjórnvöld hafa lagt mikla, litla eða enga áherslu á tólf aðgerðir í velferðarmálum, sem Velferðarvaktin lagði til í skýrslum sínum til stjórnvalda. Mynd 16 sýnir að algengast var að fólk teldi stjórnvöld hafa lagt áherslu á að tryggja öllum nemendum á framhaldsskólaaldri skólavist, að efla starfsendurhæfingu fyrir fólk í atvinnuleit og að tryggja að öll börn fái hádegismat í grunnskólum landsins. Myndin sýnir enn fremur að töluverður munur var á svörum samstarfsaðila og almennings. Samstarfsaðilarnir voru mun líklegri til að hafa orðið varir við aðgerðir stjórnvalda á þeim sviðum sem Velferðarvaktin beindi áherslum sínum.



Mynd 16. Viðhorf samstarfsaðila og almennings til þess hvort stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á ýmsar aðgerðir í velferðarmálum. Meðaltalskvarði frá 1-5 þar sem 1 táknar mjög litla eða enga áherslu og 5 táknar mjög mikla áherslu

Annar árangur af störfum Velferðavaktarinnar

Viðmælendur í viðtölum og rýnihópum töldu að greina mætti áhrif af störfum Velferðavaktarinnar á ýmsum sviðum þjóðfélagsins. Á það var bent að störf vaktarinnar hefðu gjarnan óbein áhrif á velferð á Íslandi með því að vekja máls á ákveðnum málum sem krefðust úrlausnar. Aukin umræða leiddi síðan til þess að aðrir en stjórnvöld tóku mál upp á sína arma.

Þegar við komum svona stór hópur saman með mismunandi tengslanet og bakland, þá gátum við vakið mikla athygli á ýmsum málum og fylgt þeim eftir á öðrum vettvangi. Þetta er pínulítið eins og köngulóarvefur. Einhver byrjar og svo kemur einhver annar og tekur boltann [fulltrúi í stýrihópi].

Dæmi um spuna á þess háttar köngulóarvef birtist í því þegar tannlæknar, tanntæknar og tannlæknanemar buðu upp á ókeypis tannlækningar fyrir börn frá efnaminni heimilum. Ein af tillögum Velferðavaktarinnar til stjórnvalda var að huga frekar að tannheilsu barna sem bjuggu við erfiðar félagslegar aðstæður. Einn viðmælenda benti á að í kjölfar þessarar vinnu Velferðavaktarinnar hafi tannlæknadeild Háskóla Íslands ásamt Tannlæknafélaginu ákveðið að bjóða vinnu sína án endurgjalds í þágu barna og ungmenna.

Þetta er dæmi um hvernig fólk greip boltann með okkur og kom verkefnum í framkvæmd [fulltrúi í stýrihópi].

Viðmælendi úr vinnuhópi Velferðavaktarinnar benti einnig á að í samfélaginu hafi verið ráðist í ýmis endurhæfingar- og sjálfstyrkingarúrræði í kjölfar efnahagsbruns. Þó ekki væri hægt að eigna Velferðavaktinni þessi úrræði, þá komu þau til af því að fólk sem átti sæti í stýrihópi eða vinnuhópum vaktarinnar kom skilaboðum áleiðis um að ákveðnir hópar þyrftu á þess háttar úrræðum að halda. Aðrir sáu svo um að taka þessi verkefni upp á sína arma.

Annað dæmi um verkefni sem var hrint í framkvæmd af öðrum en ríkisstjórninni er viðamikil könnun á aðstæðum reykvískra barnafjölskyldna sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd unnu að beiðni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Eitt af markmiðum könnunarinnar var að bera saman félags- og efnahagslega stöðu reykvískra foreldra eftir því hvort þeir höfðu tekjur í formi launaðrar vinnu, atvinnuleysisbóta eða fjárhagsaðstoðar. Könnunin veitti jafnframt innsýn í þátttöku reykvískra barna í íþrótt- og tómstundastarfi og mun á þátttöku eftir því hvaðan foreldrar þeirra fengu tekjur (Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir, 2012). Viðfangsefni könnunarinnar á margt skylt við áherslur Velferðavaktarinnar í málefnum barna og barnafjölskyldna. Ein af tillögum stýrihópsins til stjórnvalda var að kanna aðstæður ungra barnafjölskyldna og *vinnuhópur um börn og barnafjölskyldur* lagði áherslu á að fylgst yrði með þátttöku barna í tómstundum og að það bæri að tryggja börnum aðgang að íþrótt- og tómstundastarfi óháð efnahag foreldra. Reykjavíkurborg átti fulltrúa í stýrihópi vaktarinnar og því er ekki ósennilegt að sú vinna sem fram fór í Velferðavaktinni hafi skilað sér til velferðarsviðs Reykjavíkur.

Af ofangreindu má ætla að það hafi skipt máli að fulltrúar Velferðarvaktarinnar hafi kynnt áherslur vaktarinnar í því faglega umhverfi sem þeir störfuðu dags daglega. Þetta sjónarmið kom skýrt fram í viðtölum við fulltrúa í stýrihópi vaktarinnar sem töldu Velferðarvaktina vera mikils virði þó svo stjórnvöld hafi ekki hrint öllum hugmyndum hópsins í framkvæmd. Bent var á að með kynningu á áhersluefnum vaktarinnar hafi stofnanir og samtök áttað sig betur á því hvaða hópum þyrfti að hlúa sérstaklega að.

Þú sérð í raun og veru hver staðan er og hvar þarf að grípa inn í og þá gat ég komið þeim upplýsingum inn í verkalýðshreyfinguna. Þar fengu félögin upplýsingar um stöðuna og gátu framfylgt heinni og haldið betur utan um sína félagsmenn í hverju og einu félagi [fulltrúi í stýrihópi].

Í netkönnun meðal fulltrúa úr vinnuhópum tóku svarendur afstöðu til fullyrðinga um það hvernig skýrslur vinnuhópa nýttust í þeirra faglega umhverfi og hvort vinna þeirra hafi skilað sér í starfsumhverfi þeirra og störfum á öðrum vettvangi. Tafla 38 sýnir að mikill meirihluti hafði upplýst samstarfsfólk sitt um störf vinnuhópsins, en 82% svarenda voru sammála þeirri fullyrðingu. Allir sem störfuðu í félagsþjónustu sveitarfélaga eða heilbrigðisþjónustu sögðust vera sammála og mikill meirihluti þeirra sem störfuðu hjá félagasamtökum, samanborið við færri þeirra sem störfuðu við menntun og fræðslu eða í opinberri þjónustu. Einnig var munur á svörum eftir því hvort fólk sat í stýrihópi eða ekki, en allir svarendur í stýrihópi voru sammála fullyrðingunni.

Tafla 38. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? - Ég upplýsti samstarfsfólk mitt um störf vinnuhópsins

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög eða frekar ósammála	Fjöldi	Mjög eða frekar sammála
Heild	42%	40%	10%	8%	72	82%
Kyn						
Karl	31%	46%	11%	11%	35	77%
Kona	51%	35%	8%	5%	37	86%
Aldur						
24-49 ára	47%	29%	12%	12%	17	76%
50-59 ára	39%	44%	8%	8%	36	83%
60-68 ára	42%	42%	11%	5%	19	84%
Starfssvið						
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	75%	25%	0%	0%	12	100%
Menntun og fræðsla	33%	33%	7%	27%	15	67%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum	36%	36%	18%	9%	11	73%
Önnur opinber þjónusta	33%	44%	22%	0%	18	78%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	38%	56%	0%	6%	16	94%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar						
Sat í stýrihópi	53%	47%	0%	0%	15	100%
Sat ekki í stýrihópi	40%	38%	11%	11%	55	78%

0% 25% 50% 75% 100%

Tæplega 60% svarenda voru sammála því að hafa tekið eftir afrakstri vinnuhópanna í starfsumhverfi sínu, en um fjórðungur var ósammála fullyrðingunni. Konur höfðu frekar en karlar tekið eftir afrakstri vinnhópa í sínu starfsumhverfi og þeir sem sátu einnig í stýrihópi vaktarinnar sögðust hlutfallslega oftar vera sammála en þeir sem sátu ekki í stýrihópi (sjá töflu 39).

Tafla 39. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? - Ég tók eftir afrakstri vinnuhópanna í starfsumhverfi mínu

	Hvorki					Fjöldi	Mjög eða frekar sammála
	Mjög sammála	Frekar sammála	sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála		
Heild	17%	41%	17%	11%	13%	70	59%
Kyn							
Karl	17%	29%	26%	17%	11%	35	46%
Kona	17%	54%	9%	6%	14%	35	71%
Aldur							
24-49 ára	12%	35%	18%	24%	12%	17	47%
50-59 ára	25%	44%	14%	3%	14%	36	69%
60-68 ára	6%	41%	24%	18%	12%	17	47%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	18%	45%	18%	0%	18%	11	64%
Menntun og fræðsla	23%	31%	8%	15%	23%	13	54%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	27%	36%	18%	18%	0%	11	64%
Önnur opinber þjónusta	16%	37%	26%	11%	11%	19	53%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	6%	56%	13%	13%	13%	16	63%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar							
Sat í stýrihópi	13%	67%	13%	0%	7%	15	80%
Sat ekki í stýrihópi	19%	36%	15%	15%	15%	53	55%

0% 25% 50% 75% 100%

Tæplega 60% svarenda voru sammála því að skýrslur vinnuhópsins hafi verið nýttar í þeirra faglega umhverfi, en fjórðungur svarenda var ósammála þeirri fullyrðingu. Konur töldu fremur að skýrslur hópsins hefðu verið nýttar í sínu faglega umhverfi. Munur var á svörum þátttakenda eftir aldri, en svarendur yfir 50 ára aldri voru hlutfallslega oftast sammála fullyrðingunni en svarendur á aldrinum 24-49 ára. Mikill munur var á svörum eftir því hvort svarendur sátu einnig í stýrihópi vaktarinnar eða ekki, en helmingur þeirra sem sátu ekki í stýrihópi var sammála fullyrðingunni samanborið við nær alla þá sem sátu í stýrihópi (sjá töflu 40).

Tafla 40. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? - Skýrslur vinnuhópsins voru nýttar í mínu faglega umhverfi

	Hvorki					Fjöldi	Mjög eða frekar sammála
	Mjög sammála	Frekar sammála	sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála		
Heild	21%	34%	20%	13%	11%	70	56%
Kyn							
Karl	12%	32%	24%	21%	12%	34	44%
Kona	31%	36%	17%	6%	11%	36	67%
Aldur							
24-49 ára	18%	18%	29%	18%	18%	17	35%
50-59 ára	23%	46%	11%	9%	11%	35	69%
60-68 ára	22%	28%	28%	17%	6%	18	50%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	64%	9%	9%	9%	9%	11	73%
Menntun og fræðsla	8%	38%	31%	0%	23%	13	46%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	33%	25%	17%	17%	8%	12	58%
Önnur opinber þjónusta	17%	28%	33%	11%	11%	18	44%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	0%	63%	6%	25%	6%	16	63%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar							
Sat í stýrihópi	25%	69%	0%	6%	0%	16	94%
Sat ekki í stýrihópi	21%	25%	23%	15%	15%	52	46%

0% 25% 50% 75% 100%

Sex af hverjum tíu þátttakendum í netkönnun meðal fulltrúa vinnuhópa voru sammála því að afrakstur vinnuhópanna skilaði sér í störfum þeirra á öðrum vettvangi á meðan tæplega fimmtungur sagði afrakstur vinnuhópanna ekki hafa skilað sér í öðrum störfum sínum. Þeir sem störfuðu í opinberri þjónustu í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum voru hlutfallslega oftast sammála fullyrðingunni en þeir sem störfuðu á öðrum vettvangi. Þeir sem sátu einnig í stýrihópi höfðu frekar orðið varir við afrakstur vinnuhópanna í störfum sínum á öðrum vettvangi en þeir sem ekki sátu í stýrihópi (sjá töflu 41).

Tafla 41. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? - Afrakstur vinnuhópanna skilaði sér í störfum mínum á öðrum vettvangi

	Hvorki					Fjöldi	Mjög eða frekar sammála
	Mjög sammála	Frekar sammála	sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála		
Heild	22%	38%	22%	10%	8%	72	60%
Kyn							
Karl	21%	38%	21%	12%	9%	34	59%
Kona	24%	37%	24%	8%	8%	38	61%
Aldur							
24-49 ára	12%	29%	41%	18%	0%	17	41%
50-59 ára	25%	36%	19%	8%	11%	36	61%
60-68 ára	26%	47%	11%	5%	11%	19	74%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	33%	25%	17%	25%	0%	12	58%
Menntun og fræðsla	14%	36%	29%	0%	21%	14	50%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum	33%	42%	17%	0%	8%	12	75%
Önnur opinber þjónusta	17%	44%	28%	0%	11%	18	61%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	19%	38%	19%	25%	0%	16	56%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar							
Sat í stýrihópi	38%	38%	13%	13%	0%	16	75%
Sat ekki í stýrihópi	19%	37%	24%	9%	11%	54	56%

0% 25% 50% 75% 100%

Mikilvægi Velferðarvaktarinnar

Mikilvægi Velferðarvaktarinnar fyrir stjórnvöld á Íslandi

Í viðtölum við ráðherrana þrjá sem veittu hinni fyrstu velferðarvakt umboð kom fram að vaktin hafi gegnt mikilvægu hlutverki í starfi þeirra. Fyrst og fremst hjálpuðu skýrslur vaktarinnar stjórnvöldum við að forgangsraða verkefnum.

Höfuðvandamál stjórnkerfa er að það eru einhverjir sem byrja að tala um að vandinn sé einhvers eðlis og svo fara menn að gefa sér að það sé staðreynd og buna peningum í þá átt. En það getur vel verið að vandinn sé allt annars eðlis eða brenni heitar annars staðar [Árni Páll Árnason, fyrrverandi félags- og tryggingamálaráðherra].

Í pólitísku starfi er tekist á um hvert eigi að beina fjármunum og afrakstur vinnu Velferðarvaktarinnar gat nýst sem tól í þeirri baráttu. Með því að vísa í tillögur sem komu frá hópi sem starfar á breiðum grundvelli og hafði ekki markað sér flokkspólitíska stefnu gat ráðherra betur fært rök fyrir því hvers vegna ætti að verja fjármunum í tiltekið verkefni fremur en annað.

Þarna varstu kominn með hóp. Hann var ekki pólitískur, hann var skipaður ólíkum aðilum og kom með sameiginlegar niðurstöður. Og þegar ég sem ráðherra var að berjast fyrir peningum þá gat ég vitnað í þessar niðurstöður, sótt mér bakland í þær, þannig að það skipti máli [Guðbjartur Hannesson, fyrrverandi velferðarráðherra].

Í umræðu um mikilvægi Velferðarvaktarinnar meðal fulltrúa úr vinnuhópum Velferðarvaktarinnar kom fram að tillögurnar hafi ekki allar snúist um til hvaða aðgerða stjórnvöld ættu að grípa, heldur voru sumar tillögurnar til þess ætlaðar að hlífa ákveðnum hópum við niðurskurði. Bent var á mikilvægi þess að þjónustustofnanir ríkis og sveitarfélaga forgangsöðuðu verkefnum í samræmi við það hvað teldist til grunnþjónustu og tryggðu að sú þjónusta yrði ekki skert. Viðmælandi úr vinnuhópi sagði að Velferðarvaktin hafi með þessu móti veitt sveitarfélögum verkfæri sem nýttist við fjárhagsáætlun og taldi að ef til vill hafi þessi vinna orðið til þess að síður var skorið niður í velferðarmálum en á öðrum sviðum.

Við hins vegar sáum það í þessum tölum sem að komu þarna 2009, 2010 og 2011 að sveitarfélögin þau tóku verklegar framkvæmdir svona nánast niður í núll. Þannig að [...] hvaða svið tók á sig mesta niðursveiflu í fjárhagsáætluninni þá voru það klárlega þessi eigna og framkvæmdasvið [fulltrúi í vinnuhópi].

Mikilvægi Velferðarvaktarinnar fyrir fulltrúa hennar

Mikilvægi Velferðarvaktarinnar fólst einnig í möguleikum ólíkra stofnana og samtaka til að vinna saman. Í netkönnun meðal fulltrúa vinnuhópa voru svarendur beðnir að taka afstöðu til þess hvort þátttaka þeirra í vinnuhópunum hafi styrkt faglegt tengslanet þeirra. Mikill meirihluti þátttakenda var þeirrar skoðunar að þátttaka í störfum vinnuhópa hafi eflt tengslanetið (73%). Þeir sem störfuðu við menntun og fræðslu höfðu síður þá reynslu en þeir sem störfuðu á öðrum vettvangi (sjá töflu 42).

Tafla 42. Hversu sammála eða ósammála ert þú því að þátttaka þín í vinnuhópnum hafi styrkt faglegt tengslanet þitt?

	Hvorki			Mjög		Fjöldi	Mjög eða frekar sammála
	Mjög sammála	Frekar sammála	sammála né ósammála	Frekar ósammála	ósammála		
Heild	35%	38%	14%	5%	8%	74	73%
Kyn							
Karl	31%	44%	8%	8%	8%	36	75%
Kona	39%	32%	18%	3%	8%	38	71%
Aldur							
24-49 ára	28%	39%	22%	6%	6%	18	67%
50-59 ára	49%	27%	11%	5%	8%	37	76%
60-68 ára	16%	58%	11%	5%	11%	19	74%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	42%	33%	8%	8%	8%	12	75%
Menntun og fræðsla	25%	31%	19%	0%	25%	16	56%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnum	36%	45%	9%	9%	0%	11	82%
Önnur opinber þjónusta	42%	37%	11%	11%	0%	19	79%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	31%	44%	19%	0%	6%	16	75%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar							
Sat í stýrihópi	53%	40%	0%	0%	7%	15	93%
Sat ekki í stýrihópi	32%	35%	18%	7%	9%	57	67%

Í viðtölum við fólk úr stýrihópi kom fram að með stofnun vaktarinnar hafi orðið til breiður hópur fólks sem starfaði að velferðarmálum og að hún hafi brúað bil á milli opinberra stofnana og þriðja geirans. Að sögn viðmælanda úr stýrihópi skipti þessi samstarfsvettvangur miklu máli þar sem viðfangsefni stofnana væru oft þau sömu þó svo þær væru ólíkar að gerð. Það væri ekki síst á sviði velferðarmála sem þörf væri á samstarfi ólíkra stofnana þar sem fólk sem stæði höllum fæti hefði sjaldnast margar bjargar til þess að bæta stöðu sína.

Það er svo mikilvægt að kerfið nái að tala saman af því það er stundum svolítið svona hver að gera eitthvað í sínu horni og með sin vandamál og svo þegar maður fer að tala við hina þá eru allir með svipuð vandamál [fulltrúi í stýrihópi].

Viðmælandur úr vinnuhópum Velferðarvaktarinnar voru sammála fulltrúum stýrihópsins í því að samvinna á breiðum grundvelli hafi skipt sköpum í vinnu þeirra við að bæta hag fólks í landinu. Einn þátttakandi í rýnihópunum sagði til að mynda að tengslin sem mynduðust við stofnun vinnuhópanna hafi auðveldað honum að hafa samband við fólk sem veitt gæti upplýsingar sem

nýttust í vinnu hans. Einnig kom fram að það væri mikilvægt fyrir fólk sem starfar að velferðarmálum að fá upplýsingar um hvaða aðgerðir hið opinbera hafði ráðist í til að bæta það ástand sem varð til við efnahagshrunið.

Þannig að fólk fékk svona staðfestingu þarna á þessum fundum um hvað er að gerast. Það er verið að gera fullt. Það róar aðeins [fulltrúi í vinnuhópi].

Viðmælendur töldu sig hafa lært mikið af því að vinna með ólíkum aðilum, skiptast á skoðunum og koma þekkingu sinni á framfæri. Bent var á að fólk sem sat í stýrihópi vaktarinnar hafi undantekningalítið mætt á þá fundi sem boðað var til, þrátt fyrir að hafa ekki fengið greitt fyrir þá vinnu. Þessi staðreynd þótti vera vísbending um að fólk hafi grætt mikið á þátttöku sinni í Velferðarvaktinni. Þessi samvinna var síðan talin hafa verið til góðs fyrir fólk sem notar velferðarþjónustu sem og samfélagið í heild.

Öll þessi vinna, þessi miklu skoðanaskipti sem áttu sér stað, hafa mun meiri langvarandi áhrif heldur en við gerum okkur grein fyrir því þarna átti sér stað skólun hjá öllum þeim aðilum sem voru í Velferðarvaktinni [fulltrúi í stýrihópi].

Í netkönnun meðal þátttakenda í vinnuhópum Velferðarvaktarinnar kom í ljós að mikill meirihluti, eða 81%, taldi framlag sitt innan vinnuhópsins hafa skipt máli. Konur voru frekar þeirrar skoðunar en karlar og allir í stýrihópi voru sammála því að framlag þeirra hafi skipt máli, samanborið við þrjá af hverjum fjórum þeirra sem sátu ekki í stýrihópi (sjá töflu 43).

Tafla 43. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? – Framlag mitt skipti máli í vinnuhópnum

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög eða frekar ósammála	Fjöldi	Mjög eða frekar sammála
Heild	33%	48%	13%	6%	67	81%
Kyn						
Karl	32%	42%	19%	6%	31	74%
Kona	33%	53%	8%	6%	36	86%
Aldur						
24-49 ára	38%	38%	13%	13%	16	75%
50-59 ára	41%	38%	15%	6%	34	79%
60-68 ára	12%	76%	12%	0%	17	88%
Starfssvið						
Félagþjónusta sv eitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	36%	36%	18%	9%	11	73%
Menntun og fræðsla	15%	46%	23%	15%	13	62%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnum	36%	45%	9%	9%	11	82%
Önnur opinber þjónusta	35%	53%	12%	0%	17	88%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	40%	53%	7%	0%	15	93%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar						
Sat í stýrihópi	47%	53%	0%	0%	15	100%
Sat ekki í stýrihópi	30%	46%	16%	8%	50	76%

0% 25% 50% 75% 100%

Þátttakendur voru einnig stoltir af því að hafa tekið þátt í störfum vinnuhópsins, en 77% voru sammála þeirri fullyrðingu. Um 14% voru hvorki sammála né ósammála og einn af hverjum tíu ósammála (sjá töflu 44).

Tafla 44. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? – Ég er stolt(ur) af því að hafa tekið þátt í störfum vinnuhópsins

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög eða frekar ósammála	Fjöldi	Mjög eða frekar sammála
Heild	44%	33%	14%	10%	73	77%
Kyn						
Karl	37%	37%	17%	9%	35	74%
Kona	50%	29%	11%	11%	38	79%
Aldur						
24-49 ára	33%	33%	17%	17%	18	67%
50-59 ára	54%	26%	11%	9%	35	80%
60-68 ára	35%	45%	15%	5%	20	80%
Starfssvið						
Félagsþjónusta sveitarfélaga/Heilbrigðisþjónusta	42%	25%	17%	17%	12	67%
Menntun og fræðsla	40%	33%	7%	20%	15	73%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum	42%	42%	8%	8%	12	83%
Önnur opinber þjónusta	39%	39%	17%	6%	18	78%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	56%	25%	19%	0%	16	81%
Seta í stýrihópi Velferðarvaktarinnar						
Sat í stýrihópi	75%	19%	6%	0%	16	94%
Sat ekki í stýrihópi	36%	36%	15%	13%	55	73%

0% 25% 50% 75% 100%

Mikilvægi Velferðarvaktarinnar fyrir almenning á Íslandi


Í viðtölum við ráðherra og fólk úr stýrihópi og vinnuhópum Velferðarvaktarinnar kom fram það sjónarmið að greining Velferðarvaktarinnar á því hvaða afleiðingar efnahagshrunið hafði á stöðu mismunandi hópa hafi orðið til þess að milda orðræðuna um neikvæð áhrif hrunsins. Til dæmis sagðist Guðbjartur Hannesson, fyrrverandi velferðarráðherra, vera sannfærður um að Velferðarvaktin hafi orðið til þess að umræða um efnahagshrunið og afleiðingar þess hafi orðið málefnalegri en ella. Það var hans tilfinning að ef vaktarinnar hefði ekki notið við hefði fólk frekar brugðist við ástandinu með því að kenna hvert öðru um og koma fram með staðhæfingar sem ættu ekki við rök að styðjast. Einn af styrkleikum Velferðarvaktarinnar var því fólgin í greiningu hennar á þjóðfélagsástandinu og hvernig henni tókst að upplýsa um stöðu mála. Viðmælandi úr vinnuhópi benti á að með þessari greiningu hafi vaktinni einnig tekist að vekja máls á ýmsum hliðum samfélagsins sem annars hefðu ekki verið rædd á opinberum vettvangi.

Velferðarvaktin fósttaði alveg að tala fyrir ákveðnum sjónarmiðum sem að hefðu kannski ekki gert sig gildandi í umræðunni með sama hætti og ef þessi vettvangur hefði ekki verið til [fulltrúi í vinnuhópi].

Í ljósi þess hve Velferðarvaktin þótti hafa gegnt mikilvægu hlutverki í því að vinna að velferð fólks á Íslandi, voru viðmælendur sammála um að það þyrfti að tryggja áframhaldandi tilvist hennar. Velferðarvaktin varð til á miklu umrótartímabili og það var samdóma álit viðmælanda að hún hefði vart orðið til við aðrar aðstæður. Samt vildu viðmælendur ekki líta á vaktina sem tæki sem eingöngu ætti að vera til staðar í kreppuástandi, því sama hvert ástandið væri í þjóðfélaginu fyrirfyndust ætíð einhverjir hópar sem stæðu höllum fæti.

Maður hefur unnið í velferðarþjónustunni á tímum velsældar og hún nær ekki alltaf til allra. Þess vegna þarf eitthvað að vera til staðar til að benda stjórnvöldum á hverjum tíma á vandamálin og vankanta á velferðarþjónustunni þótt að allt sé í blóma hjá flestum. Þá er mjög mikilvægt að hafa einstaklinga og svona starfsemi sem að eru með puttann á pulsinum [Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, fyrrverandi félags- og tryggingamálaráðherra].

Mikilvægi Velferðarvaktarinnar í íslensku samfélagi var ein af spurningum netkönnunar meðal starfsfólks stofnana sem áttu fulltrúa í vaktinni og í könnun meðal almennings. Mynd 17 sýnir að af þeim svarendum sem höfðu heyrt um Velferðarvaktina taldi um helmingur hana hafa skipt miklu máli fyrstu árin eftir efnahagshrun. Samstarfsaðilar vaktarinnar, það er starfsfólk stofnana sem starfa að velferðarmálum, voru frekar á þeirri skoðun að vaktin hafi skipt máli en almenningur. Þannig taldi um þriðjungur almennings vaktina hafa skipt litlu máli fyrir íslenskt samfélag fyrstu árin eftir hrun en hið sama átti við um 19% þeirra sem tilheyrðu hópi samstarfsaðila. Ríflega þriðjungur almennings taldi vaktina hafa skipt litlu máli, samanborið við tæplega fimmtung samstarfsaðila. Bakgrunnsgreiningu á svörum við spurningunni er að finna í töflu iii í viðaukum 1 og 2.



Mynd 17. Finnst þér Velferðarvaktin hafa skipt miklu eða litlu máli fyrir íslenskt samfélag fyrstu árin eftir efnahagshrun? – Samanburður á svörum samstarfsaðila og almennings

Svarendur könnunarinnar sem sögðu Velferðarvaktina hafa skipt máli fyrir íslenskt samfélag voru spurðir í hverju mikilvægið fælist. Um var að ræða opna spurningu en í töflu 45 er búið að flokka svör samstarfsaðila við spurningunni og í töflu 46 er búið að flokka svör almennings. Töflurnar sýna að stærstur hluti bæði samstarfsaðila og almennings taldi mikilvægið felast í því að Velferðarvaktin greindi hver væri staða velferðarmála í íslensku samfélagi og legði fram tillögur til úrbóta.

Tafla 45. Í hverju fólst mikilvægi Velferðarvaktarinnar fyrir íslenskt samfélag að þínu mati? – Svör samstarfsaðila

Yfirflokkur	Nánari skýring	Fjöldi	Dæmi um athugasemdir
Að kortleggja stöðuna og veita aðhald til úrbóta			
	Að greina stöðu velferðarmála, kortleggja þjónustu og benda á hvað þarf að bæta	52	„Þar fékkst yfirsýn yfir margbættan vanda sem landsmenn voru að glíma við eftir hrun, ákveðinn þjóðarpúls sem þar mældist. Velferðarvaktin benti á vanda ýmissa hóp og á leiðir til úrræða.“
	Að vekja athygli stjórnvalda á málaflokknum og veita þeim aðhald	23	„Fulltrúar þeirra sem vinna að velferðarmálum hittustu og fóru yfir stöðu mála. Virka sem þrýstihópur á þingmenn og ráðherra og vekja athygli á hvar helst er þörf á aðgerðum.“
	Að vakta þörf og benda á hvað þarf að bæta	20	„Að veita stjórnvöldum aðhald í velferðarmálum og gefa þeim yfirsýn yfir stöðuna á hverjum tíma.“
Að gæta að afkomu og líðan fólks			
	Að gæta hagsmuna fólks og draga úr vandamálum í kjölfar efnahagshrunsins	23	„Að takast á við vanda fólks sem varð verst úti í hruninu og vinna að samfélagslegum lausnum að því að koma í veg fyrir að fólk lenti utangarðs.“
	Að fylgjast með áhrifum efnahagshrunsins á afkomu fólks, líðan og velferð	18	„Mikilvægast var að það væri fylgst vel með hvornig efnahagsástandið eftir hrun hefði áhrif á heimilin. Sérstaklega þau efnaminni.“
Upplýsingasöfnun og fræðsla			
	Að Velferðarvaktin sé til, vandinn sé viðurkenndur og umræður skapaðar	18	„Aðallega að vera sýnilegt og láta það koma í ljós að eitthvæð sé verið að gera.“
	Að safna upplýsingum um afleiðingar hrunsins	14	„Tilraun til að safna saman upplýsingum á einn stað - en ekki vald til að framkvæma.“
	Að fræða	9	„Að hafa yfirsýn og fræða.“
Að koma á þverfaglegu samstarfi			
	Að efla tengsl mismunandi þjónustuaðila og samræma aðgerðir	34	„Með því að efla samstarf mismunandi stjórnslustiga og hópa í átt að einu og sameiginlegu marki.“

Einnig var Velferðarvaktin talin hafa átt þátt í því að vekja máls á því hvaða hópum þyrfti að huga að eftir efnahagshrun með tilliti til afkomu þeirra og líðanar.

**Tafla 46. Í hverju fólst mikilvægi Velferðarvaktarinnar fyrir íslenskt samfélag að þínu mati?
– Svör almennings**

Yfirflokkur	Nánari skýring	Fjöldi	Dæmi um athugasemdir
Að kortleggja stöðuna og veita tillögur til úrbóta			
	Að greina stöðu velferðarmála, kortleggja þjónustu og benda á hvað þarf að bæta	16	„Fylgjst með velferð í þjófélaginu- ætti því að geta komið með góðar tillögur vegna vandamála til yfirvalda.“
	Að greina ástandið - að fá heildarsýn	4	„Að meta stöðu fólks almennt séð.“
Að gæta að afkomu og líðan fólks			
	Að fylgjast með velferð barna/fjölskyldna/fólks í atvinnuleit	11	„Að fylgjast með velferð fjölskyldna.“ „Að aðstoða atvinnulaust fólk og fleiri sem minna mega sín.“
	Að gæta að fólki sem er í viðkvæmri stöðu	6	„Hjálpaði þeim sem höfðu það slæmt fyrir hrun og höfðu það enn verra eftir það.“
	Að gæta að heimilunum í landinu í kjölfar efnahagshrunsins	3	„Að heimilin í landinu yrðu ekki útundan í efnahagshruninu.“
Vitundarvakning og aðhald			
	Að vekja athygli stjórnvalda á málefnum er varða velferð og lífsgæði fólks - veita aðhald	5	„Tel að hún hafi haft góð áhrif á störf og ákvörðunartöku velferðarráðuneytis og ráðherra.“
	Vitundarvakning	1	„Vitundarvakning almennings.“

Svarendur könnunarinnar sem töldu Velferðarvaktina hafa skipt litlu máli fyrir íslenskt samfélag fyrstu árin eftir efnahagshrun voru spurðir hvers vegna þeim fannst vaktin hafa skipt litlu máli. Í töflu 47 er búið að flokka svör samstarfsaðila við spurningunni og í töflu 48 er búið að flokka svör almennings. Nokkuð stór hluti þátttakenda taldi vaktina ekki hafa skilað árangri. Í því sambandi var nefnt að vaktin hefði ekki réttu verkfærin til að taka á vandanum, að hana skorti framkvæmdarvald.

Tafla 47. Hvers vegna finnst þér Velferðarvaktin hafa skipt litlu máli fyrir íslenskt samfélag? – Svör samstarfsaðila

Yfirflokkur	Nánari skýring	Fjöldi	Dæmi um athugasemdir
Skilaði ekki árangri		46	
	Starfsemin skilaði litlum árangri - náði ekki markmiðum sínum	22	„Hefur ekki náð neinum árangri og ekki haft tæki og töl til að taka á vandanum.“
	Vinna vaktarinnar hafði ekki framkvæmdir í för með sér	9	„Lítið sem ekkert fjármagn er sett í aðgerðir sem þó hafa verið lagðar til af hálfu velferðarvaktarinnar.“
	Vaktin hafði ekki áhrif á stefnu stjórnvalda	8	„Ákvæðanir stjórnvalda á hverjum tíma hafa oftast en ekki gengið í berhögg við þær tillögur sem kynntar hafa verið sem tillögur Velferðarvaktarinnar, þ.e. mótast af öðrum hagsmunum í þjóðfélaginu.“
	Ástandið hefur ekki lagast þrátt fyrir störf vaktarinnar	8	„Það hefur lítið breyst síðan hrunið varð, þannig að ég er ekki að sjá hvaða gagn hún er að gera þegar breytingar hafa orðið litlar sem engar.“
Vantaði sýnileika		16	
	Vantaði sýnileika og upplýsingagjöf	16	„Störfin lítið sýnileg, umræða sama og engin.“
Sýndarmennska		6	
	Sýndarmennska að setja velferðarvaktina á laggirnar	6	„Þegar umhverfið er svona virkar velferðarvaktin sem skrautblóm í barmi stjórnvalda: falleg og gleður fáeina en gagnslaus til hjálpar fjöldanum.“

Einnig kom fram að ástandið í samfélaginu hefði ekki lagast þrátt fyrir tilvist Velferðarvaktarinnar. Þá nefndu nokkrir að Velferðarvaktin hefði ekki verið nægilega sýnileg almenningi.

Tafla 48. Hvers vegna finnst þér Velferðarvaktin hafa skipt litlu máli fyrir íslenskt samfélag? – Svör almennings

Yfirflokkur	Nánari skýring	Fjöldi	Dæmi um athugasemdir
Skilaði ekki árangri		17	
	Starfsemin skilaði litlum árangri - náði ekki markmiðum sínum	12	„Það sem kom frá henni var lítið og seint og það skipti litlu máli.“
	Ástandið hefur ekki lagast þrátt fyrir störf vaktarinnar	3	„Ekkert tillit tekið til hárra skulda hjá fólki. Lækniskostnaður mjög hár, lyf mjög há. Matur hækkar og ekki verið að sporna við því.“
	Vaktin hafði ekki áhrif á stefnu sjómv alda	2	„Ekkert mark tekið á henni og hennar tillögum.“
Vantaði sýnileika		11	
	Hef lítið heyrt um störf Velferðarvaktarinnar	8	„Því ég þekki lítið til hennar og hef lítið heyrt af henni - þá dreg ég þá ályktun að hún sé ekki að gera það sem hún á að vera að gera.“
	Vantaði sýnileika og upplýsingagjöf	3	„Hef ekki séð neitt sem hún hefur gert til bóta. Það mætti fræða fólk betur um hennar störf.“
Sýndarmennska		3	
	Sýndarmennska að setja Velferðarvaktina á laggirnar	3	„Eins og öll önnur verkefni/hópa/nefndaskipan sem sett er á laggirnar til að þykjast eitthv að út á við skilar engu.“

LOKAORÐ

Stofnun Velferðarvaktarinnar

Stofnun Velferðarvaktarinnar var eitt af fyrstu verkefnum Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur í embætti félags- og tryggingamálaráðherra. Þessi fyrsta velferðarvakt í sögu Íslands starfaði frá febrúar 2009 til og með desember 2013. Lára Björnsdóttir var formaður Velferðarvaktarinnar og Ingibjörg Broddadóttir og Þorbjörn Guðmundsson voru starfsmenn hennar. Formaður vaktarinnar hafði það hlutverk að ákveða hverjir ættu heima í stýrihópi vaktarinnar í samráði við ráðherra og ráðuneytisstjóra. Leitað var til fólks hjá stofnunum, fyrirtækjum og samtökum þar sem óskað var eftir þátttöku í Velferðarvaktinni með formlegu bréfi frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Viðbrögðin voru góð, enda óttaðist fólk um íslenskt samfélag í kjölfar efnahagskranss. Stýrihópurinn samanstóð upphaflega af fimmtán manns en smám saman fjölgaði í hópnum og þegar þessi fyrsta velferðarvakt lauk störfum áttu 22 stofnanir eða samtök fulltrúa í stýrihópi Velferðarvaktarinnar.

Fulltrúar í stýrihópi ákváðu sjálfir hvaða málefni skyldu tekin fyrir í Velferðarvaktinni. Fljótlega eftir stofnun vaktarinnar leitaði hópurinn upplýsinga hjá sveitarfélögum um að hvaða leyti félagsþjónustan hefði orðið vör við áhrif efnahagskreppunnar. Einnig var leitað álits frá sveitarfélögum um það á hvaða málefni vaktin ætti einblína í störfum sínum (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009d). Áherslur vaktarinnar voru mjög í takt við óskir félagsþjónustunnar, en stýrihópurinn lagði sérstaka áherslu á málefni barna og barnafjölskyldna. Í viðtölum við ráðherra sem veittu vaktinni umboð og fulltrúa úr stýrihópi var lýst yfir almennri ánægju með áhersluferlinni vaktarinnar.

Vinnuhópar voru stofnaðir sem tóku fyrir ákveðin málefni. Þar má nefna hópana *Ungmennni og ungt fólk* og *Fólk án atvinnu*. Fulltrúar í stýrihópi gegndu formennsku í vinnuhópnum, en áhugasvið og sérþekking hvers og eins réði því hvaða hópi hver stýrði. Val á fólki í vinnuhópa var undir formönnum vinnuhópanna komið og leituðu þeir að sögn viðmælenda í stýrihópi til fagfólks og samstarfsaðila sem þeim fannst eiga heima í hópnum. Vinnuhóparnir tóku breytingum á þeim tíma sem vaktin starfaði þar sem einhverjir hættu störfum og nýir bættust við.

Hlutverk og markmið Velferðarvaktarinnar

Velferðarvaktinni var ætlað að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagskranssins fyrir heimilin í landinu og leggja fram tillögur og álit til stjórnvalda (Velferðarráðuneytið, 2013a). Í könnun meðal fulltrúa vinnuhópa var að finna spurningar um hvernig tekist hefði að uppfylla hlutverk vaktarinnar. Mikill meirihluti, eða 84%, sagði vel hafa gengið að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagskranssins á fjölskyldur og heimilin í landinu. Fólk var ekki eins jákvætt í garð þess hversu vel gekk að leggja fram tillögur til úrbóta, en tveir af hverjum þremur sögðu það hafa gengið vel og fjórðungur sagði það hvorki hafa gengið vel né illa.

Í könnun meðal fulltrúa í vinnuhópum var spurt um hlutverk vinnuhópanna. Meirihluti (77%) sagði hlutverk vinnuhópsins hafa verið alltaf eða oftast vel skilgreint og um 70% töldu hlutverk sitt hafa alltaf eða oftast verið vel skilgreint. Því má því segja að í heild hafi þátttakendum þótt hlutverk vinnuhópanna vera skýrt. Á hinn bóginn þótti sumum sem tóku þátt í umræðum rýnihópa, óljóst til hvers var ætlast af þeim hópi sem það tilheyrði og hverju vinna þeirra ætti að skila. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að í rýnihópunum var aðeins fólk sem tók þátt í vinnuhópunum en hafði ekki setið í stýrihópi. Könnunin náði aftur á móti til allra fulltrúa í vinnuhópum óháð því hvort þeir hafi jafnframt setið í stýrihópi eða ekki. Almennt voru svarendur könnunarinnar sem höfðu jafnframt setið í stýrihópi jákvæðrari í afstöðu sinni en aðrir svarendur. Þannig voru til dæmis allir svarendur könnunarinnar sem sátu í stýrihópi á þeirri skoðun að hlutverk vinnuhópsins hafi alltaf eða næstum alltaf verið vel skilgreint samanborið við 70% fulltrúa sem ekki sátu í stýrihópi. Þessar niðurstöður benda til að í einhverjum tilvikum hafi þurft að skýra betur út hlutverk hópanna fyrir fólki sem sat í vinnuhópum vaktarinnar.

Í könnuninni meðal fulltrúa í vinnuhópum var einnig spurt hvernig hefði gengið að ná þeim markmiðum sem hópurinn setti sér. Tveir af hverjum þremur sögðu það hafa gengið vel að ná markmiðum vinnuhópsins en fjórðungur sagði það hvorki hafa gengið vel né illa, eða illa. Helsta ástæða þess að erfiðlega gekk að ná markmiðum hópsins voru ómarkviss vinnubrögð og samstarfsörðugleikar.

Tillögur Velferðarvaktarinnar

Hver vinnuhópur skrifaði stöðuskýrslur þar sem lagðar voru fram tillögur til úrbóta. Vinnuhóparnir settu tillögurnar þó fram með mjög ólíkum hætti. Sumar tillögur voru mjög almennt orðaðar og óljósar. Í því sambandi má nefna tillögu um að hlusta eigi á börn á heimilum, stofnunum og í fjölmiðlum og að það þurfi að huga að þeim sem vilja snúa aftur á vinnumarkað eftir hlé sem hafa lítinn eða engan bótarétt. Viðmælandi úr vinnuhópi hafði orð á að erfitt hafi verið að komast að sameiginlegri niðurstöðu um sum atriði sem rædd voru á fundum hópsins og þar af leiðandi hafi ekki gengið nægilega vel að setja fram skýrar tillögur til úrbóta.

Stýrihópurinn tók síðan skýrslur og tillögur vinnuhópsins til umræðu og notaði sem grunn að áfangaskýrslum stýrihópsins. Í könnun meðal fulltrúa vinnuhópa var fólk spurt um álit sitt á vali stýrihóps á tillögum vinnuhópa í skýrslur stýrihóps. Meirihluti, eða 75% fulltrúa, var sáttur við val stýrihóps, en þó var nokkuð stór hópur hvorki sáttur né ósáttur (19%) og 6% voru ósátt.

Í áfangaskýrslur stýrihópsins voru settar fram tillögur að úrbótum sem voru afhentar stjórnvöldum. Það var þó engan veginn tryggt að stjórnvöld færu að ábendingum vaktarinnar þar sem Velferðarvaktin hafði ekki framkvæmdarvald. Almennt gátu viðmælendur þó bent á einhverjar aðgerðir stjórnvalda sem voru í ætt við það sem Velferðarvaktin lagði til, en erfitt gat þó reynst að segja til um hvort aðgerðir stjórnvalda væru bein afleiðing af vinnu Velferðarvaktarinnar. Þetta þótti viðmælanda úr vinnuhópi vaktarinnar vera ókostur og benti á að í Velferðarvaktinni hafi verið unnið gott starf en að fólk vissi ekki í hvað þessi vinna yrði nýtt.

Greining á efni af heimasíðu Alþingis bendir til að margt af því sem vaktin lagði til hafi komið til framkvæmda og má því draga þá ályktun að störf Velferðarvaktarinnar hafi skipt sköpum. Niðurstöður könnunar meðal almennings og hagsunaaðila um hvaða þætti fólk taldi stjórnvöld hafa lagt mesta áherslu á eru í samræmi við þessa greiningu, en stjórnvöld virðast hafa lagt áherslu á að efla starfsendurhæfingu og Velferðarvaktin hrinti sjálf í framkvæmd tillögu um að tryggja hádegismat í grunnskólum með því að senda út bréf til skólanefnda sveitarfélaga. Sem fyrr segir er þó erftitt að segja til um hvort aðgerðir stjórnvalda og annarra stofnana og samtaka í samfélaginu hafi komið til vegna starfa Velferðarvaktarinnar eða hvort ráðist hefði verið í ákveðin verkefni hvort eð var.

Samskipti og samstarf

Viðmælendur úr stýrihópi Velferðarvaktarinnar voru sammála um að samstarf innan hópsins hafi verið gott og þeir lýstu jafnframt yfir mikilli ánægju með samskipti við formann Velferðarvaktarinnar. Sömuleiðis var meirihluti þátttakenda í vinnuhópum vaktarinnar ánægður með samstarf við aðra í vinnuhópnum, eða 78% þeirra. Þó kom í ljós að bæta hefði mátt upplýsingaflæði milli stýrihóps og vinnuhóps, en ríflega fimmtungur svarenda í könnun meðal fulltrúa í vinnuhópum var óánægður með upplýsingamiðlun milli stýrihóps og vinnuhópa og átti það við um helming þeirra svarenda sem áttu ekki setu í stýrihópi. Þetta sama sjónarmið kom fram í rýnihópum fólks sem hafði tekið þátt í vinnuhópum vaktarinnar. Þar kom einnig fram að stýrihópur hafi eitt sinn kallað vinnuhópana saman og fundað með þeim til að undirbúa skýrsluskrif. Slíkur fundur var bara boðaður einu sinni, en þótti skipta miklu máli til að efla tengsl milli fulltrúa vinnuhópa og stýrihóps og einnig til að fulltrúar vinnuhópa áttuðu sig betur á því til hvers var ætlast af hópnum.

Vinnulag og afrakstur

Í heild sögðust tveir af hverjum þremur þátttakendum í könnun meðal fulltrúa vinnuhópa vera ánægðir með störf vinnuhópsins, rúmur fimmtungur var hvorki ánægður né óánægður og um 14% voru óánægð. Fulltrúar vinnuhópa voru einnig spurðir hvort þeir hefðu viljað hafa skipulag og verklag hópsins eitthvað öðruvísi. Hluti hópsins kallaði eftir markvissari verkstýringu, skýrara hlutverki vinnuhópsins og skilgreindara hlutverki þeirra sem tóku þátt í störfum hópsins. Viðmælendur í rýnihópum gáfu til kynna að verkaskipting í vinnuhópnum hefði verið óljós, en í könnun meðal vinnuhópa kom í ljós að 57% þátttakenda í vinnuhópum voru ánægð með það hvernig hópurnir skipti með sér verkum og þriðjungur var hvorki ánægður né óánægður.

Samkvæmt viðmælendum úr vinnuhópum var vinnuálagið stundum misskipt, en öflugri verkstjórn þótti hafa getað aukið virkni fulltrúanna. Þá bentu orð viðmælenda til að þreytu hafi farið að gæta meðal fulltrúa vinnuhópa eftir því sem leið á störf vaktarinnar. Frásagnir viðmælenda bentu einnig til að bæta hefði mátt afköstin með því að afmarka umfjöllunarefni hvers vinnuhóps. Viðmælendur úr vinnuhópum sögðu að eftir á að hyggja hefði verið skynsamlegt að skipta

vinnuhópum frekar upp þar sem ætlunin hafi verið að fara yfir mikið efni. Einnig kom fram að efnisleg skörun væri milli vinnuhópa, þar sem mismunandi vinnuhópar tóku fyrir sömu málefni. Vinnuhóparnir störfuðu óháðir hver öðrum og voru ekki bein samskipti þeirra á milli. Atvinnumál voru til að mynda tekin fyrir í nokkrum hópum og tannheilsa barna einnig. Viðmælandi í vinnuhópi sagði það hefði getað komið að gagni að hafa starfsmann sem fundaði með öllum vinnuhópum og miðlaði upplýsingum á milli. Þannig hefði sá starfsmaður getað afmarkað umræðuna og aukið afköst í vinnuhópum.

Afraksturinn vaktarinnar var hvað mestur á fyrstu starfsárum hennar. Þá komu flestar ályktanir, tillögur og áskoranir frá vaktinni. Upphaflegt markmið vaktarinnar var að skila áfangaskýrslu til ráðherra á þriggja mánaða fresti, en það gekk ekki eftir. Jafnframt voru vinnuhóparnir virkastir í upphafi, en þegar tillögur þeirra eru skoðaðar eru áberandi margar þeirra frá fyrsta starfsári vaktarinnar. Þetta er athyglisverð staðreynd í ljósi orða viðmælenda um að þreytu hafi farið að gæta í vinnuhópunum eftir því sem leið á störf vaktarinnar. Það má þó einnig leiða líkum að því að öflugt starf vaktarinnar í upphafi hafi verið viðbrögð við efnahagskreppunni og að eftir því sem íslenskt samfélag fór að rétta úr kútnum hafi verið minni þörf fyrir margar tillögur og ályktanir um hvernig koma ætti í veg fyrir að efnahagskreppan bitnaði á ákveðnum hópum.

Sýnileiki vaktarinnar

Þegar Guðbjartur Hannesson tók við embætti heilbrigðis- og félagsmálaráðherra (seinna velferðarráðherra) endurnýjaði hann umboð Velferðarvaktarinnar með nýju erindisbréfi. Nokkra áherslubreytingu var að finna í nýju erindisbréfi, en þá komu tilmæli um að Velferðarvaktin ætti að *miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings með markvissum hætti* (Velferðarráðuneytið, e.d.-a).

Um helmingur fulltrúa í vinnuhópum vaktarinnar var sammála um að störf vaktarinnar hefðu verið vel kynnt í íslensku samfélagi og tæplega þriðjungur var hvorki sammála né ósammála. Í könnun meðal almennings kom fram að fjórðungur hans hafði heyrt Velferðarvaktarinnar getið, samanborið við 80% samstarfsaðila vaktarinnar sem svöruðu sömu spurningu.

Fólk í stýrihópi hafði því hlutverki að gegna að upplýsa stofnanir sem það var fulltrúi fyrir um áhersluefni vaktarinnar og helstu viðfangsefni hennar. Fjórðungur þeirra samstarfsaðila sem höfðu heyrt vaktarinnar getið þekktu vel til starfa hennar. Viðmælendur úr vinnuhópum vaktarinnar litu einnig á þetta sem hlutverk sitt. Mikill meirihluti fulltrúa í vinnuhópum (82%) taldi sig hafa uppfyllt skyldur sínar og upplýst samstarfsfólk sitt um störf vinnuhópsins. Færri höfðu orðið varir við afrakstur starfa vinnuhópanna í sínu starfsumhverfi (58%) eða orðið varir við að skýrslur vinnuhópsins hefðu verið nýttar í sínu faglega umhverfi (56%).

Mikilvægi Velferðarvaktarinnar

Velferðarvaktin þótti gegna mikilvægu hlutverki fyrir stjórnvöld. Mikilvægið fólst í því að veita stjórnvöldum aðgengi að upplýsingum og í því að beina tilmælum um hvar unnt væri að beita niðurskurðarhnífnum. Guðbjartur Hannesson, fyrrverandi velferðarráðherra, minntist til að mynda á að í vaktinni hafi setið fólk sem kom frá ólíkum stofnunum eða samtökum sem þegar höfðu kostað bæði tíma og fjármagni í að skoða brýn mál innan velferðarkerfisins. Þarna var því komið aðgengi að upplýsingum frá fólki sem bjó yfir mismunandi þekkingu, sem hefðu annars ekki fengist.

Árangurs starfa Velferðarvaktarinnar gætir á ýmsum stöðum í þjóðfélaginu. Bæði er hægt að benda á að töluvert af aðgerðum stjórnvalda á árunum 2009 til 2013 er í ætt við tillögur sem komu frá Velferðarvaktinni en einnig sögðust viðmælendur hafa orðið varir við að aðrir en stjórnvöld tækju málefni Velferðarvaktarinnar upp á sína arma. Í þessu sambandi hafði það mikla þýðingu að fulltrúar í vaktinni upplýstu samstarfsfólk sitt og almenning um starfsemi Velferðarvaktarinnar. Til að mynda hófu tannlæknar að bjóða upp á ókeypis tannlækningar fyrir börn frá efnaminni heimilum eftir að vaktin lagði áherslu á að huga þyrfti að tannheilsu barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Almenn virtust fulltrúar í Velferðarvaktinni hafa upplýst samstarfsfólk sitt um hvað fram fór í vaktinni, en 82% svarenda í könnun meðal fulltrúa vinnuhópa sögðust hafa upplýst samstarfsfólk sitt um störf vinnuhópsins og um tveir af hverjum þremur sögðust hafa tekið eftir afrakstri vinnuhópanna í starfsumhverfi sínu. Þaðan gætir óbeinna áhrifa vaktarinnar, þar sem stofnanir hafa tekið verkefni upp á sína arma sem þó er erfitt að eigna Velferðarvaktinni beinlínis.

Þátttaka í vaktinni var einnig þýðingarmikil fyrir eflingu á þverfaglegu samstarfi á sviði velferðarmála, en 73% svarenda í könnuninni meðal fulltrúa vinnuhópa sögðu þátttökuna hafa styrkt faglegt tengslanet sitt. Flestir fulltrúar (81%) sögðu framlag sitt í vinnuhópnum hafa skipt máli og voru stoltir af þátttöku sinni í Velferðarvaktinni.

Horft til framtíðar

Viðmælendur voru sammála um að vaktin hefði varla orðið til ef ekki hefðu orðið jafn snöggar breytingar í íslensku samfélagi og raun bar vitni. Í viðtölum kom fram að Velferðarvaktin hafi gegnt mikilvægu hlutverki í að bregðast við efnahagshruninu. Fulltrúi úr vinnuhópi kom því sjónarmiði þó á framfæri að störf vaktarinnar hafi einkennst af viðbragðavinnu og að ef áfram ætti að starfa velferðarvakt á Íslandi þyrftu viðfangsefni hennar að vera hluti af heildstæðri stefnu í velferðarmálum. Ljóst er að Velferðarvaktin var stofnuð á umrótartíma í íslensku samfélagi. Vaktin þróaðist og breyttist eftir því sem á leið, enda var verið að bregðast við aðstæðum sem fólk hafði ekki staðið frammi fyrir áður. Það er eðlilegt að hópur sem stofnaður er sem viðbragð við efnahagshruni taki breytingum, enda ekki aðeins eitt umfjöllunarefni til athugunar, heldur þarf að bregðast við á mörgum sviðum og standa vörð um ólíka hópa.

Ef skipa á velferðarvakt sem ætlað er að fylgjast með velferðarmálum og fyrirbyggja að ákveðnir hópar verði undir í samfélaginu þarf að huga að því hvernig væri hægt að marka henni skýran



ramma. Til að mynda væri vert að skýra strax í upphafi hvert sé hlutverk hvers og eins í vinnu- og stýrihópi, hvernig haga skuli miðlun upplýsinga milli hópa og hvernig fólk geti fylgst með hverju vinna þeirra skilar.

HEIMILDIR

- Alþingi. (2012). *Þingsályktun um bætta heilbrigðisþjónustu og heilbrigði ungs fólks*. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/1338.pdf>
- Ásdís A. Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir. (2012). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2012). *Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/adstaedur_reykviskra_foreldra_030512.pdf
- Embætti landlæknis. (e.d.-a). *Heilsueflandi leikskóli*. Sótt af <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item23293/Heilsueflandi-leikskoli>
- Embætti landlæknis. (e.d.-b). *Heilsueflandi grunnskóli*. Sótt af http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12346/Heilsueflandi_grunnskoli
- Eva Bjarnadóttir og Eygló Árnadóttir. (2011). *Konur í kreppu?* Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009a, mars). *Velferðarvaktin: Áfangaskýrsla stýrihóps*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt 4. júní 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/FyrstaAfangaskyrslaStyrihops.pdf>
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009b, ágúst). *Velferðarvaktin: Stöðuskýrsla stýrihóps*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 4. júní 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/27082009_Lokaskjal2_stoduskysrsla.pdf
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009c, mars). *Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um velferð*. Sótt 20. ágúst 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/AdgerdaaaetlunUmVelferdina.pdf>
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009d, maí). *Könnun Velferðarvaktarinnar: Afleiðing efnahagskreppunnar á félagsþjónustu sveitarfélaga*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 3. október 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/11082009KonnunVelferdarvaktar.pdf>
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009e). *Reglur um mótvægissjóð Velferðarvaktarinnar*. Sótt af http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/Reglur_um_motvaegissjod.pdf
- Félags- og tryggingamálaráðuneyti, Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Heilbrigðisráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga. (2009). *Samstarfssamningur um tilraunaverkefni til styrktar langveikum börnum og börnum með ADHD greiningu*. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Samstarfssamningur-um-tilraunaverkefni-til-styrktar-langveikum-bornum-og-bornum-med-ADHD-greiningu.pdf>
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2014, nóvember). *Ráðstöfunartekjur hækka og vísitala neysluverðs lækkar – aukin framlög til heilbrigðis- og menntamála*. Sótt 3. desember 2014 af: <http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/nr/18705>

- Forsætisráðuneytið. (2010, mars). *Stöðugleikasáttmálinn*. Sótt af <http://www.forsaetisraduneyti.is/verkefni/verkefnum-lokid/adgerdir/stodugleikasattmalinn/nr/4580>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.). Um fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf (FA). Sótt af <http://www.frae.is/um-okkur/>
- Hagstofa Íslands (2013, október). *Félagsvísar, 2. útgáfa*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Sótt af http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/Felagsvisar_18102013.pdf
- Halldór Sig. Guðmundsson. (2009). *Fjölgun barnaverndartilkyppinga 2005-2009 - Hluti I: Athugun á tölulegum upplýsingum frá barnaverndarnefndum í Reykjavík, Reykjanesbæ og Árborg á fyrstu sex mánuðum hvers árs, árin 2005-2009*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Hatry, H. (2007). *Performance measurement: Getting results* (2. útgáfa). Baltimore, MD: Urban Institute Press.
- Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir. (í prentun). *Þróun og starf Velferðarvaktarinnar 2009-2013*.
- Hsieh, H. F. og Shannon, S. E. (2005). Three approaches to qualitative content analysis. *Qualitative Health Research, 15*(9), 1277-88.
- Innanríkisráðuneytið. (2013, apríl). *Vöxtur í krafti netsins – byggjum, tengjum og tökum þátt. Stefna ríkis og sveitarfélaga um upplýsingasamfélagið 2013-2016*. Sótt af <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2013/Voxtur-i-krafti-netsins-b.pdf>
- Reglugerð um vinnustaðanám og starfspjálfun á vinnustað nr. 697/2009.
- Kvale, S. (1996). *InterViews: An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks, CA: SAGE.
- Landlæknisembættið. (2009, desember). *Eftirlit Landlæknisembættisins með heilbrigðisþjónustu: Greinargerð*. Sótt af <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2842/4312.pdf>
- Lára Kristín Sturludóttir. (2012). *Nauðungarsala íbúðarhúsnæðis á Suðurnesjum 2001-2011*. Reykjanesbær: Sýslumaðurinn í Keflavík.
- Lög um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (hækkun greiðslna og lenging).
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000.
- Lög um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (greiðslupátttaka í lyfjakostnaði).
- Lög um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins nr. 107/2009.
- Lög um tímabundna greiðsluáðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði nr. 50/2009.
- Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.
- Lög um greiðsluáðlögun einstaklinga nr. 101/2010.
- Lög um umboðsmann skuldara nr. 100/2010.
- Lög um breytingu á lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál, með síðari breytingum. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/139/s/1147.html>

Lög um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (sampil örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða). Sótt af <http://www.althingi.is/altext/139/s/pdf/1853.pdf>

Lög um vinnustaðanámssjóð nr. 71/2012.

Patton, M. Q (1990). *Qualitative evaluation and research methods* (2. útgáfa). Thousand Oaks, CA, US: Sage Publications, Inc.

Reykjavíkurborg. (e.d.) *Atvinnutorg*. Sótt af <http://reykjavik.is/thjonusta/atvinnutorg>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Liðsstyrkur*. Sótt af <http://www.samband.is/verkefni/kjara--og-starfsmannamal/lidsstyrkur/>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2009). *Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2009 og 2020 með aðgerðaáætlun*. Sótt af http://www.samband.is/media/stefnumotun-sambandsins/stefnumorkun_2009-2010.pdf

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2011, apríl). *Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011-2014*. Sótt af <http://www.samband.is/media/stefnumotun-sambandsins/Stefnumorkun-2011-2014.pdf>

Scriven, M. (1991). *Evaluation Thesaurus*, 4th ed. Newbury Park: Sage Publications .

Sóley S. Bender. (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknir í heilbrigðisvísindum* (bls. 85-99). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

STARF – vinnumiðlum og ráðgjöf. (2012, júní). *Samkomulag og samningar*. Sótt af <http://starfid.is/um-starf-ehf/samningar-og-samkomulog/>

Stjórnin verður á Velferðarvaktinni. (2009, 3. febrúar). *Mbl.is*. Sótt 28. október af <http://www.mbl.is/frettir/kosningar/2009/02/03/stjornin-verdur-a-velferdarvaktinni/>

Utanríkisráðuneytið. (e.d.). *Norræna velferðarvaktin*. Sótt af <http://www.utanrikisraduneyti.is/formennska2014/verkefni/nr/7806>

Velferðarráðuneytið. (2009, 27. febrúar). *Fundargerð stýrihóps um velferðarvakt frá 27. febrúar 2009*. Sótt 2. nóvember 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FundargerdirVelferdar/nr/4281>

Velferðarráðuneytið. (2009, 6. mars). *Fundargerð stýrihóps um velferðarvakt frá 6. mars 2009*. Sótt 3. nóvember 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FundargerdirVelferdar/nr/4298>

Velferðarráðuneytið. (2009, 13. mars). *Fundargerð stýrihóps um velferðarvakt frá 13. mars 2009*. Sótt 6. nóvember 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FundargerdirVelferdar/nr/4317>

- Velferðarráðuneytið. (2009, 12. júní). *Fundargerð stýrihóps um velferðarvakt frá 12. júní 2009*. Sótt 1. október 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FundargerdirVelferdar/nr/4416>
- Velferðarráðuneytið. (2009, 26. júní). *Fundargerð stýrihóps um velferðarvakt frá 26. júní 2009*. Sótt 5. nóvember 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FundargerdirVelferdar/nr/4444>
- Velferðarráðuneytið. (2009, 13. október). *Fundargerð stýrihóps um velferðarvakt frá 13. október 2009*. Sótt 2. nóvember 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FundargerdirVelferdar/nr/4281>
- Velferðarráðuneytið. (2009, 27. október). *Fundargerð stýrihóps um velferðarvakt frá 27. október 2009*. Sótt 2. nóvember 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FundargerdirVelferdar/nr/4707>
- Velferðarráðuneytið. (2009, 8. desember). *Fundargerð stýrihóps um velferðarvakt frá 8. desember 2009*. Sótt 2. nóvember 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FundargerdirVelferdar/nr/4746>
- Velferðarráðuneytið. (2009a, febrúar). Stýrihópur um velferðarvakt hefur verið skipaður. Sótt 1. október 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/4222>
- Velferðarráðuneytið. (2009b, febrúar). Velferðarvakt sett á fót. Sótt 24. október 2014 frá <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/4205>
- Velferðarráðuneytið. (2010, 27. apríl). *Fundargerð stýrihóps um velferðarvakt 27. apríl 2010*. Sótt 5. nóvember 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FundargerdirVelferdar/nr/5051>
- Velferðarráðuneytið. (2010, 12. október). *Fundargerð stýrihóps um velferðarvakt frá 12. október 2010*. Sótt 3. nóvember 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FundargerdirVelferdar/nr/32457>
- Velferðarráðuneytið. (2010, 24. ágúst). *Fundargerð stýrihóps um velferðarvakt frá 24. ágúst 2010*. Sótt 3. nóvember 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FundargerdirVelferdar/nr/5179>
- Velferðarráðuneytið. (2010, 9. mars). *Fundargerð stýrihóps um velferðarvakt frá 9. mars 2010*. Sótt 1. október 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FundargerdirVelferdar/nr/4994>
- Velferðarráðuneytið. (2010a, mars). *Vinnuhópur á vegum velferðarvaktar - þriðji geirinn*. Sótt 20. nóvember 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/velferdarvakt_3_geiri_tillaga.pdf
- Velferðarráðuneytið. (2010b, nóvember). *Ungt fólk til athafna*. Sótt 15. nóvember 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FrettirVelferd/nr/5270>

- Velferðarráðuneytið. (2011, 13. september). *Fundargerð stýrihóps um velferðarvakt frá 13. september 2011*. Sótt 1. október 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FundargerdirVelferdar/nr/33076>
- Velferðarráðuneytið. (2011a, júní). *Áfangaskýrsla Velferðarvaktarinnar*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Sótt 4. júní 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/Afangaskyrsla_velferdar_vaktar_jun2011.pdf
- Velferðarráðuneytið. (2011b). *Velferð barna í erfiðri stöðu - Framhald könnunar Velferðarvaktarinnar frá vorinu 2011, rýnihópar*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Sótt 7. október 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/Velferd_barna_velferdar_vaktin_sumarverkefni_2012.pdf
- Velferðarráðuneytið. (2011c, apríl). *Nám er vinnandi vegur*. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/32752>
- Velferðarráðuneytið. (2011d). *110% leiðin – úrræði fyrir yfirveðsett heimili*. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/32831>
- Velferðarráðuneytið. (2011e). *Gagnkvæmar víxlverkanir sem skerða bætur eða lífeyri öryrkja afnumdar*. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/32977>
- Velferðarráðuneytið. (2012a, febrúar). *Atvinnutorg – nýtt úrræði fyrir unga atvinnuleitendur*. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/33228>
- Velferðarráðuneytið. (2012b). *Hagstofan birtir félagsvísa til framtíðar*. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/33660>
- Velferðarráðuneytið. (2013, 25. júní). *Fundargerð stýrihóps um velferðarvakt frá 25. júní 2013*. Sótt 1. október 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/FundargerdirVelferdar/nr/34277>
- Velferðarráðuneytið. (2013a, desember). *Skýrsla Velferðarvaktarinnar*. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Lokaskyrsla-Velferdarvaktarinnar-desember-2013.pdf>
- Velferðarráðuneytið. (2013b, apríl). *Samningur um tannlækningar barna í höfn*. Sótt 7. október 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/33817>
- Velferðarráðuneytið. (2014, júní). *Ný velferðarvakt skipuð*. Sótt 3. nóvember 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/34729>
- Velferðarráðuneytið. (e.d.-a). *Um Velferðarvaktina*. Sótt 3. nóvember 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/um/>
- Velferðarráðuneytið. (e.d.-b). *Jafnréttisvaktin*. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/jafnrettisvaktin>
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. (2012). *Ársskýrsla Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar 2011*. Sótt af http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/velferdarsvi_-_nytt/arsskyrslur/Arsskyrsla-loka_2011.pdf

- Velferðarvaktin. (2009a, júní). *Stöðuskýrsla vinnuhóps um félagsvísa*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt 20. október 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/27082009_Felagsvisar_stoduskysrsla.pdf
- Velferðarvaktin. (2009b, mars). *Skýrsla vinnuhóps um fjármál heimilanna*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt 6. september 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/FjarmalHeimilaFyrstaSkysrsla.pdf>
- Velferðarvaktin. (2009c, mars). *Vinnuskýrsla hóps um málefni barna*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt 20. október 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/BarnahopurFyrstaSkysrsla.pdf>
- Velferðarvaktin. (2009d, mars). *Vinnuskýrsla hóps um þá sem standa höllum fæti nú eða stóðu höllum fæti fyrir kreppu*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt 20. október 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/HollumFaetiFyrstaSkysrsla.pdf>
- Velferðarvaktin. (2009e, mars). *Skýrsla vinnuhóps um kreppuna og heilsufar*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt 20. október 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/HeilsufarOgKreppaLoka.pdf>
- Velferðarvaktin. (2009f, mars). *Skýrsla vinnuhóps um ungmenni og ungt fólk*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt 20. október 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/UngtFolkFyrstaSkysrsla.pdf>
- Velferðarvaktin. (2009g, mars). *Skýrsla vinnuhóps um fólk án atvinnu*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt 20. október 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/AtvinnulausFyrstaskysrsla.pdf>
- Velferðarvaktin. (2009h, júní). *Stöðuskýrsla vinnuhóps um áhrif efnahagskreppunnar á ungt fólk*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt 20. október 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/27082009_ungtfolk_stoduskysrsla.pdf
- Velferðarvaktin. (2009i, júní). *Stöðuskýrsla vinnuhóps um fólk án atvinnu*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt 20. október 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/27082009_Atvinnulausir_stoduskysrsla.pdf
- Velferðarvaktin. (2009j, júní). *Stöðuskýrsla vinnuhóps um fjármál heimilanna*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt 4. október 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/27082009_Fjarmal_heimilannastoduskysrsla.pdf
- Velferðarvaktin. (2009k, desember). *Grunnþjónustuhópur: Greinargerð um grunnþjónustu og aðferðir við hagræðingu í efnahagsþrengingum*. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/utgafa2010/GreinargerdUmGrunthonustuVelferdarvakt100109.pdf>
- Velferðarvaktin. (2011a). *Áfangaskýrsla samstarfshóps á Suðurnesjum*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Sótt 20. október 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/30062011_Afangaskysrsla_Sudurnes.pdf

- Velferðarvaktin. (2011b). *Stöðuskýrsla vinnuhóps um fjárhagsvanda heimilanna*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Sótt 20. október 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/30062011_Fjarhagsvandi_heimilanna.pdf
- Velferðarvaktin. (2011c). *Áhrif efnahagskreppu á stöðu barna á Íslandi*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Sótt 20. október 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/AfangaskyrslaBarnahopsVor2011.pdf>
- Velferðarvaktin. (2011d). *Áfangaskýrsla Velferðarvaktarinnar frá undirhópi um þá sem standa höllum fæti*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Sótt 20. október af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/AfangaskyrslaHollunFaetiVor2011.pdf>
- Velferðarvaktin. (2011e). *Samantekt frá vinnuhópi stýrihóps Velferðarvaktarinnar um fólk án atvinnu*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Sótt 2. október 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/AfangaskyrslaFolkAnAtvinnuVor2011.pdf>
- Velferðarvaktin. (2011f). *Stöðuskýrsla vinnuhóps um fjárhagsvanda heimilanna*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Sótt 2. október 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/30062011_Fjarhagsvandi_heimilanna.pdf
- Velferðarvaktin. (2012a). *Félagsvísar, fyrsta útgáfa*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Sótt 24. september af http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur2012/Felagsvisar_20022012.pdf
- Velferðarvaktin. (2012b). *Suðurnesjavaktin - Áfangaskýrsla*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Sótt 1. október 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/Afangaskyrsla_Sudurnesjavaktar03072012.pdf
- Velferðarvaktin. (2013). *Suðurnesjavaktin - Áfangaskýrsla*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Sótt 1. nóvember 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/Afangaskyrsla-Sudurnesjavaktarinnar-2013.pdf
- Verkefnaskrá ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna. (2009). Sótt 2. júní 2014 af http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/Verkefnaskra_rikisstjornar.pdf
- Vinnumálastofnun. (2008). *Ársskýrsla*. Reykjavík: Höfundur.
- Vinnumálastofnun. (2013, nóvember). *Aukið samstarf Vinnumálastofnunar og sveitarfélaganna um starfsráðgjöf og atvinnuleit undir heitinu Stígur*. Sótt 1. nóvember 2014 af <http://www.vinnumalastofnun.is/um-okkur/frettir/2013/11/aukid-samstarf-vinnumalastofnunar-og-sveitarfelaganna-um-starfsradgjof-og-atvinnuleit-undir-heitinu-stigur>
- Þingskjal 714. (2009-2010). *Skýrsla Árna Páls Árnasonar félags- og tryggingamálaráðherra um Velferðarvaktina*. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/138/s/0714.html>
- Þingskjal 736. (2010-2011). *Tillaga til þingsályktunar um menntun og atvinnusköpun ungs fólks*. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/139/s/0736.html>
- Þingskjal 912. (2010-2011). *Skýrsla velferðarráðherra um fæðingar- og foreldraorlof*. Sótt af http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/Faedingar_og_foreldraorlofSept2011_Althingi.pdf



Þingskjal 1116. (2012-2013). *Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almennatrygginga og félagslegan stuðning*. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/141/s/1116.html>

Þingskjal 643. (2013-2014). Svar félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni um vinnumarkaðsúrræðin. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/143/s/pdf/0643.pdf>

VIÐAUKI 1: BAKGRUNNSGREINING Á SVÖRUM Í KÖNNUN MEÐAL SAMSTARFSADILA

Tafla i. Hefur þú heyrt um Velferðarvaktina?

	Já	Nei	Fjöldi	Já, hef heyrt um velferðarvaktina
Heild	79%	21%	737	79%
Kyn				
Karl	82%	18%	194	82%
Kona	78%	22%	543	78%
Aldur				
22-39 ára	69%	31%	134	69%
40-49 ára	76%	24%	196	76%
50-59 ára	84%	16%	258	84%
60-79 ára	85%	15%	149	85%
Starfssvið				
Félagsþjónusta sveitarfélaga	92%	8%	63	92%
Heilbrigðisþjónusta	66%	34%	47	66%
Menntun og fræðsla	74%	26%	286	74%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnum	87%	13%	109	87%
Önnur opinber þjónusta	78%	22%	96	78%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	92%	8%	60	92%
Annað svið eða utan vinnumarkaðar	69%	31%	48	69%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla ii. Hversu vel eða illa þekkir þú störf Velferðarvaktarinnar?

	Mjög vel	Frekar vel	Hvorki vel né illa	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi	Mjög eða frekar vel
Heild	5%	22%	37%	26%	10%	581	27%
Kyn							
Karl	6%	23%	30%	27%	14%	159	29%
Kona	5%	22%	40%	26%	8%	422	26%
Aldur							
22-39 ára	5%	15%	35%	34%	10%	91	21%
40-49 ára	5%	26%	34%	22%	11%	148	32%
50-59 ára	2%	21%	41%	27%	8%	216	24%
60-79 ára	8%	24%	34%	24%	10%	126	32%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga	7%	28%	33%	28%	5%	58	34%
Heilbrigðisþjónusta	3%	16%	29%	32%	19%	31	19%
Menntun og fræðsla	1%	18%	39%	28%	14%	212	19%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnum	7%	28%	34%	28%	3%	94	35%
Önnur opinber þjónusta	8%	20%	44%	23%	5%	75	28%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	11%	35%	35%	11%	9%	55	45%
Annað svið eða utan vinnumarkaðar	3%	15%	33%	33%	15%	33	18%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla iii. Finnst þér Velferðarvaktin hafa skipt miklu eða litlu máli fyrir íslenskt samfélag fyrstu árin eftir efnahagshrun?

	Mjög miklu máli	Frekar miklu máli	Hvorki miklu né litlu máli	Frekar litlu máli	Mjög litlu eða engu máli	Fjöldi	Mjög eða frekar miklu máli
Heild	12%	41%	29%	12%	7%	441	52%
Kyn							
Karl	7%	37%	33%	14%	9%	114	44%
Kona	13%	42%	27%	12%	6%	327	55%
Aldur							
22-39 ára	15%	35%	27%	15%	8%	62	50%
40-49 ára	15%	34%	29%	15%	6%	112	49%
50-59 ára	9%	44%	31%	9%	6%	169	53%
60-79 ára	11%	45%	23%	13%	7%	98	56%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga	15%	42%	29%	12%	2%	52	58%
Heilbrigðisþjónusta	9%	39%	22%	22%	9%	23	48%
Menntun og fræðsla	10%	47%	29%	9%	5%	152	57%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnum	8%	30%	33%	21%	8%	73	38%
Önnur opinber þjónusta	5%	49%	26%	12%	7%	57	54%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	24%	40%	20%	9%	7%	45	64%
Annað svið eða utan vinnumarkaðar	20%	20%	36%	16%	8%	25	40%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla iv. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að vinna bug á fátækt?

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki mikla né litla áherslu	Frekar litla áherslu	Mjög litla eða enga áherslu	Fjöldi	Mjög eða frekar mikla áherslu
Heild	6%	23%	21%	31%	19%	743	29%
Kyn							
Karl	9%	27%	22%	25%	17%	194	36%
Kona	5%	22%	21%	33%	20%	549	27%
Aldur							
22-39 ára	3%	18%	24%	34%	21%	128	21%
40-49 ára	4%	24%	20%	32%	20%	196	28%
50-59 ára	7%	23%	22%	31%	17%	267	30%
60-79 ára	10%	26%	17%	27%	20%	150	36%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga	6%	27%	19%	34%	14%	64	33%
Heilbrigðisþjónusta	2%	9%	30%	36%	23%	47	11%
Menntun og fræðsla	5%	25%	19%	30%	20%	293	30%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnum	8%	25%	28%	24%	14%	106	34%
Önnur opinber þjónusta	4%	20%	14%	43%	19%	95	24%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	18%	27%	20%	23%	12%	60	45%
Annað svið eða utan vinnumarkaðar	2%	22%	24%	26%	26%	46	24%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla v. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að styðja við efnalitlar barnafjölskyldur?

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki mikla né litla áherslu	Frekar litla áherslu	Mjög litla eða enga áherslu	Fjöldi	Mjög eða frekar mikla áherslu
Heild	7%	29%	18%	29%	17%	743	36%
Kyn							
Karl	11%	34%	20%	22%	14%	195	45%
Kona	6%	27%	17%	31%	19%	548	33%
Aldur							
22-39 ára	5%	29%	16%	34%	16%	125	34%
40-49 ára	6%	30%	17%	28%	19%	199	36%
50-59 ára	8%	30%	17%	29%	16%	265	38%
60-79 ára	11%	26%	20%	26%	18%	152	36%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga	8%	32%	15%	29%	15%	65	40%
Heilbrigðisþjónusta	4%	17%	19%	36%	23%	47	21%
Menntun og fræðsla	7%	28%	18%	29%	19%	292	34%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	12%	33%	20%	27%	8%	107	45%
Önnur opinber þjónusta	4%	28%	17%	34%	17%	96	32%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	16%	31%	16%	21%	15%	61	48%
Annað sv. ið eða utan vinnmarkaðar	4%	29%	18%	27%	22%	45	33%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla vi. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að styðja við efnalítið fólk í húsnæðisvanda?

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki mikla né litla áherslu	Frekar litla áherslu	Mjög litla eða enga áherslu	Fjöldi	Mjög eða frekar mikla áherslu
Heild	5%	19%	19%	31%	26%	738	24%
Kyn							
Karl	6%	24%	19%	31%	21%	196	30%
Kona	4%	18%	19%	32%	27%	542	22%
Aldur							
22-39 ára	3%	17%	20%	32%	28%	127	20%
40-49 ára	3%	23%	18%	33%	24%	195	26%
50-59 ára	5%	19%	18%	31%	27%	265	24%
60-79 ára	7%	18%	21%	29%	25%	149	26%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga	3%	26%	17%	28%	26%	65	29%
Heilbrigðisþjónusta	2%	15%	17%	38%	28%	47	17%
Menntun og fræðsla	5%	19%	19%	32%	26%	286	23%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	7%	24%	15%	33%	21%	105	30%
Önnur opinber þjónusta	4%	16%	19%	34%	27%	96	20%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	8%	15%	34%	22%	20%	59	24%
Annað sv. ið eða utan vinnmarkaðar	2%	28%	15%	28%	28%	47	30%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla vii. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að draga úr lækningakostnaði sjúklinga sem glíma við alvarlega langvinna sjúkdóma?

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki mikla né litla áherslu	Frekar litla áherslu	Mjög litla eða enga áherslu	Fjöldi	Mjög eða frekar mikla áherslu
Heild	3%	12%	17%	29%	38%	716	15%
Kyn							
Karl	4%	11%	24%	33%	29%	189	14%
Kona	3%	12%	15%	27%	42%	527	16%
Aldur							
22-39 ára	2%	12%	20%	31%	36%	118	14%
40-49 ára	3%	13%	13%	28%	43%	194	16%
50-59 ára	4%	8%	19%	31%	39%	259	12%
60-79 ára	6%	15%	20%	25%	35%	143	20%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga	5%	10%	8%	40%	37%	62	15%
Heilbrigðisþjónusta	2%	4%	13%	36%	45%	47	6%
Menntun og fræðsla	4%	11%	18%	27%	40%	280	15%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	5%	17%	18%	34%	26%	102	22%
Önnur opinber þjónusta	2%	11%	19%	28%	40%	94	13%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	5%	14%	27%	20%	34%	56	20%
Annað sv. ið eða utan vinnumarkaðar	0%	12%	19%	19%	51%	43	12%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla viii. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að tryggja að öll börn fái hádegismat í grunnskólum landsins?

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki mikla né litla áherslu	Frekar litla áherslu	Mjög litla eða enga áherslu	Fjöldi	Mjög eða frekar mikla áherslu
Heild	11%	30%	24%	17%	19%	665	40%
Kyn							
Karl	8%	27%	28%	18%	19%	167	35%
Kona	12%	31%	23%	16%	19%	498	42%
Aldur							
22-39 ára	6%	27%	29%	15%	23%	98	33%
40-49 ára	11%	28%	20%	20%	20%	181	39%
50-59 ára	10%	27%	27%	18%	19%	242	36%
60-79 ára	15%	39%	22%	11%	13%	142	54%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga	11%	34%	23%	16%	16%	56	45%
Heilbrigðisþjónusta	10%	23%	28%	21%	18%	39	33%
Menntun og fræðsla	12%	32%	22%	17%	18%	278	44%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	8%	34%	27%	12%	18%	99	42%
Önnur opinber þjónusta	9%	21%	29%	22%	20%	82	29%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	16%	16%	24%	26%	18%	50	32%
Annað sv. ið eða utan vinnumarkaðar	6%	32%	21%	9%	32%	34	38%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla ix *Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að tryggja geðheilbrigðisþjónustu við börn?*

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki mikla né litla áherslu	Frekar litla áherslu	Mjög litla eða enga áherslu	Fjöldi	Mjög eða frekar mikla áherslu
Heild	3%	9%	18%	31%	39%	677	12%
Kyn							
Karl	3%	9%	27%	31%	30%	178	12%
Kona	3%	8%	15%	31%	42%	499	11%
Aldur							
22-39 ára	1%	9%	19%	30%	40%	99	10%
40-49 ára	2%	10%	13%	28%	47%	188	12%
50-59 ára	3%	7%	21%	31%	38%	245	10%
60-79 ára	5%	9%	21%	34%	31%	143	14%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga	6%	5%	20%	30%	39%	64	11%
Heilbrigðisþjónusta	2%	9%	23%	28%	37%	43	12%
Menntun og fræðsla	2%	7%	16%	32%	43%	275	9%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	3%	13%	18%	31%	36%	95	16%
Önnur opinber þjónusta	2%	10%	16%	35%	37%	82	12%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	4%	13%	24%	27%	33%	55	16%
Annað sv. ið eða utan vinnumarkaðar	0%	11%	28%	19%	42%	36	11%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla x. *Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að móta heildstæða stefnu í húsnæðismálum?*

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki mikla né litla áherslu	Frekar litla áherslu	Mjög litla eða enga áherslu	Fjöldi	Mjög eða frekar mikla áherslu
Heild	2%	13%	22%	29%	34%	717	16%
Kyn							
Karl	4%	11%	21%	26%	38%	192	15%
Kona	2%	14%	22%	30%	32%	525	16%
Aldur							
22-39 ára	3%	13%	18%	35%	29%	119	17%
40-49 ára	1%	17%	20%	28%	34%	192	18%
50-59 ára	3%	11%	21%	31%	34%	258	14%
60-79 ára	3%	13%	27%	22%	35%	146	16%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga	3%	10%	24%	36%	26%	58	14%
Heilbrigðisþjónusta	2%	5%	14%	34%	45%	44	7%
Menntun og fræðsla	2%	15%	22%	26%	35%	282	16%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	2%	17%	21%	30%	29%	103	19%
Önnur opinber þjónusta	0%	15%	20%	29%	35%	93	15%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	7%	12%	29%	26%	26%	58	19%
Annað sv. ið eða utan vinnumarkaðar	4%	13%	17%	24%	41%	46	17%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla xi. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að greina fjárhagsstöðu heimila með heildstæðum hætti?

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki mikla né litla áherslu	Frekar litla áherslu	Mjög litla eða enga áherslu	Fjöldi	Mjög eða frekar mikla áherslu
Heild	6%	28%	20%	22%	24%	727	34%
Kyn							
Karl	11%	25%	21%	18%	25%	194	36%
Kona	4%	29%	20%	23%	24%	533	33%
Aldur							
22-39 ára	8%	33%	20%	21%	18%	122	41%
40-49 ára	5%	27%	16%	24%	27%	197	32%
50-59 ára	5%	27%	20%	23%	25%	255	32%
60-79 ára	7%	27%	25%	18%	24%	151	34%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga	6%	28%	16%	20%	30%	64	34%
Heilbrigðisþjónusta	2%	20%	22%	29%	27%	45	22%
Menntun og fræðsla	4%	26%	18%	25%	27%	285	30%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	8%	32%	22%	23%	15%	106	41%
Önnur opinber þjónusta	5%	30%	22%	19%	23%	94	35%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	11%	38%	21%	13%	18%	56	48%
Annað sv. ið eða utan vinnumarkaðar	7%	30%	20%	18%	25%	44	36%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla xii. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að tryggja öllum nemendum á framhaldsskólaaldri skólavist?

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki mikla né litla áherslu	Frekar litla áherslu	Mjög litla eða enga áherslu	Fjöldi	Mjög eða frekar mikla áherslu
Heild	14%	40%	24%	13%	10%	700	53%
Kyn							
Karl	13%	40%	26%	13%	8%	189	52%
Kona	14%	40%	23%	13%	10%	511	53%
Aldur							
22-39 ára	5%	36%	33%	14%	12%	110	42%
40-49 ára	11%	41%	26%	13%	10%	188	52%
50-59 ára	18%	40%	22%	12%	9%	250	57%
60-79 ára	17%	39%	21%	13%	9%	150	56%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga	10%	32%	29%	19%	10%	59	42%
Heilbrigðisþjónusta	10%	33%	26%	19%	12%	42	43%
Menntun og fræðsla	15%	40%	22%	12%	12%	286	55%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	18%	38%	25%	14%	4%	99	57%
Önnur opinber þjónusta	7%	49%	27%	12%	6%	90	56%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	22%	40%	18%	13%	7%	55	62%
Annað sv. ið eða utan vinnumarkaðar	10%	37%	34%	12%	7%	41	46%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla xiii. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að bjóða upp á sumarstörf fyrir ungt fólk?

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki mikla né litla áherslu	Frekar litla áherslu	Mjög litla eða enga áherslu	Fjöldi	Mjög eða frekar mikla áherslu
Heild	9%	29%	24%	20%	18%	716	38%
Kyn							
Karl	8%	31%	28%	19%	15%	189	39%
Kona	9%	29%	23%	20%	19%	527	38%
Aldur							
22-39 ára	9%	38%	19%	19%	15%	117	47%
40-49 ára	7%	26%	23%	21%	22%	189	34%
50-59 ára	8%	30%	23%	20%	18%	261	38%
60-79 ára	12%	26%	31%	19%	12%	147	37%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga	12%	27%	17%	30%	15%	60	38%
Heilbrigðisþjónusta	4%	11%	41%	22%	22%	46	15%
Menntun og fræðsla	8%	25%	24%	21%	22%	291	32%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	11%	43%	19%	21%	7%	101	53%
Önnur opinber þjónusta	5%	38%	24%	17%	15%	94	44%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	13%	30%	28%	13%	15%	53	43%
Annað sv. ið eða utan vinnumarkaðar	10%	34%	22%	15%	20%	41	44%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla xiv. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að efla starfsendurhæfingu fyrir fólk í atvinnuleit?

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki mikla né litla áherslu	Frekar litla áherslu	Mjög litla eða enga áherslu	Fjöldi	Mjög eða frekar mikla áherslu
Heild	9%	44%	22%	15%	9%	718	54%
Kyn							
Karl	9%	42%	26%	14%	9%	192	51%
Kona	10%	45%	21%	15%	10%	526	55%
Aldur							
22-39 ára	9%	41%	23%	17%	11%	123	50%
40-49 ára	9%	43%	21%	16%	11%	184	52%
50-59 ára	9%	46%	23%	13%	10%	261	55%
60-79 ára	12%	44%	23%	14%	7%	148	56%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga	10%	51%	14%	17%	8%	63	60%
Heilbrigðisþjónusta	7%	35%	30%	19%	9%	43	42%
Menntun og fræðsla	9%	44%	26%	13%	9%	276	53%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórn	9%	53%	19%	14%	5%	105	62%
Önnur opinber þjónusta	9%	45%	20%	17%	8%	98	54%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	19%	29%	22%	16%	14%	58	48%
Annað sv. ið eða utan vinnumarkaðar	11%	38%	18%	16%	18%	45	49%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla xv. Telur þú að stjórnvöld hafi lagt mikla, litla eða enga áherslu á að fá foreldra til samstarfs við hagræðingu í skólastarfi?

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki mikla né litla áherslu	Frekar litla áherslu	Mjög litla eða enga áherslu	Fjöldi	Mjög eða frekar mikla áherslu
Heild	3%	11%	34%	25%	28%	633	14%
Kyn							
Karl	4%	5%	38%	25%	28%	170	9%
Kona	2%	13%	32%	25%	28%	463	15%
Aldur							
22-39 ára	3%	12%	35%	26%	24%	93	15%
40-49 ára	2%	11%	31%	21%	35%	179	13%
50-59 ára	2%	8%	36%	27%	27%	229	10%
60-79 ára	5%	16%	32%	25%	22%	131	21%
Starfssvið							
Félagsþjónusta sveitarfélaga	2%	13%	38%	15%	32%	47	15%
Heilbrigðisþjónusta	0%	5%	45%	26%	24%	38	5%
Menntun og fræðsla	3%	13%	27%	27%	31%	275	16%
Opinber þjónusta í ráðuneytum eða sveitarstjórnnum	3%	11%	38%	25%	24%	93	14%
Önnur opinber þjónusta	1%	12%	39%	30%	18%	77	13%
Félagasamtök (t.d. fagfélag, stéttarfélag)	2%	9%	37%	30%	22%	46	11%
Annað sv. ið eða utan vinnumarkaðar	3%	3%	46%	11%	37%	35	6%

0% 25% 50% 75% 100%

VIÐAUKI 2: BAKGRUNNSGREINING Á SVÖRUM Í KÖNNUN MEÐAL ALMENNINGS

Tafla i. Hefur þú heyrt um Velferðarvaktina?

	Já	Nei	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Já
Heild	24%	76%	876	877	24%
Kyn					
Karl	22%	78%	434	445	22%
Kona	26%	74%	442	432	26%
Aldur***					
18-29 ára	5%	95%	187	133	5%
30-44 ára	18%	82%	262	259	18%
45-59 ára	36%	64%	217	254	36%
60 ára og eldri	36%	64%	209	231	36%
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	25%	75%	562	579	25%
Landsbyggð	23%	77%	314	298	23%
Hjúskaparstaða***					
Einhley p(ur)	11%	89%	157	113	11%
Í sambúð	18%	82%	199	187	18%
Í hjónabandi/staðfestri samvist	33%	67%	383	439	33%
Skilin(n) eða ekill/ekkja	23%	77%	103	105	23%
Börn á heimili***					
Engin börn á heimilinu	28%	72%	470	468	28%
Börn á heimilinu	19%	81%	378	381	19%
Menntun***					
Grunnskólanám	17%	83%	314	110	17%
